



**SAMKYNHNEIÐ**  
TABÚ VÍÐA Í AFRIKU  
▶ 32



**UMTBS SNÝR**  
AFTUR MEÐ  
NÝJA PLÖTU  
▶ 20



Tyrfigur  
Tyrfingsson  
**RÍSANDI**  
STJARNA  
Í LEIKHÚS-  
HEIMINUM  
▶ 30

# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
8. febrúar 2014  
33. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FYNDNASTI ÍSLENDINGURINN

**Ari Eldjárn** er fyndnasti Íslendingurinn samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Fjögur ár eru síðan Ari ákvað að gera uppstandið að lifibrauði en hann veit fátt skemmtilegra en að fá fólk til að hlæja. ▶ 22



**SONARMISSIR OG VEIKINDI**  
Guðbjörg Magnúsdóttir syngur í Eurovision í kvöld en hún á að baki þungbæra reynslu. ▶ 26



**SMÍÐAR EIGIN**  
TROMMUSETT  
▶ 70



**TÍSKA 2014**  
Línurnar lagðar  
í Skandinavíu.  
▶ 28

**FÓLK**  
**BADHERBERGI**



Karen Elisabet Halldórsdóttir  
2. sætið í Kópavogi  
Sjálfstæðisflokkurinn



Sushi allan  
sólarhringinn!

OPPIÐ  
**24**  
TÍMA

**Iceland**



Áfram

1. sætið

Ármann Kr.  
Ólafsson

Í dag er kosið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi að Hlíðarsmára 19.

VETRARÓLYMPIULEIKARNIR  
SETTIR 4

Leiðtogar frá Bandaríkjunum, Pýskalandi, Frakklandi og Bretlandi sniðganga Vetrarólympíuleikana í Sotsji, sem voru settir í gær.

## STÖÐVA URRÍÐADRÁP 6

Hugmyndir eru uppi um að banna veiði á stórrurriða í Þingvallavatni með öðru en flugu í maí til að verja stofninn.

## GETA EKKI BÓKAÐ SÆTI 8

Fólk í hjólastól getur ekki bókað flugsæti fyrirfram í leiguflogi á vegum ferðaskrifstofunnar Víta.

## KEMUR Á ÓVART 12

Gagnrýni tveggja lækna á breytt skipulag leitar að leghálskrabbameini kemur yfir lækni hjá Krabbameinsfélaginu á óvart.



## SKOÐUN 16→18

FRÁLEITT AÐ RÆÐA EKKI KOSTNAÐAR-  
HLIÐINA 16

Þorsteinn Pálsson um tvær hliðar á flugvallarmálinu.

## TAPIÐ Í PISA 18

Ásgeir Beinteinsson um grunnskóla og námsárangur.



## HELGIN 20→44

5 RÁÐ TIL AÐ MINNKA  
SYKURNEYSLUNA 20

Fæðute Gundir sem auðvelda þér að losna við sykurlöngunina.

GLAPRÆÐI AÐ AFNEMA  
VERÐTRYGGINGUNA STRAX 36

Alþingismaðurinn Brynjar Níelsson er með ákveðnar skoðanir um þjóðmálin.

## URÐU FÍKNINI AÐ BRÁÐ 38

Hæfileikafólk sem lést langt fyrir aldur fram.

## STRÍÐ Í PÚSUND DAGA 40

Flækjusaga Illuga Jökulssonar fjallar um skáldsöguna Hundrað ára einsemd eftir Gabriel García Marquez.

## VINABEIÐNIRNAR STREYMA INN 42

Töframaðurinn Hermann Helenuson sló í gegn af sjónvarpinu.



## MENNING 54→70



## SYNDSAMLEGAR SÚKKULADIKÚLUR 59

Uppskrift að ljúffengum konfektum frá Guðlaugu Jökulsdóttur.

## HALDA TANTRANÁMSKEIÐ 60

Hjónin Serafim Hólm og Magdalena vilja lyfta kynlífi á hærra plan.

## FLUTT AFTUR TIL ÍSLANDS 70

Leonie stígur á svið á Gauknum í kvöld.

## SPORT 62→64

## STÓRSLAGUR Í ENSKA BOLTANUM 62

Liverpool tekur á móti Arsenal í stórleik helgarinnar. Það er að duga eða drepast fyrir leikmenn Arsenal.

## BITIÐ Á JAXLINN 64

Jón Arnór Stefánsson fékk næringu í æð daginn fyrir leik í átta liða úrslitum spænsku bikarkeppinnar í körfubolta.



## FIMM Í FRÉTTUM OSTUR, KARLREMBBA OG MISSKILNINGUR Á ÞINGI



**Ádalheiður Steingrimsdóttir**, formaður Félags framhaldsskólakennara, hefur vakið athygli fyrir skeleggan málflutning í kjaradeilunni við ríkið. Hún sagði meðal annars að kennurum hefði misboðið innlegg menntamálaráðherra í málið þar sem hann talaði fyrir breytingum á framhaldsskólakerfinu.



**Nanna Atladóttir** vakti athygli þegar hún tjáði sig opinberlega um kvenfyrirlitningu sem hún upplifði á vinnustað sínum, Heilsugæslunni í Laugarási.



**Sigurður Ingi Þórðarson**, einnig þekktur sem Siggi hakkari, var í vikunni dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn unglingspilti, en í kjölfar dómsins var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna annarra og alvarlegru kynferðisbrota gegn nokkrum piltum.



**Finnur Árnason**, forstjóri Haga, óskaði eftir því við atvinnu- og nýsköpunaráðuneytið að tollar yrðu afnumdir á innflutning á ostum úr geita-, ær- og buffalamjólk.



→ **Birgitta Jónsdóttir** ætlar að reyna að fá atkvæðinu, sem hún greiddi lögum um almannaþryggingar, breytt eftir að í ljós kom að með þeim fær Tryggingastofnun auknar heimildir til eftirlits með bótaumsækjendum.

## Hjördís höfð í gæsluvarðhaldi í Horsens

Hjördís Svan Ádalheiðardóttir var leidd fyrir dómara í gærmorgun vegna ákæru um mannrán eftir að hún flutti dætur sínar þrjár brott frá Danmörku. Lögmaður barnsföðurins telur eðlilegt að barnaverndaryfirvöld afhendi föðurnum börnin.

**DÓMSMÁL** Hjördís Svan Ádalheiðardóttir situr nú í gæsluvarðhaldi í Danmörku og hefur gert síðan á síðastliðinn miðvikudag. Þá var hún sótt hingað til lands af tveimur dönskum lögreglumönnum og flutt til Danmerkur eftir að norræn handtökuskipun var gefin út á hendur henni.

Hjördís er ákærð fyrir mannrán eftir að hafa flutt dætur sínar ólöglega brott frá Danmörku til Íslands í ágúst síðastliðnum. Hjördís hefur staðið í áralangri forræðisdeilu við danskan barnsföður sinn, Kim Gram Laursen, og hefur nú í fjórgang flutt börnin ólöglega frá Danmörku. Danskir dómstólar veittu Laursen fullt forræði yfir börnunum árið 2012.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var Hjördís leidd fyrir dómara í gærmorgun í Horsens á Jótlandi en þar bjó hún ásamt barnsföður og börnum áður en til forræðisdeilunnar kom. Sömu heimildir herma að dómarrinn hafi gefið í skyn að börnin verði sótt til Íslands á meðan Hjördís situr í gæsluvarðhaldi, og flutt til Danmerkur og afhent föður sínum.

Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður Kims Gram Laursen, barnsföður Hjördísar, staðfesti við Fréttablaðið að Hjördís hefði fengið þrjátíu daga farþann. Þykir henni því eðlilegt að börnin verði nú þegar flutt til Danmerkur, en þau eru hér á Íslandi í umsjá móður-ömmu sinnar.

„Íslenskum barnaverndaryfirvöldum hlýtur að vera skylt að sjá til þess að börnin fari til forsjarforeldris,“ segir Lára. „Þetta er



**BÖRNIN TEKIN** Sumarið 2012 fjarlægði lögregla þrjú börn Hjördísar Svan Ádalheiðardóttur í kjölfar úrskurðar dómstóla í forræðisdeilu hennar og Kims Laursen.

glæný staða, börnin hafa ekki lögheimili á Íslandi og hvorugt foreldra statt á landinu.“

Lára vísar til 15. greinar barnaverndarlaga. Þar kemur fram að ef barn á ekki lögheimili á Íslandi eða er á landinu án forsjaradila sinna skuli barnaverndarnefnd í umdæmi þar sem barn dvelst eða er sett fara með mál þess. Barnaverndarnefnd fer þá með umsjá barnsins og ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hagsmuni þess.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, vildi lítið tjá sig um málið fyrr en erindið bærist á borð stofnunarinnar. „Ég vil ekki tjá mig á þessu stigi um þessa



„Íslenskum barnaverndaryfirvöldum hlýtur að vera skylt að sjá til þess að börnin fari til forsjarforeldris.“

Lára V. Júlíusdóttir lögmaður Kims Gram Laursen

afstöðu [lögmannsins]. Það getur verið að málið komi til barnaverndarnefndar en það er ekki sjálfgefið að það muni ganga eftir,“ segir Bragi. erlabjorg@frettabladid.is

Blaðamannaverðlaunin vegna ársins 2013 verða afhent hinn 15. febrúar:  
365 með fjórar tilnefningar

**FJÖLMIDLAR** Blaðamannaverðlaunin verða afhent í Gerðarsafni laugardaginn 15. febrúar. Þrjár tilnefningar eru í fjórum flokkum, og eru blaðamenn á fréttastofu 365 miðla tilnefndir til verðlauna í öllum fjórum flokkunum.

Tilnefnd til blaðamannaverðlauna ársins eru þau Svavar Hávarðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu, Bergljót Baldursdóttir, fréttakona á RÚV, og Helgi Seljan, fréttamaður Kastljóss.

Í flokknum viðtal ársins er Stígur Helgason tilnefndur fyrir viðtal við Maríu Rut Kristinsdóttur fyrir Fréttablaðið. Kristjana Guðbrandsdóttir, blaðamaður DV, er tilnefnd fyrir viðtal við Gunnar Smára Egilsson. Þá er Orri Páll Ormarsson, blaðamaður Morgunblaðsins, tilnefndur fyrir viðtal við Eypór Egilsson.

Fyrir rannsóknarblaðamennsku eru tilnefnd þau Eva Bjarnadóttir fyrir umfjöllun um nauðungarvistun geðsjúkra fyrir Fréttablaðið. Jón Bjarki Magnússon og Jóhann Páll Jóhannsson, blaðamenn DV, eru tilnefndir fyrir umfjöllun um hælisleitendur. Blaðamaður Kjarnans, Ægir Þór Eysteinnsson, er tilnefndur fyrir samantekt á starfsemi Sparisjóðs Keflavíkur.

Í flokknum umfjöllun ársins 2013 er Fréttastofa 365 tilnefnd fyrir fréttaflutning af skotárás í Hraunbæ. Þá er ritstjórn Kastljóss tilnefnd fyrir umfjöllun um kynferðisbrot og ritstjórn RÚV fyrir umfjöllun fyrir



**UMFJÖLLUN** Fréttastofa 365 er tilnefnd í heild sinni fyrir umfjöllun um skotárás í Hraunbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

NÝTT  
Í GOLFFERÐUMBetri Ferðir ehf  
BJÓÐA ÚRVALS GOLFFERÐIR

Við eigum ennþá eftir nokkur sæti í Páskagolfferð til:

- Parísar 11.-21. apríl
- La Sella á Spáni 26. apríl – 3. maí

Við bjóðum einnig í 12 mánuði á ári, 6 golfvelli í nágrenni Gatwick, London og 2 golfvelli við Charles de Gaulle, París. FRÁBÆR VERÐ!

Skotið heimasíðu okkar: [www.betrierdir.is](http://www.betrierdir.is)  
Sími 8962245 eða netfang bse@mi.is



Electrolux



Electrolux

5 ÁRA  
ÁBYRGD

30 DAGA  
SKILARETTUR

Þvottavél

69.900 kr

Electrolux þvottavél  
6 kg, 1000 snúninga

# VARANLEG VERÐLÆKKUN Á HEIMILISTÆKJUM

Electrolux



Electrolux

5 ÁRA  
ÁBYRGD

30 DAGA  
SKILARETTUR

Purrkari

76.900 kr

Electrolux purrkari  
með barka



5 ÁRA  
ÁBYRGD

30 DAGA  
SKILARETTUR

Frystikista

43.900 kr

Frigor 103 ltr.



Electrolux

5 ÁRA  
ÁBYRGD

30 DAGA  
SKILARETTUR

Ofn

77.900 kr

Electrolux ofn  
74 ltr

Blástursofn  
EOB 3410COX  
74 ltr, UltraFanPlus hitakerfi, orkunýting A.  
1860230

Electrolux



Hillurekki

2.595 kr

Solid 50 150x75x30  
4 hillur x 50kg

Hillurekki

4.495 kr

Solid 60 170x75x30  
4 hillur x 60kg

Veggmáling

3.995 kr

ÓDÝRT



Ímpra vegg máling 10 ltr  
Mött vegg máling til notkunar innanhúss.  
Gljástig 5, litur hvítur  
Vnr: 7119964



Slípirokkur

2.490 kr

500W, 115 mm

5245220

Rúllusett

995 kr

25 cm rúlla, bakki og  
handfang



"Elite" rúllusett  
7014822

## FERMINGARHELGI Í Blómavali

MIKID ÚRVAL AF FERMINGARVÖRUM  
Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmabækur,  
áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti,  
hanskar og margt fleira.  
SJÓN ER SÖGUR RÍKARI.

20%  
afsláttur

af allri fermingarvöru  
gegn framvísun  
heimsenda  
fermingarpóstsins  
frá Blómavali

10%  
Aukaafsláttur  
á fermingar-  
sýningunni



Ástareldur  
699 kr  
1.049

POTTAPLÖNTU  
ÚTSÖLUNNI LÝKUR

20-50%  
afsláttur



HANDBÓK  
HÚSASMÍÐJUNNAR  
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ





ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

1.2.2014 → 7.2.2014

19 billjónir króna

hið minnsta telur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að sé efnahagslegur kostnaður af spillingu á aðildarríkjunum.




100.300 kr. greiddi hver erlendur ferðamaður hér á landi að meðaltali með greiðslukortum á síðasta ári.



# Vetrarólympíuleikarnir settir

Sævar Birgisson bar íslenska fánann á setningarathöfninni í Sotsj í gær. Fimm keppendur frá Íslandi tóku sig vel út á Fisht-leikvanginum. Leiðtogar frá Bandaríkjunum, Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi sniðganga leikana. Forseti Íslands veifaði til íslensku keppendanna.

**ÍPRÓTTIR** Setningarathöfn Vetrarólympíuleikanna í Sotsj í Rússlandi fór fram gær og heppnaðist hún vel. Sævar Birgisson, einn af íslensku keppendum á leikunum, var fánaberi, og tók hópurinn sig vel út á Fisht-leikvanginum.



**RÆDDU SAMAN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Vladímír Pútín, forseti Rússlands, hittust í Sotsj í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og kona hans Dorrit Moussaieff, voru viðstödd opunarathöfnina og veifuðu til íslensku keppendanna er þeir gengu inn á leikvanginn. Fyrir athöfnina klæddust þau regnbogalituðum fingravettlingum er þau hitu íslensku íþróttamennina. Sýndu þau þar með stuðning sinn í verki við samkynhneigða en nýleg lög sem banna „áróður“ fyrir málstað samkynhneigðra hafa valdið miklu fjadrafoki. Fyrir um daginn hittu þau Vladímír Pútín, forseta Rússlands, í móttökuathöfn fyrir þá leiðtoga sem mæta á leikana.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra var viðstaddur setningarathöfnina í gær. Í viðtali við Vísir sagðist hann ætla að reyna að koma því á framfæri „ef það er möguleiki til þess“ að honum þyki framkoma Rússa gagnvart samkynhneigðum ógeðfeld.

Margir af æstu leiðtogum hins vestræna heims ætla ekki að láta sjá sig á leikunum. Á meðal þeirra eru Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, Francois Hollande, forseti Frakklands, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, og Joachim Gauck, forseti Þýskalands. Talið er að leiðtogarnir hafi ákveðið að sniðganga leikana vegna viðhorfs rússneskra yfirvalda til samkynhneigðra.

Rússneskir hryðjuverkamenn hafa hótad því að láta til skara skriða á leikunum og er viðbúnaðurinn því mikill í Sotsj. Vladímír Pútín hefur lofað því að fjörutíu þúsund lögreglumenn og hermenn verði til taks meðan á leikunum stendur til að tryggja öryggi allra.

Vetrarólympíuleikarnir í Sotsj standa yfir til 23. febrúar. Samtals verða ellefu aðilar á vegum ÍSÍ á leikunum, þar á meðal íslensku keppendurnir fimm. Auk Sævars eru í hópi keppenda þau Einar Kristinn Kristgeirsson, Brynjar Jökull Guðmundsson, Helga María Vilhjálmsdóttir og Erla Ásgeirsdóttir.

Skipuleggjendur í Sotsj sendu

freyr@frettabladid.is



**ÍSLENSKI HÓPURINN** Íslensku keppendurnir, með fánaberrann Sævar Birgisson í fararbroddi, tóku sig vel út á Fisht-leikvanginum í Sotsj í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Vestrænir leiðtogar sem verða í Sotsj

Thomas Bach forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar  
Albert Mónakóprins Friðrik krónprins Danmerkur Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands Ban Ki-moon framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna Henri fursti í Lúxembor Sauli Niinisto forseti Finnlands

Karolos Papoulias forseti Grikklands Thorbjörn Jagland framkvæmdastjóri Evrópuráðsins Didier Burkhalter forseti Sviss Willem-Alexander konungur Hollands Mark Rutte forsætisráðherra Hollands Werner Faymann kanslari Austurríkis Enrico Letta forsætisráðherra Ítalíu Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra Tyrklands

Karl Gústav Sviakonungur Erna Solberg forsætisráðherra Noregs Jyrki Katainen forsætisráðherra Finnlands Haraldur Noregskonungur Filip Vujanovic forseti Svartfjallalands Tomislav Nikolic forseti Serbíu Algirdas Butkevicius forsætisráðherra Litháens Andris Berzins forseti Lettlands

Plamen Oresharski forsætisráðherra Búlgaríu Adrian Hasler forsætisráðherra Liechtenstein Andrus Ansip forseti Eistlands Milos Zeman forseti Tékklands Serge Sarkisian forseti Armeníu Victor Ponta forsætisráðherra Rúmeníu

Gjorge Ivanov forseti Makedóníu Ivo Josipovic forseti Króatíu Janos Ader forseti Ungverjálans Alexander Lukashenko forseti Hvíta-Rússlands Ivan Gasparovic forseti Slóvakíu Ivice Dacic forseti Serbíu Rosen Plevneliev forseti Búlgaríu

**Komdu í yoga**  
Streitu losandi og betri svefn  
Áhersla á mjóbak og axlir  
Rétt öndun góð slökun


**Yoga I**  
- Ertu með stíðan kropp  
- Ertu í yfirþyngd  
- Ertu að ná þér eftir veikindi  
- Ertu með vefjagigt  
- Ertu komin á efri árin

**Yoga II**  
- Ertu að æfa en vilt ná lengra  
- Meiri liðleiki  
- Meiri styrkur og jafnvægi  
- Yngri og sterkari líkami  
- Með krefjandi yogaæfingum

**Kennt í Sjúkraþjálfaranum Hafnarfirði 691 0381 Kristin Björg**

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**KÓLNAR** Í dag ríkjá yfirleitt NA-áttir og það verður hvassast norðvestan til. Líttir heldur til sunnanlands en horfur á snjókomu eða slýddu víða á norðanverðu landinu. Á morgun kólnar heldur og á mánudag eru horfur á frosti um allt land.

Alicante 19°	Berlín 9°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 20°	New York 0°	París 11°
Apnea 16°	Billund 5°	Gautaborg 4°	London 10°	Orlando 19°	San Francisco 14°
Basel 9°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 17°	Ósló 2°	Stokkhólmur 2°

**Mánudagur**  
Yfirleitt 2-6 m/s.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

Toyota Kaup túni

# 40%

VAXTALAUS LÁN Á  
BETRI NOTUÐUM BÍLUM  
HJÁ TOYOTA KAUP TÚNI

GÆÐALÁN

TOYOTA

BNB

### LAND CRUISER 150

Verðdæmi 8.740.000 kr.  
Með bíl eða peningum 5.244.000 kr.  
Vaxtalaust í 3 ár 3.496.000 kr.  
Afborgun á mánuði 97.111 kr.



### RAV4

Verðdæmi 5.760.000 kr.  
Með bíl eða peningum 3.456.000 kr.  
Vaxtalaust í 3 ár 2.304.000 kr.  
Afborgun á mánuði 64.000 kr.



### AVENSIS

Verðdæmi 4.730.000 kr.  
Með bíl eða peningum 2.838.000 kr.  
Vaxtalaust í 3 ár 1.892.000 kr.  
Afborgun á mánuði 52.555 kr.



### YARIS

Verðdæmi 2.860.000 kr.  
Með bíl eða peningum 1.716.000 kr.  
Vaxtalaust í 3 ár 1.144.000 kr.  
Afborgun á mánuði 31.777 kr.



### Auris

Verðdæmi 3.680.000 kr.  
Með bíl eða peningum 2.208.000 kr.  
Vaxtalaust í 3 ár 1.472.000 kr.  
Afborgun á mánuði 40.888 kr.



### Gæði og ábyrgð án vaxtakostnaðar

Allir bílar hjá Betri notuðum bílum hafa farið í gegnum strangt gæðamat, 125 punkta skoðun og eru í ábyrgð að lágmarki í eitt ár. Það er þess vegna sem við getum boðið þér vaxtalaust lán, sem nemur allt að 40% af kaupverði, þegar þú velur notaðan bíl hjá okkur.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyotakaupuni.is](http://www.toyotakaupuni.is)  
Erum á Facebook - Toyota Kaup túni



Toyota Kaup túni  
Kaup túni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Betri** notaðir bílar Kaup túni

## VEISTU SVARID?



1. Á hvaða afskekktu stað hélt hljómsveitin Mezzoforte tónleika í gær?
2. Hvaða fyrirverandi landsliðsmarkmaður kvenna í handbolta lék óvænt með Val í bikarleik á miðvikudag?
3. Hvað var helst merkilegt við það að víðtal Sveins Arnarsonar hjá vikublaðinu Akureyri var tekið upp af AFP-fréttastofunni?

SVÖR:

1. Sveinbjörn 2. Berglind frá HÍ 3. Þetta var hans fyrsta víðtal fyrir blaðið

Bókaútgefendur er ánægðir með niðurstöður könnunar um jólabækur:

## Útgáfa krefst brjálaðs bókaáhuga

**MENNING** Tveir af hverjum þremur Íslendingum frá 18 ára aldri fengu að minnsta kosti eina bók í jólagjöf um síðustu jól. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Capacent framkvæmdi fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda.

Að meðaltali fengu landsmenn eina og hálfu bók í jólagjöf. „Bókin stendur áfram sterk, þótt að henni sé sótt af alls kyns afþreyingarmiðlum öðrum og við erum kampa-kát með það,“ segir Bryndís Loftsdóttir, starfsmaður félagsins. Í sömu könnun var einnig spurt

um lestur. „Við hefðum viljað sjá lestur aukast, en hann hefur staðið í stað undanfarin ár,“ segir Bryndís. Í ljós kom að meðalfjöldi bóka sem landsmenn lásu í fyrra var rétt rúmlega ellefu. Það er nokkuð minna en árið 2012 þegar meðalfjöldinn var tólf bækur.

„Eftir stendur samt að það er einsdæmi að svo smátt málsamfélag haldi úti jafn stórra og metnaðarfullri bókaútgáfu, en það krefst þessa brjálaða bókaáhuga þjóðarinnar, öðruvísi stenst þetta ekki,“ bætir Bryndís við. -eb



**BÓKIN VINSÆL** Um 20 prósent þáttakenda fengu þrjár eða fleiri bækur í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Merkileg niðurstaða: Merkel er ekki sú vinsælasta

**ÞÝSKALAND** Angelu Merkel Þýskalandskanslara hefur verið steyppt af stóli vinsælasta stjórnmálmanns landsins í fyrsta skipti í tvö ár.

Í skoðanakönnun sem Spiegel segir frá, segjast 70 prósent vera ánægð með störf Frank-Walters Steinmeier utanríkisráðherra. Merkel er einu prósentustigi á eftir Steinmeier.

Hann hefur setið í embætti síðan flokkur hans, Jafnaðarmannaflokkurinn, kom inn í stjórnina í desember. -bj

Landsbankamál fyrir dóm: Sigurjón og Elín segjast saklaus

**DÓMSMÁL** Mál sérstaks saksóknara gegn Sigurjóni Arnasyni og Elínu Sigfúsdóttur var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í morgun. Þau eru ákærð fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína og stefnt fé Landsbankans í mikla hættu með því að veita ábyrgðir fyrir lánnum án heimilda. Þau lýsa bæði yfir sakleysi sínu í málinu.

Milliþinghald fer fram 18. mars næstkomandi, en ólíklegt þykir að aðalmeðferð fari fram fyrir dómhlé næsta sumar. -js

Nýr framkvæmdastjóri:

Þórður ráðinn til Sjálfstæðisflokks

**STJÓRNMÁL** Þórður Þórarinnsson stjórnmálafræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann tekur við af Jónmundi Guðmarssyni.

Þórður hefur undanfarin níu ár verið framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins en það er samstarfsvettvangur Alþingis, Landsþings Grænlands og Lögþings Færeyja. Þá tók hann þátt í ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins sem formaður Heimdallar og stjórnarmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna. -bp, eb

## TYRKLAND

Sprenghótun í flugvél

Tyrknesk yfirvöld handtóku í gærkvöld mann sem reyndi að ræna flugvél og neyða hana til borgarinnar Sotsjí. Maðurinn hótaði að sprengja vélina, en hún lenti að lokum örugglega í Istanbul.

Skattur stenst ekki lög: Efasemdir um bankaskatt á þrotabú banka

**VIÐSKIPTI** Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður hefur efasemdir um að bankaskattur geti notið forgangs í þrotabúum föllnu bankanna þar sem lög in voru ekki til þegar slitameðferð þeirra byrjaði. Skattlagningin sé því ekki annað en eignaupptaka.

Ragnar telur einsýnt að dómstólar dæmi skattinn ólögmetan, en slitastjórn Kaupþings ætlar að láta reyna á lögmeti skattsins fyrir dómstólum.

Hæstiréttur kvað upp dóm á þriðjudag þar sem segir að opinber gjöld sem lögð eru á þrotabú vegna starfsemi þess eftir upphaf gjaldþrotaskipta teljist til skiptakostnaðar. -pp

Innanríkisráðuneyti kært:

Lekamálið til lögreglunnar

## LÖGREGLUMÁL

Ríkissaksóknari hefur framsent kæru vegna leka á persónuupplýsingum hælisleitanda til fjölmiðla til embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra segir að ráðuneytið hafi óskað eftir ítarlegri athugun á málinu. Hún segist ekki hafa íhugað að víkja tímabundið úr embætti á meðan málið er til rannsóknar.

Á vef innanríkisráðuneytisins segir að ráðuneytið hafi veitt ríkissaksóknara öll gögn um málið og að farið hafi fram athugun á öllum tölvutækum gögnum málsins. -hks



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

# Breyta veiðireglum vegna urriðadráps

Uppi eru hugmyndir um að leyfa einungis fluguveiði á stórrurriða í Þingvallavatni í maímánuði og veiddum urriða verði sleppt. Þjóðgarðsvörður segir að hegðun „veiðisóða“ verði kveðin niður. Hleypt verður lífi í Veiðifélag Þingvallavatns.

**NÁTTÚRA** Veiðireglum fyrir landi þjóðgarðsins á Þingvöllum verður breytt til að stemma stigu við drápi á stórrurriða í vatninu. Uppi eru hugmyndir um að einungis verði leyft að veiða á flugu í maímánuði og skylt að sleppa öllum urriða. Veiðivarsla verður aukin og hert með auknum fjárveitingum.

„Við sjáum fyrir okkur að maí verði mánuður áköfustu stangveiðimannanna. Krakkar eru enn í skólum á þessum tíma og fjölskyldur nýta frekar sumarmánuðina við vatnið þegar við opnum aftur fyrir alla almenna veiði,“ segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Ólafur nefnir áttak frá fyrra ári þegar hópur sjálfboðaliða tók að sér veiðivörslu við vatnið á nóttunni. Vilji er til þess að þetta samstarf verði endurvakið í sumar og fleiri áhugasamir kallaðir til samstarfs, meðal annars meðlimir í Continental Trout – Ísland (CTCF), verndarsjóði villtra urriðastofna, sem einmitt gengu á fund þjóðgarðsvörðar á fimmtudag og kynntu hugmyndir sínar og þrýstu á um bætta umgengni við þennan einstaka og viðkvæma stofn urriða.

Helgi Guðbrandsson, talsmaður CTCF, segir að þjóðgarðsvörður og hans menn hafi tekið vel í tillögum um verndun urriðans og breyttar veiðireglur fyrir landi þjóðgarðsins. „Ég held að allir séu búnir að fá nóg af þessari umgengni við vatnið undanfarin ár. Það er ekkert eðlilegt við það að menn séu að drepa urriða eins og þeir geta borið.“

Ólafur segir hertar reglur ekki



**KONUNGUR ÞINGVALLAVATNS** Urriðinn veiðist helst í maí og hefur verið stráðrepinn þrátt fyrir að hvatt sé til þess að hófsemi sé gætt við veiðarnar. fréttablaðið/svavar

## Virkjun gekk nærri stórrurriðanum

■ Þekktasti stofn stórrurriðans tengdist Efra-Sogi sem var hið náttúrulega útfall Þingvallavatns til suðurs. Helstu ástæður þess að Efra-Sog fóstaraði stærsta urriðastofn vatnsins voru mikill straumur og ármól sem mynduðu góð skilyrði fyrir hrygningu urriðans og uppvöxt bitmýs sem urriðinn nærðist á. Þegar Steingrímssstöð var reist árið 1959 við suðurenda Þingvallavatns eyðilögðust stærstu hrygningarstöðvar urriðans með þeim afleiðingum að stærsti urriðastofninn í vatninu er svo gott sem horfinn.

■ Á undanförunum árum hefur Jóhannes Sturlaugsson hjá Laxfiskum haft veg og vanda af rannsóknum á lífsháttum urriðans, en hrygningarstöðvar stofnsins sem nú er að ná sér á strik eru í Óxará.

koma til af góðu. Allt of algengt sé að einstaka veiðimenn drepi fjölda urriða og við því verði að bregðast í ljósi þess að stofninn er nú að braggast eftir að hafa verið mjög fálíðaður um langt skeið.

„Því er ekki að leyna að stöku veiðimenn bera enga virðingu fyrir þessum einstaka dýrgríp sem Þingvallavatn er. Ég vil kalla þessa menn veiðisóða sem koma óorði á allan hópinn og spilla ánægju allra

sem vilja njóta útiveru við vatnið. Við erum ákveðin í því að kveða þetta niður,“ segir Ólafur sem tekur skýrt fram að ekki verði gengið á fornan og nýjan rétt manna við vatnið – veiðirétt sem annan rétt.

Eitt af því sem verður gert er að hleypla lífi í Veiðifélag Þingvallavatns, en þörf er á að bregðast við mikilli fjölgun veiðimanna við vatnið á síðustu tveimur árum.

svavar@frettabladid.is



# Á LEIÐ TIL ÚTLANDA?

Velkomin í verslun okkar á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð.

Gleraugu allt að 50% ódýrari en á meginlandi Evrópu.

Sjónmælingar (tímappantanir):  
 Optical Studio í Leifsstöð, 4250500  
 Optical Studio í Smáralind, 5288500  
 Optical Studio í Keflavík, 4213811



## Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

# FRÍHAFNARDAGAR

**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**



**DAGANA 6.-10. FEBRÚAR**

AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT\*

AF ÖLLUM

SNYRTIVÖRUM

**LOKADAGAR**

**70%**

AFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU Í FATNAÐI OG SKÓM

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

\*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

## Bílasprautun – Bílaréttingar

Verkstæði í rekstri óskast til kaups.  
Til greina kemur að kaupa rekstur og  
leigja eða kaupa húsnæði sem tilheyrir  
starfsemi.  
Tilboð sendist á flipp61@gmail.com



### Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla vegna kjörs til stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 föstudaginn 28. febrúar 2014 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 237 fullgildra félagsmanna

Reykjavík 8. febrúar 2014.

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja



FLUGSTÖÐ Sölufulltrúi Icelandair segir starfsfólk í flugstöð gera það sem hægt er fyrir fólk í hjólastól. MYND/FLUGSTÖÐ LEIFS EIRIKSSONAR

# Fólk í hjólastól getur ekki bókað flugsæti

Fólk í hjólastól fær ekki að vita fyrir en það er komið í flugstöðina hvort það fær sæti við hæfi í leiguflugi á vegum ferðaskrifstofunnar Vita. Ferðalögin einkennast af skyndilausnum og lítilli formfestu, segir varaþingmaður sem notar hjólastól.

**FÉLAGSMÁL** Fólk sem bundið er við hjólastól getur ekki bókað tiltekin sæti í leiguflugi á vegum ferðaskrifstofunnar Vita og fær ekki að vita fyrir en það er komið í flugstöðina hvort það fær sæti við hæfi framfarlega í flugvélinni.

Freyja Haraldsdóttir, varaþingmaður og fyrrverandi framkvæmdastýra NPA-miðstöðvarinnar, segir umgjörð utan um þjónustu við fatlaða flugfarþega sárvanta.

„Það er erfitt og leiðinlegt að hafa ekki kerfi og strúktúr um þetta,“ segir Freyja, sem er bundin við hjólastól. Hún segir að flugferðir hennar einkennast af sífelldum skyndilausnum og lítilli sem engri formfestu.

„Það er alltaf frábært að fólk sé viljugt að leysa úr, en það er bara ekki nóg,“ segir Freyja. „Vandinn er ekkert að fara.“

Ættingi flugfarþega sem er í hjólastól og fékk ekki að bóka sæti við hæfi fyrir viðkomandi segir

þetta óviðunandi. Ekki sé eðlismunur á því að leyfa fötluðum að taka frá sæti í flugvél og að leyfa þeim að leggja í sérstök bílastæði nærri inngangi bygginga.

„Það er hægt að óska eftir aðstoð vegna hjólastóls,“ segir Hrund Þorgeirsdóttir, sölustjóri hjá Vita. Hún segir að ekki sé raðað í sæti í leiguflugi fyrir en á Keflavíkurflugvelli og að það heyri undir starfsfólk Icelandair, móðurfyrirtækis ferðaskrifstofunnar. Vita tók það þó alltaf fram þegar flug er pantað ef viðkomandi þarf á sérstakri aðstoð að halda.

„Það er ákveðinn kóði settur inn í bókunina um hvernig aðstoð viðkomandi þarf,“ segir Hrund. Starfsfólk á flugvelli sé því undirbúið að taka á móti fötluðum einstaklingum og oftast sé reynt að útvega viðkomandi sæti framfarlega í vélinni. Það sé þó aldrei hægt að ábyrgjast.

Að sögn sölufulltrúa hjá Ice-



Freyja Haraldsdóttir, varaþingmaður

„Það er alltaf frábært að fólk sé viljugt að leysa úr, en það er bara ekki nóg.“

landair er ekki hægt að tryggja sæti í vélinni vegna þess að margt geti breyst á síðustu stundu í leiguflugi. Fyrir komi að það þurfi að skipta um vél með litlum fyrirvara og annað slíkt. Hún segir að þó ómögulegt sé að taka frá sæti, reyni starfsfólk í flugstöðinni ávallt að gera allt sem það geti fyrir hreyfihamlaða einstaklinga á leið í og úr flugi. Hún segist ekki muna eftir því á starfsferli sínum að fatlaðir farþegar hafi verið ósáttir við þetta fyrirkomulag.

bjarkia@365.is



## TREYSTI Á LIFESTREAM BÆTIEFNIN!

### Algjört orku- og næringarskot

„Með því að taka Lifestream Spirulina og AstaZan eykst krafturinn yfir daginn í vinnunni og æfingar seinni part dags eru ekkert mál. Vöðvarnir eru fljóttari að ná sér eftir æfingar. Það að taka auka Spirulina sem er lifrænt fjölvítamín, fyrir leik er algjört orku- og næringarskot. Spirulina er líka frábær vörn gegn kvefi og flensum.“

### Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir

leikskólakennari og landsliðskona í íshokki.



Apótek, heilsubúðir, Krónan, Hagkaup, Viðir, Nettó og Fríhöfnin.



ÁFENGI HELLT UPP Í HINN „LÁTNA“ Pachenco kvartaði ekkert þegar hann var grafinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einhver grafinn lifandi upp á grín á hverju ári:

## Hefð orðin til á Kúbu

**KÚBA, AP** Í vikunni var maður að nafni Pachenco grafinn lifandi í þorpinu Santiago de las Vegas á Kúbu. Réttu nafni heitir hann reyndar Divaldo Aguiar, og er sprellifandi.

Engin jarðarfarafering ríkti heldur í útförinni, frekar partístemning, enda áfengi með í för og teygja stórum.

„Hann var svo góður maður,“ hrópaði Carmen Zamora, og bar slæðu sína upp að augnum eins og hún væri að gráta. „Hann skilur mig eftir aleina. Ég vil ekki grafa hann niður í jörðina. Guð minn, nei.“

Allt var þetta í gríni gert, en samt af innlifun mikilli því þrjátíu ára hefð hefur nú myndast fyrir því að þorpsbúar velji sér nýjan Pachenco til að grafa.

„Ég missi aldrei af þessari veislu. Ég segi vinnuveitandnum frá þessu og tek mér frí í einn dag,“ segir Rebeca Morera, fimmtug kona sem þóttist vera ekkja hins „látna“ og dillaði sér dátt í takt við fjögura tónlist sem fjögurra manna hljómsveit lék. „Þetta er hefð í þorpinu sem ég er fædd og uppalin í. Við megum ekki sleppa þessu.“

- gb



# Smáhundakynning

ALLT GÆLUDÝRAFÓÐUR OG VÖRUR 20 – 30 % AFSLÁTTUR



FRÁ 13:00 TIL 17:00 | LAUGARDAG OG SUNNUDAG

- ★ TEGUNDAKYNNING Á PALLI KL. 14.00 ★ HUNDAÞJÁLFUNARRÁÐGJÖF
- ★ DÝRALÆKNIR ★ HUNDASNYRTIR ★ FULLT AF SPENNANDI DÝRAVÖRUKYNNINGUM
- ★ KYNNINGAR OG TILBOÐ Á FÓÐURVÖRUM ★ LUKKUPOTTAR O.FL.

PRO PLAN

ROYAL CANIN

BELCANDO

Brit PREMIUM

HAPPY DOG

Hills



SÁNINGARHELGI  
RÁÐGJÖF MILLI 13 OG 17

SÁNINGARNÁMSKEIÐ 18.FEBRÚAR  
MEÐ VILMUNDI HANSEN  
SKRÁNING Á NAMSKEIÐ@GARDHEIMAR.IS

Öll fræ, ýmsar  
sáðvörur og mold  
með 20% afslætti

20%



20% AFSLÁTTUR AF  
FERMINGARVÖRUM

GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS

OPIÐ FRÁ 11 TIL 21  
UM HELGAR



GARDHEIMAR

Stekjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Átak til atvinnusköpunar

## Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu Átaki til atvinnusköpunar. Átakið veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

### Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum


Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á [www.nmi.is](http://www.nmi.is) Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: [hildur@nmi.is](mailto:hildur@nmi.is)

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 þann 28. febrúar



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands



Talibanar í Afganistan handsömuðu hund frá NATO:

## Með hátækniherthygi

**AFGANISTAN, AP** Talibanar í Afganistan hafa skýrt frá því að þeir hafi handsamað hund frá fjölbjóðaliði Atlantshafsbandalagsins.

Þeir hafa birt myndband af hundinum, þar sem líta má hátækniherthygi á baki hans. NATO-liðið hefur staðfest að einn af hundum þess hafi týnst í desember.

„Hann er í góðu ástandi,“ segir Zabiullah Mujahid, talsmaður uppreisnarmanna. „Hann særðist ekki og það er ekki verið að fara illa með hann.“ - gb



**HUNDURINN HANDTEKNI** Búinn hátækniherthygjum, eins og sjá má á mynd frá talibönunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓSÁTTUR** Ármann Guðmundsson gagnrýnir hvernig staðið var að fjárúthlutun forsætisráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nánasarlegur fornleifasjóður

Félag fornleifafræðinga gagnrýnir hvernig forsætisráðherra stóð að 205 milljóna fjárúthlutun. Auka átti faglegt samstarf félagsins við ráðuneytið. Þrátt fyrir það var peningunum úthlutað án nokkurs samráðs.

**STJÓRNSÝSLA** Félag fornleifafræðinga hefur lýst yfir vonbrigðum sínum með fjárúthlutun forsætisráðuneytisins sem var gerð opinber á miðvikudag. Þar var úthlutað 205 milljónum króna til „atvinnuskapandi verkefna“ víða um land sem flest lúta að viðgerðum friðaðra húsa, stuðningi við safnastarf og viðhaldi fornminja.

„Við erum ekki ósátt við að þessum peningum hafi verið veitt í þessi verkefni en við gagnrýnum hvernig að þessu var staðið,“ segir Ármann Guðmundsson, formaður Félags fornleifafræðinga.

Í yfirlýsingu frá félaginu segir að óljóst sé hvernig staðið var að faglegu mati við úthlutunina, sem skjóti skökku við þegar verkefni hefðu flest getað fallið innan núverandi kerfis faglegra samkeppnisjóða, þ.e. húsafriðunarsjóðs, fornminjasjóðs eða safnasjóðs.

„Við erum búin að vera í samskiptum við forsætisráðuneytið og fengum vilyrði fyrir því að hið faglega samstarf á milli okkar yrði aukið. Þá skýtur skökku við að það hafi verið úthlutað svona miklu án þess að tala við kóng eða prest,“ segir Ármann.

Hann bætir við að fleiri hafi lýst yfir undrun sinni á vinnubrögðunum, þar á meðal Félag safnamanna. Þar hafi ekki verið haft samband við einn né neinn.

Samtals voru fjárframlög ríkisins til húsafriðunarsjóðs, forn-

“Þessi sjóður er nánasarlegur. Hann er í dag 32 milljónir en við vildum að hann yrði jafnhár og hann var, 40 milljónir.

Ármann Guðmundsson, formaður Félags fornleifafræðinga

minjasjóðs og safnasjóðs árið 2014 197,7 milljónir. Úthlutunin upp á 205 milljónir er því nokkuð hærri en samkeppnisjóðirnir fá þar sem gerð er krafa um faglegan rökstuðning, vönduð vinnubrögð og skýrar fjárhags- og verkáætlanir.

Í yfirlýsingunni skorar Félag fornleifafræðinga á forsætisráðherra að beita sér fyrir því að a.m.k. hluta af fjármunum verði veitt í samkeppnisjóði, þar sem fjárþörf og gæði verkefna á sviði þjóðmenningar séu metin á jafnræðisgrundvelli.

„Félag fornleifafræðinga barðist mikið fyrir því að fá að hækka fornminjasjóð. Þessi sjóður er nánasarlegur. Hann er í dag 32 milljónir en við vildum að hann yrði jafn háur og hann var, 40 milljónir. Það var ekki hægt að verða við því en svo eru til þingar fyrir þetta. Ég veit að mörgum í þessum bransa finnst skrítið hvernig að þessu var staðið.“

frey@frettabladid.is

### Dregist saman um sjötíu prósent

Fjármagn til fornleifarannsóka hefur minnkað um í kringum 70 prósent á undanförunum árum, segir Ármann Guðmundsson, formaður Félags fornleifafræðinga. Sótt hafi verið um í fornminjasjóð fyrir 168 milljónir en einungis 32 séu til skiptanna. „Mörgum góðum umsóknum verður væntanlega sýnjað,“ segir hann.

## Einstakt tækifæri á Spáni Örfáar íbúðir óseldar! Hægt er að greiða með íslenskum krónum



### Altomar við Alicante

- Vel skipulagðar sérhæðir ásamt stæði í bílageymslu.
- Aflokaður garður og sameiginleg sundlaug.
- Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi og stofa.
- Í boði eru sérhæðir á jarðhæð með sér verönd og sér flísalögðum garði eða íbúðir á efri hæð með einka þaksvólum.
- Góð staðsetning í úthverfi Alicante, aðeins um 10 min. akstur frá flugvöllinum og 15 min. akstur frá miðborginni.
- Um 10 min. göngufæri að Los Arenales ströndinni.
- Í næsta nágrenni er þjónustukjarni með fjölda verslana og veitingastaða.

Nú þegar eru á annan tug íbúða seldar og einungis örfáar eftir. Fáid bækling og allar frekari upplýsingar á skrifstofu Spánarheimilis í síma 530-6502, eða sendið fyrirspurn á [info@spanarheimili.is](mailto:info@spanarheimili.is).

Einnig eru allar upplýsingar á heimasíðunni okkar, [www.spanarheimili.is](http://www.spanarheimili.is)

Lækkað verð aðeins kr. 13,9 milljónir!



spánar  
heimili

Bandarískt efnahagslíf:

## Tekið að gæta meiri jákvæðni

**BANDARÍKIN** Alls líta 36 prósent Bandaríkjamanna jákvæðum augum á núverandi efnahagsástand þar í landi. Fram kemur í frétt CNN að hlutfallið hafi hækkað um fjögur prósentustig frá desember og hafi ekki verið hærra síðan í ársbyrjun 2008.

Nokkur samhljómur er með þessari niðurstöðu og síðustu tölum um atvinnuleysi, en engu að síður telja 64 prósent landsmanna enn að efnahagslífið í Bandaríkjunum sé í slæmum málum. - þj



**EFRA-BREIÐHOLT** Innangengt verður úr stöðinni í sundlaugina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Unnið að hugmyndum:

## Heilsurækt við Breiðholtslaug

**SKIPULAGSMÁL** Reykjavíkurborg ætlar að semja við fyrirtækið Þrek ehf. varðandi hugmyndir um nýja líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá borginni.

Þrek ehf. rekur líkamsræktarstöðvakeðjuna World Class. Það var matshópur á vegum borgarinnar sem valdi fyrirtækið fram yfir Arctic Ísland ehf. til að vinna áfram að heilsuræktinni, en bæði fyrirtækin voru metin hæf til þátttöku. - bá

1,5 milljóna kílómetra ferð:

## Gaia komið á áfangastað

**VÍSINDI** Evrópska geimfarið Gaia, sem skotið var á loft í desember, er nú komið á áfangastað, um 1,5 milljónir kílómetra frá jörðu.

Þaðan mun farið á næstu fimm árum kortleggja staðsetningu og hreyfingar um milljarðs stjarna með áður óþekktri nákvæmni.

Vísindamenn Evrópsku geimvísindastofnunarinnar (ESA) hafa nú hafið gangsetningarferli fyrir sjónauka og annan tækjabúnað farsins áður en rannsóknin hefst fyrir alvöru innan tveggja til þriggja mánaða. - þj



**EFTIR UNDIRRITUN** Jón Rúnar Pálsson frá SA, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Hjálmar Jónsson frá BÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Samið um 2,8% hækkun:

## Samningi lokið hjá sáttasemjara

**KJARAMÁL** Blaðamannafélag Íslands (BÍ) hefur samið við Samtök atvinnulífsins (SA) um 2,8 prósentu launahækkun í kjarasamningi sem gildir út árið.

Kjaradeilu BÍ og SA var fyrir skemmstu vísað til ríkissáttasemjara, en samningur var undirritaður í gærmorgun. Samningurinn er sá fyrsti sem skrifaður er undir hjá ríkissáttasemjara á þessu ári.

Áður hafði BÍ lokið samningum við Fréttatímann, DV og Birtning, í öllum aðalatriðum samhljóða þeim sem gerður var við SA. - js

Orri Vigfússon krefur sjávarútvegsráðherra Noregs svara um sjálfbæra nýtingu fiskistofna:

## Vill skýringar á tvískinnungi Norðmanna

**UMHVERFISMÁL** Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna, hefur sent Elísabet Aspaker, sjávarútvegsráðherra Noregs, harðort bréf þar sem hann biður ráðherra að skýra tvískinnung Norðmanna þegar kemur að sjálfbærri nýtingu fiskistofna.

Orri vill fyrir það fyrsta fá skýringu á því hverju það sæti að Norðmenn vilja setja 1,3 milljóna tonna kvóta á makríl fyrir komandi vertíð þegar ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) er aðeins 890 þúsund tonn.

Verndun laxastofna er þó Orra helst hugleikin og spyr hann ráðherra hverju það sæti að á sama tíma og sjálfbærni stofna sé haldið á lofti sé ekki tekið

á augljósum vandamálum innan norskrar lögsögu sem standa viðgangi laxastofna í Noregi, sem og í Rússlandi, fyrir þrifum. Eitt sé blind uppbygging í kvíaelði á laxi en ekki síður netaveiði á laxi við strendur Noregs.

Sérstaklega spyr Orri um þá staðreynd að utanríkisráðuneyti Noregs viðurkenni að veiðarnar standist ekki skoðun, og að umhverfisráðuneytið hafi gefið út að þær verði stöðvaðar – en biðji um þolinmæði vegna bágrar stöðu íbúa í Norður-Noregi. Eins að á sama tíma og Noregur krefst þess að sjálfbærni sé meginreglan við nýtingu norskra laxastofna við Færeyjar drepi kraðak neta óhemju af laxi á leið upp í laxveiðiperlur á Kólaskaga í Rússlandi. - shá



**ORRI VIGFÚSSON** Vill vita af hverju Norðmenn drepa rússneskan lax með netaveiði í stórum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Munið að skila launamiðunum

Skilafrestur  
á rafrænu formi  
vegna framtalsgerðar 2014

er til **10. febrúar**

Launamiðum og öðrum gögnum  
er hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

**RSK** RÍKISSKATTSTJÓRI

✉  
rsk@rsk.is

442 1000  
Þjónustuver 9:30-15:30



Nánari upplýsingar á **rsk.is**



MIKLAGARÐUR Gömul mynd af hinu sögufræga húsi Miklagarði.

## Fá viðgerðarstyrk til að gera upp sögufrægt hús: Fá 15 milljónir til að gera upp Miklagarð

**FRÍÐUN** Forsætisráðuneytið hefur veitt 15 milljónir króna til viðgerðar á hinu sögufræga húsi Miklagarði í Hornafirði. Styrkurinn er hluti af átaksverkefni í samvinnu við Minjastofnun Íslands sem felur í sér atvinnuskapandi friðunarverkefni um land allt.

Aðspurður segir Reynir Arnarson, forseti bæjarstjórnar í Hornafirði, að mun meiri peninga þurfi til að lagfæra húsið, sem hefur verið í niðurníðslu undanfarin ár. „Þetta dugir engan veginn til þess að klára neitt. Þetta er til þess að halda þessu við að utan þannig að ekki fari verr. Svo þurfum við að vitað að setja eitthvað í þetta á móti líka. En við erum ekkert farnir að ákveða hvernig við gerum þetta,“ segir Reynir.

Miklagarður var reistur sem

REYNIR  
ARNARSON

verstöð á árunum 1919 til 1924 og gegndi mikilvægu hlutverki í útgerðarsögu Austfirðinga. Reynir segir húsið merkilegt að því leyti að það sé með fyrstu alvörubúðunum sem voru byggðar á Íslandi. „Þetta var áttatíu metra langt í upphafi. Þarna voru frekar litlar íbúðir. Þarna bjuggu jafnvel tvær skipshafnir og land- og beitningamenn í einni búð.“

Lítill sem engin starfsemi er í húsinu núna. „Þetta hefur verið leigt út sem geymsla fyrir báta og ætli það séu ekki tvær listasmíðjur í húsinu núna,“ segir Reynir.

# Segir gagnrýni tveggja lækna koma á óvart

Yfirlæknir hjá Krabbameinsfélaginu undrast gagnrýni lækna á breytt skipulag leitar að leghálskrabbameini. Vilja leita að leghálskrabbameini hjá konum 20 til 23 ára. Sjö konur undir 23 ára hafa greinst með leghálskrabbamein á 50 árum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Yfirlæknir Leitarsviðs hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Kristján Oddsson, segir gagnrýni í grein í Læknablaðinu á breytt skipulag leitar að leghálskrabbameini koma sér á óvart.

Í greininni segja Reynir Tómas Geirsson, yfirlæknir á kvennadeild Landspítalans, og Kristján Sigurðsson, fyrrverandi yfirlæknir leitarsviðsins hjá Krabbameinsfélaginu, rök fyrir því að boða konur ekki fyrr en 23 ára í leit ekki standast. Áður voru konur boðaðar þegar þær voru orðnar 20 ára. Óttast læknarnir að með breytingunum missi menn af alvarlegum forstigsbreytingum.

„Að mínu mati er enginn faglegur ágreiningur milli þessara tveggja lækna og annarra sérfræðinga. Breytingarnar eru í samræmi við það sem Kristján Sigurðsson skrifaði í grein í European Journal of Cancer frá 2007, að leit ætti að byrja fljótlega eftir 20 ára aldur,“ segir Kristján Oddsson.

„Það er víst ágreiningur,“ segir Kristján Sigurðsson. „Þegar ég skrifa fljótlega eftir 20 ára aldur á ég við á milli 20 ára og 21 árs. Í annarri grein sem ég skrifaði í fagrit kom fram að tíðni alvarlegra forstigsbreytinga hefði hækkad marktækt frá tvítugsaldri frá



**KRABBAMEIN** Baráttan gegn krabbameini í konum hefur staðið lengi, en frá árinu 2000 hefur bleika slaufan verið seld til að vekja athygli á málstaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

1980. Tilgangur leitar er fyrst og fremst að greina og meðhöndla slíkar breytingar. Það er mitt álit að Landlæknir hafi ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu með því að leyfa þessar breytingar.“

Núverandi yfirlæknir leitarsviðsins bendir á að frá því að leitin hófst fyrir 50 árum hafi sjö konur undir 23 ára greinst með leghálskrabbamein.

„Allir fagmenn eru sammála um að óraunhæft sé að koma í veg fyrir öll krabbamein með hópskoðunum. Þótt flestar ungar konur smitist af vörtuveirusýkingu stuttu eftir að þær hefja kynlíf þá hverfur sýkingin hjá helmingi þeirra sem smitast á um sex mánuðum og í um 90 prósentum tilfella er hún horfin innan tveggja



Kristján Oddsson, yfirlæknir leitarsviðs hjá Krabbameinsfélagi Íslands

„Við miðum breytingarnar við það sem gert er í nágrannalöndunum.“

til þriggja ára,“ segir Kristján.

„Við miðum breytingarnar við það sem gert er í nágrannalöndunum. Ef byrjað er að leita fyrr getur þurft að gera ónaúðsynlegar aðgerðir. Leitin miðast við að gera sem mest gagn og valda sem minnstum skaða.“

ibs@frettabladid.is

Zero Emission



Innovation that excites



# GERÐUR FYRIR ÍSLAND

Nýja **EURO LEAF** gerðin af þessum vinsælasta rafbíli í heimi er hönnuð fyrir íslenskar aðstæður.

**Nissan EURO LEAF**  
VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.

**Við bjóðum viðskiptavinum okkar:**

- 5 ára ábyrgð á rafhlöðu
- Öll sæti upphituð auk hita í stýri
- Upphitaða rafhlöðu fyrir örugga drægni á köldum dögum
- USB-tengi fyrir íslenska tónlist
- Fullan aðgang að hraðhleðslustöðum Orkuveitu Reykjavíkur
- 5,8" snertiskjá með bakkmyndavél
- Funheitan bíl á hverjum morgni með íslausum rúðum
- Fullkornasta rafbílaverkstæði landsins og aðgang að sérþjálfuðum starfsmönnum fyrir NISSAN EURO LEAF rafbíla

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.



NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





**Herra**  
*Lagerinn*  
outlet  
*líka fyrir konur*

Troðfull  
verslun af  
merkjavörum!

50%

afsláttur

af öllum  
vörum

Barnafatnaður frá

**ENGLABÖRNIN**

Falleg fót á stelpur og stráka...



**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO  
RALPH LAUREN

ARMANI  
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM  
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI  
collezione

bugatti

*Stenströms*

BELLINI  
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



# OPIÐ ALLA HELGINA!



STÓLL

**119.990**

FULLT VERÐ 139.990

2JA SÆTA SÓFI

**139.990**

FULLT VERÐ 169.990

3JA SÆTA SÓFI

**179.990**

FULLT VERÐ 209.990

**DC 4200** – 3JA SÆTA SÓFI



DC 4200 3ja sæta sófi. Svart leður á slitflötum.  
Stærð: 211x82 H: 85 cm.  
Einnig fáanlegur 2ja sæta  
Fullt verð kr. 279.990.  
Tilboðsverð 259.990

**310.990**

FULLTVERÐ 349.990

**DC 3600** – 3JA SÆTA SÓFI



DC 3600 3ja sæta sófi. Koniaksbrúnt leður á slitflötum.  
Stærð: 202x82 H: 85 cm.  
Einnig fáanlegur 2ja sæta.  
Fullt verð kr. 259.990.  
Tilboðsverð 239.990

**299.990**

FULLTVERÐ 329.990

VERTU MEÐ OKKUR Á



KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á [HUSGAGNAHOLLIN.IS](http://HUSGAGNAHOLLIN.IS)

**LA-Z-BOY RIALTO** – SJÓNVARPSSÓFI



**LA Z BOY**

**359.990**

FULLTVERÐ: 459.990

**RIALTO**  
La-Z-boy  
sjónvarpssófi.  
Svart leður á slitflötum.  
205 x 90 H:105 cm.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

Próun ESB verður til umræðu á næstunni:

## Aðgengilegra ESB

**G**era má ráð fyrir að þróun Evrópusambandsins verði í brennidepli í þjóðmálaumræðunni á næstunni. Umfjöllun um hana verður hluti af skýrslunni, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á að vera búin að skila ríkisstjórninni. Forsætisráðherrann fær þá kannski svar við því „hvort eða hvernig ESB lifir af“ eins og hann orðaði það fyrir kosningar. Þegar það lægi fyrir fannst honum „rétt að þjóðin taki afstöðu til þess í þjóðar- atkvæðagreiðslu hvort taka skuli viðræður upp að nýju“.

Hröð þróun Evrópusambandsins hefur oft verið notuð sem átylla til að bíða með að taka ákvörðun um næstu skref í samkiptum Íslands við sambandið. Röksemdin um að það sé rétt að bíða, því að ESB geti orðið

einhver allt önnur skepna eftir fáein ár, er orðin útjöskuð. Sambandið er í stöðugri þróun og það er ekki hægt að bíða eftir að hún stöðvist. Íslendingar þurfa fremur að gera upp við sig hvort aðferðin – að Evrópuríkin taki sameiginlegar ákvarðanir og deili valdi hvert með öðru til að mæta áskorunum nútímans – sé þeim hugnanleg og hvort þeir telji sig eiga samleið með ríkjum ESB í pólitísku og menningarlegu tilliti.

En hvernig er þróunin í ESB? Sambandið lifði krísu evrusvæðisins af, það fer ekki á milli mála. Til að ná tökum á henni voru gerðar tvær grundvallarbreytingar á starfsemi þess. Annars vegar náðist samkomulag um bankabandalag með sameiginlegu fjármálaeftirliti, innistæðutryggingakerfi og lánveitanda til þrautavara. Hins vegar varð til sáttmáli um ríkisfjármálabandalag með reglum sem eiga að koma í veg fyrir hallarekstur á ríkissjóði og skuldasöfnun í aðildarríkjunum.

Hvort tveggja þýðir þetta aukið framsal aðildarríkjanna á valdi til sameiginlegra stofnana ESB. Sumir telja að það sé vont fyrir Ísland og geri ESB að óaðgengilegra sambandi en þegar sótt var um aðild árið 2009. En þarf ekki lítið ríki sem hefur undanfarin ár átt í stórkostlegu basli bæði með bankakerfi sitt og ríkisfjármálin einmitt á þeim alþjóðlega aga að halda, sem felst í slíku samstarfi? Á hvaða forsendum ættu til dæmis núverandi stjórnarflokkar að vera á móti alþjóðlegum reglum sem banna fjárlagahalla og skuldasöfnun? Eða alþjóðlegu bankaeftirliti sem gæti hindrað annan Icesave-skandal?

Vilji Ísland áfram eiga aðild að EES munum við þurfa að taka upp að minnsta kosti hluta af reglum bankabandalagsins. Valdaframsalið sem í því felst útheimtir breytingar á stjórnarskrá – en það gerir líka það umfangsmikla framsal ríkisvalds sem átt hefur sér stað samkvæmt EES-samningnum, í takt við þróun ESB undanfarna tvo áratugi. Við höfum nefnilega flotið með í þeirri þróun á meðan við vorum að bíða eftir að sjá hvert hún leiði – og án þess að hafa nokkur áhrif á hana.

Þriðja mikilvæga breytingin fyrir Ísland er að sjávarútvegsstefna ESB hefur færzt nær því sem gerist á Íslandi. Hún er alls ekki að öllu leyti aðgengileg fyrir Ísland, en ýmsir forystumenn sambandsins hafa lýst því yfir að ESB sé reiðubúið að finna lausnir til að koma til móts við sérstöðu Íslands.

Þróun ESB eftir að Ísland sótti um aðild hefur þannig verið í jákvæða átt út frá íslenskum hagsmunum. Margir munu halda öðru fram, en það verður með langsóttum röksemdum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐ: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRNAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Ertu að leita að innihaldsríku fríi?

- Kynningarfundur um hjólaferð eftir Jakobsvegi, Ægisbúaheimilinu í íþróttahúsi Hagaskóla 11. febrúar klukkan 20.
- Kynningarfundur um gönguferð eftir Jakobsvegi fyrir konur 45+. Ægisbúaheimilinu í íþróttahúsi Hagaskóla 12. febrúar klukkan 20.

**Mundo er ferðaskrifstofa þar sem menntun, skemmtun, menning og þjálfun fara saman.**

[www.mundo.is](http://www.mundo.is)

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Fráleitt að ræða ekki kostnaðarhliðina

**Þ**að eru tvær hliðar á flugvallarmálinu. Önnur snýr að staðsetningunni. Hin veit að kostnaðinum. Tekist er á um staðsetninguna. En kostnaðurinn er ekki til umræðu. Hann skiptir þó höfuðmáli því að staðsetningarumræðan er framtíðarmál meðan við eigum ekki fyrir nýjum velli.

Gísli Marteinn Baldursson, fyrrum borgarfulltrúi, skrifaði á dögnum grein þar sem hann staðhæfði að innan Sjálfstæðisflokksins væri einkum deilt um það hvort tilgangurinn helgaði meðalið í pólitík. Annars vegar væru þeir sem vildu taka afstöðu eftir málefnum. Hins vegar væru



þeir sem vildu harða andstöðu við allt án tillits til þess hvers eðlis málefnið eru til að skerpa andstöðuna og gera kostina skýrari.

Þetta er svo sem gamal-kunnugt álitaefni í pólitík en hefur ef til vill ekki skipt samherjum í svo afgerandi hópa áður. Þó að nýr leiðtogi hafi skerpt málflutning flokksins virðist hann fremur fylgja línu málefnalega stjórn málaátaka. Það er mjög í samræmi við öfluga og árang-

ursríka forystu hans fyrir Samtökum íslenskra sveitarfélaga í mörg ár.

Í sveitarstjórnarmálum er vissulega rúm fyrir hugmyndafræðilegan ágreining en það er miklu minna en í landsmálapólitíkinni. Ein helsta ástæðan fyrir því er sú að verkefni sveitarfélaga eru ákveðin með lögum. Fyrir vikið verður sveitarstjórnarpólitík sjaldan eins litrík og skylmingar á Alþingi. En það eru gerðar sömu kröfur um ábyrgð í fjármálum á báðum stöðum.

Málefnapólitík reynir meir á hæfni manna en skrumið. En stundum á skrumið meir upp á pallborðið hjá kjósendum.

## Verður stærsta málið ekki rætt?

**F**lugvallarmálið er stærsta álitaefnið sem borgarþátttakar þurfa að taka afstöðu til. Það hefur með samkomulagi borgarstjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar verið tekið út úr umræðunni og sett í nefnd. Viðleitni til satta er ekki slæm. En efni þessa samkomulags bendir samt til að menn séu að flýja veruleikann.

Flugvallarmálið er snúið. Frá skipulagssjónarmiði liggja mörg skynsamleg rök til þess að nýta flugvallarsvæðið með öðrum

hætti. Veruleikinn er hins vegar sá að hvorki Reykjavíkurborg né ríkissjóður hafa fjárhagslegan styrk til þess að gera nýjan flugvöll á næstu átta árum.

Samkomulag borgarinnar og ríkisins um að flugvöllurinn fari í raun 2022 og tíminn þangað til verði notaður til að kanna nýtt flugvallarstæði byggist á því að peningur séu til framkvæmda á þeim tíma. Ella er það fullkomlega ómarktækt.

Peningarnir eru hins vegar ekki til. Þess vegna felst engin

önnur sátt í samkomulaginu en að samkjafta um stærsta málið. Ef Reykjavíkurborg ætlar að loka flugvöllinum á hún að réttu lagi að kosta nýjan. Skýra þarf hvers vegna ríkisvaldið hefur ekki sett fram þá kröfu. Þótt horft sé fram hjá því er með öllu óskiljanlegt hvers vegna peningahlið þessa máls er ekki rædd.

Það á að vera lýðræðisleg krafa að draga peningahlið flugvallarmálsins inn í kosningabaráttuna þannig að það megi ræða málefnalega í heild sinni.

## Flugvöll eða Landspítala

**S**amkomulagið felur í sér að annar aðillinn hefur ákveðið að loka flugstarfsemi á svæðinu á tilteknum tíma en hinn hefur fallist á að skoða hvort unnt er að leysa úr þeim vanda á þeim árum sem eru til stefnu. Það vantar jafnvægi í slíka sátt.

Fjárhagsstaða ríkissjóðs hefur ekki leyft að hafist verði handa við byggingu nýs Landspítala. Öllum er ljóst að á næstu átta árum verður ekki ráðist í hvort tveggja spítalabyggingu og flugvallargerð. Forgangsröðun er því óhjákvæmileg.

Ákvörðun Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar, sem er

komin í stað Besta flokksins, um lokun flugvallarins innan átta ára þýðir að þeir flokkar hafa tekið ákvörðun um að setja byggingu Landspítalans fyrir aftan flugvallargerð. Á sama hátt hefur ríkisstjórnin fallist á að skoða hvort svo eigi að gera. Það er þessi forgangsröðun sem borgarþátttakar þurfa að ræða fyrir kosningarnar í vor. Spurningin er einfaldlega þessi: Hvaða flokkar styðja þá forgangsröð?

Raunveruleg sáttagjörð gæti falist í því að skjóta ákvörðun um lokun flugvallarins nægjanlega langt inn í framtíðina til að menn geti verið vissir um að gerð nýs

flugvallar trufla ekki spítalabygginguna. Jafnframt ætti ríkisvaldið að skoða hvort aukið tímasvigrúm gæfi ekki tilefni til að sameina innanlandsflug og millilandaflug á nýjum flugvelli nær borginni en Keflavík er, þegar fjárhagsaðstæður leyfa. Af því hlytist rekstrarhagkvæmni.

Aðalatriðið er að eigi að taka flugvallarmálið út úr umræðunni þarf samkomulag þar um að vera raunhæft en ekki út í bláinn eins og nú er. Þetta getur kallað fram ágreining en hann má ræða á málefnalegum forsendum og með hliðsjón af raunverulegri fjárhagsstöðu ríkisins.





# VILDARBÖRN ICELANDAIR

FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR:  
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. MARS

**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**

Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta, 24. apríl 2014.  
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.  
Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**

Farðu á [vildarborn.is](http://vildarborn.is) og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



Vildarbörn Icelandair

 Vertu með okkur

ICELANDAIR 

UMMÆLI VIKUNNAR  
01.02.2014 → 07.02.2014

„Hún slær mig líka svolítið þannig að ég vissi ekki að það væri forgangsmál fyrir íslenska neytendur að fá buffalóosta.“

Haraldur Benediktsson, annar varaformaður atvinnuveganeftardar Alþingis og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um beiðni Haga um niðurfellingu innflutningstolla á osti úr sauða-, geita og bufflamjólk.



BRYNJAR NÍELSSON

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, um innleiðingu reglna vegna EES-samningsins.

„Nei, nei, auðvitað vitum við ekkert hvað við erum að gera, fæst okkar held ég.“

## Tapið í PISA

Íslendingar töpuðu í PISA og enginn skilur neitt í neinu. Yfirborðskennnd umfjöllun fjölmiðla skilur þjóðina eftir vonsvikna með brotna sjálfsmynd um hæfni sína og hæfileika. Niðurstaða þjóðarinnar er rökrétt miðað við framsetninguna og umræðuna um að við Íslendingar séum bara svona heimskir – við kunnum ekki lexíurnar okkar.

Um það leyti sem fyrsta PISA-könnunin er gerð árið 2000 þá hefja íslensk yfirvöld innleiðingu á nýrri stefnu fyrir grunnmenntun í landinu. Það ár voru Íslendingar nokkuð sáttir við niðurstöðu landsins í könnuninni. Þessi stefna var rædd talsvert á síðari hluta tíunda áratugar tuttugustu aldar og átti rætur í samþykkt sem Ísland var aðili að sem er Salamanca-yfirlýsingin (1994) sem í framkvæmd verður „skóli án aðgreiningar“.

Ný sérkennslustefna í anda „skóla án aðgreiningar“ er mótuð upp úr aldamótum í Reykjavík og allar sérdeildir lagðar niður. Spyrja má hvort allir þeir nemandur sem tilheyrðu deildunum hafi verið fatlaðir í merkingu Salamanca-yfirlýsingarinnar. Breytingar takast ekki nema að hópurinn sem tekur þátt geri sér grein fyrir þörfinni á breytingunum. Viðhorf starfsfólks í skólunum var kannað og í ljós kom að 60% höfðu neikvætt viðhorf til stefnunnar. 25% leist vel á hana. Strax á þeim fundi sem stefnan var kynnt lýstu skólustjórar í Reykjavík áhyggjum af þeim nemendum sem tilheyrðu sérdeildunum. Skólustjórar í Reykjavík hafa síðan ítrekað

### MENNTUN



Ásgeir Beinteinsson skólustjóri Háteigsskóla

áhyggjur sínar af stefnunni því að þeir telja sig ekki geta mætt þörfum mjög stórs hóps nemenda með alvarlegan atferlisvanda og geðraskanir.

### Línulegt samhengi

Í febrúar 2012 kom út skýrsla á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara sem var könnun á kjörum og aðstæðum kennara: Hvert er viðhorf þitt til hugmyndafræðinnar á bak við skóla án aðgreiningar. 7,9% voru mjög jákvæð.

Einn nemandi með alvarlegan atferlisvanda og geðraskanir getur tekið heilan skóla í gíslingu. Í gíslingu merkir að skólustjórnandi verður eitt af úrræðunum fyrir barnið og gerir skólustjórinn þá ekkert annað á meðan. Það merkir einnig að nemandinn svekkir skólasystkini sín þannig að þau eru vansæl – til dæmis vegna ljóttra orða og hugmynda sem hann lætur frá sér fara í heyranda hljóði, hann atyrðir og jafnvel ræðst á skólasystkini sín og starfsfólk.

Skóli án aðgreiningar lítur svona út á gólfinu hjá kennaranum: 20 til 25 nemendur eru í bekknum og þroskamunur á milli nemenda getur verið tvö til fjögur ár. Einn nemandi býr við fötlun svo að hann fær stuðningsaðila allan daginn. (Þetta er undantekning.) Tveir til þrjú nemendur búa við greindan athyglisbrest þannig að þeir geta ekki einbeitt sér. Finna þarf leiðir til að þeir haldi athygli sinni án þess að þeir trufla aðra. Einn nemandi talar ekki íslensku og heldur ekki tungumál sem kennarinn

→ Skóli án aðgreiningar snýst fyrst og fremst um að skólinn sinni fjölbreyttum námshópi og að honum líði vel. Það er línulegt samhengi á milli innleiðingar skóla án aðgreiningar og stöðu okkar í PISA.

kann. Einn nemandi býr við geðröskun sem ekki finnst skýring á og hefur ekki annan stuðning nema að skólustjóri og aðstoðarskólustjóri eru reglulega kallaðir til. Orka kennarans fer í að láta öllum líða vel en jafnframt að ná framförum í námi og þroska. Rannsóknir sýna að íslenskum börnum líður vel í skólanum – það hefur því eitthvað tekist. Skóli án aðgreiningar snýst fyrst og fremst um að skólinn sinni fjölbreyttum námshópi og að honum líði vel. Það er línulegt samhengi á milli innleiðingar skóla án aðgreiningar og stöðu okkar í PISA.

Grunnskólinn á Íslandi er góður en það má bæta námsárangur í samanburði við aðrar þjóðir. Það yrði best gert með því að hlusta á starfsfólk grunnskólanna, bæta endurmenntun, styrkja faglega kennsluráðgjöf og þróa sjálfsmat.

Ef sigur í „PISA-keppninni“ felur í sér skóla eins og í Singapúr, sem er í öðru sæti, þá er sigur ekki eftirsóknarverður því að þá skóla hef ég séð með eigin augum.

### visir.is

Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Visi.

# Barnamenningar-sjóður

## Umsóknarfrestur 20. mars

Barnamenningarsjóður styrkir verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglum nr. 594/2003.

Upplýsingar og rafræn umsókn á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)

Ragnhildur Zoëga veitir nánari upplýsingar. Netfang: [ragnhildur.zoega@rannis.is](mailto:ragnhildur.zoega@rannis.is), sími 515 5800.



PHOTSCÓÐUR grettir hóttum

Sýningarpottar og útlitsgallaðir

# 20-70% AFSLÁTTUR

Dagana 10. - 14. febrúar

Einangruð lok

20%  
afsláttur

Ýmsar smávörur

frá: 15%  
afsláttur

OPIÐ  
kl.9-18



ÓSEYRARBRAUT 29 • 220 HAFNARFIRÐI

550 0100

[pottar@trefjar.is](mailto:pottar@trefjar.is) | [www.trefjar.is](http://www.trefjar.is)

# TREFJAR EHF.

40%

70%

50%

80%

60%

50%

60%

80%

Reykjavík  
& Akureyri

# RISA LAGERSALA

40-80% afsláttur af öllum vörum

Barnarúmföt, stærð 70x100 Verð frá 2.990 kr Rúmföt, stærð 140x200, 100% bómull verð frá 5.990 kr  
Rúmföt - sýnishorn og/eða lítilla gölluð rúmföt, verð frá 1.990 kr. Púðar, verð frá 1.990 kr með fyllingu  
50% Handklæði, stærð 35x35, allt að 90% afsláttur, verð frá 99 kr stykkið. 80%  
Peysur fyrir börnin, verð 1.490 kr - margar stærðir/gerðir 60% Holtasóley rúmföt -40% afsláttur  
Stór rúmföt, 200x200 & 220x220 70% með allt að 80% afslætti, verð frá 3.990 kr. Eldhúsvörur.  
Kertastjakar og önnur smávara með allt að 80% afslætti. Snýrtiveski frá 990 kr stykkið.

OPÍÐ

REYKJAVÍK  
AKUREYRI

Laugavegi 178 & Glerártorgi Akureyri  
laugardag & sunnudag 11-17.  
laugardag 10-17 & sunnudag 13-17.

LUKKULEIKUR

Þeir sem koma á lagersölu geta tekið þátt í lukkuleik  
og unnið einn af 10 frábærum vinningum.  
Lagersalan er aðeins opin þessa 2 daga  
laugardag & sunnudag, 8.-9. febrúar.

Lín  
DESIGN

# HELGIN



## Hafþís Huld Prastardóttir söngkona Ungbarnasund og bakstur

Við fjölskyldan ætlum að byrja helgina í ungbarnasundi hjá honum Óla á Reykjalundi. Svo sé ég fram á að vera heima í rólegheitum, skella mér á hestbak og renna aðeins yfir nýju lögum fyrir komandi tónleikaferð. Ná svo í egg út í hænsnakofa og baka eitthvað gott.



## Unnsteinn Manuel Stefánsson tónlistarmaður Leikhús og tónleikar

Ég ætla að sjá Bláskjá eftir Tyrfring Tyrfringsson í kvöld og svo beint á leynitónleika hjá hljómsveitinni hans bróður míns, Highlands.



## Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona Leikhús og sundferð


Ég ætla að fara í leikhús og sund með börnunum mínum. Svo leyfi ég mér alltaf að fara í langan hádegisverð um helgar.



## Arnþór Helgason vináttusendiherra Njóta listar

Í dag ætla ég að jarða sanntrúaðan stalnista, vin minn og hjálparhelli, Erling Viggósson, og í kvöld að njóta listar Ása í Bæ í Eldborg.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á SUNDLAUGANÓTT** sem er hluti af Vetrarhátíð, sem hófst í vikunni. Frítt í sund frá átta til miðnættis í Laugardalslaug, Sundhöll Reykjavíkur, Grafarvogslaug, Lágafellslaug og Álftaneslaug. Í boði verður fjölbreytt dagskrá og hressandi skemmtiatriði fyrir sundlaugagesti.


## Á TÓN- LISTAR- MANNINN ALOE BLACC.

Lag hans The Man hefur slegið í gegn undanfarið og ætti að koma manni í gott helgar-skap.



## BÓKINA SANNLEIKINN

um mál Harrys Quebert eftir Joël Dicker. Ástar- og glæpasaga sem meðal annars fékk aðalverðlaun frönsku Akadémiunnar.



**Á BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ ÓLYMPIULEIKUNUM** í Sotsjí á RÚV, Stöð 2 Sport og á visir.is um helgina. Nú er gósentíð fyrir þá sem hafa gaman af listhlaupi, íshökkí, alpagreinum og fleiri skemmtilegum vetraríþróttum.



**SNÚA AFTUR**  
Ultra Mega Technobandið Stefán kemur fram á tónleikum í kvöld eftir tveggja ára pásu.  
MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

## UMTBS snýr aftur

Ultra Mega Technobandið Stefán fagnar útgáfu nýrrar plötu í kvöld en sveitin hefur verið í dvala síðustu tvö árin. Sveitin hefur gert samning við norskt kynningarfyriræki.

Gunnar Leó Pálsson  
gunnarleo@365.is

Við erum að fagna samningi sem við náðum við hagsmunaaðila innan norska tónlistarmarkaðarins,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason söngvari hljómsveitarinnar Ultra Mego Technobandsins Stefáns, eða UMTBS. Um er að ræða norska kynningarfyrirækið Indianer en það annast kynningarmál fyrir listamenn sem eru á tónleikaferðalagi um Noreg. Arctic Monkeys, Adele, Prodigy og Franz Ferdinand eru

á meðal þeirra risanafna í tónlistarheiminum sem fyrirtækið hefur unnið með.

UMTBS gaf fyrir jól út sína aðra breiðskífu sem ber nafnið! og eru tónleikarnir í kvöld kallaðir útgáfutónleikar. „Þetta er rokkplata og er hún töluvert harðari en fyrri platan okkar,“ segir Sigurður. Með tilkomu samningsins við Indianer fer sveitin í tónleikaferð til Noregs í mars og aftur í sumar.

UMTBS hefur að undanförunni skipt um stíl og hafa tveir nýir meðlimir bæst við hópinn undanfarið ár, þeir Vignir Rafn Hilmarsson á hljómborð og Jón Helgi Hólmgeirsson á gítar. „Við höfum skipt um stíl og höfum til að

mynda hent öllum playbökkum og spilum núna allt live. Við erum orðnir rokkari.“ Fyrir voru í sveitinni ásamt ofangreindum þeir Arnþór Jóhann Jónsson hljómborðsleikari, Arnar Freyr Gunnsteinsson bassaleikari og Guðni Dagur Guðnason trommuleikari.

Sveitin fór mikinn fyrir nokkrum árum. Plata þeirra, Circus, sat á topplistum víða og kom hljómsveitin fram víða um Evrópu. Hún hefur hins vegar látið lítið fyrir sér fara að undanförunni. „Meðlimir sveitarinnar kláruðu háskólánám og svona í millitíðinni.“

Eins og fyrir segir skipti sveitin nýlega um stíl en margir tengdu sveitina við stöðugt skemmtana-

**Hvar? Harlem í kvöld.**

**Hverjir? UMTBS kemur fram ásamt Highlands og Nuke Dukem.**

**Hvenær? Klukkan 21.00**

**Hversu mikið? Þúsund krónur.**

hald og glamúrlifnað. Árið 2008 var umboðsmaður sveitarinnar meðal annars dæmdur í fangelsi fyrir eiturfjasmýgl og bauð útgáfurissinn Universal sveitinni gull og gersemar ef hún skipti upp bandinu og héldi til Þýskalands á vit teknóævintýra, svo dæmi séu nefnd.

„Þetta voru ruglandi tímar því við vorum svo ungir á þessu tímabili.“

## Minnkaðu sykurneysluna á fimm dögum

Sykur orsakar vítahring, stöðuga hungurtilfinningu, þreytu og skapsveiflur. Það getur verið erfitt að hætta sykurneyslu en eftirfarandi fæðutegundir draga úr sykurlöngun og hjálpa líkamanum að ná jafnvægi.

### 1 Prótein, fita og trefjar

Ástæðan fyrir þessu þrennu er einfaldlega sú að maður verður saddur af því að borða þetta og í lengri tíma. Passaðu upp á að hver máltíð innihaldi eitthvað af þessu þrennu. Til dæmis: Egg, hnetur, avókadó, ólífúolía, hummus, lax og kjúklingur.

### 2 Grænt grænmeti í staðinn fyrir brauð og pasta

Ástæðan fyrir þessu er sú að brauð er fljótt að breytast í sykur og þá ertu aftur á byrjunarreit. Grænmeti eru full af flóknum kolvetnum sem halda manni söddum í lengri tíma.

### 3 Matur sem er súr

Ástæðan fyrir þessu er sú að súr matur sparkar sykurlönguninni út um gluggann. Sem dæmi: Súrkal eða kimchi.



### 4 Hreint dökkt súkkulaði

Ástæðan fyrir því er sú að súkkulaðið losar um endorfín án þess að hækka sykurlöngun. Til dæmis: 100 prósent hreint dökkt súkkulaði, ef það er of mikið má fara niður í 75 prósent súkkulaði.



### 5 Drekkja meira af vatni

Ástæðan fyrir því er sú að vatn skolar sykri út úr líkamanum og á þannig að draga úr sykurlöngun.

Heimild:  
Heilsutorg.is

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

## MASSIVE ATTACK <sup>[UK]</sup>

WOODKID <sup>[FR]</sup> SKREAM <sup>[UK]</sup> MÚM <sup>[IS]</sup>

KERRI CHANDLER <sup>[US]</sup> SAMARIS <sup>[IS]</sup>

MAMMÚT <sup>[IS]</sup> DAMIAN LAZARUS <sup>[UK]</sup>

BODDIKA <sup>[UK]</sup> GORGON CITY <sup>[UK]</sup> DROOG <sup>[US]</sup>

SÍSÝ EY <sup>[IS]</sup> FRANCESCA LOMBARDO <sup>[UK]</sup> ONEMAN <sup>[UK]</sup>

WAZE & ODYSSEY <sup>[UK]</sup> JACKMASTER <sup>[UK]</sup> ARTWORK <sup>[UK]</sup>

CLIVE HENRY <sup>[UK]</sup> KLOSE-ONE <sup>[UK]</sup> VOYEUR <sup>[UK]</sup>

JOSH BUTLER <sup>[UK]</sup> OCULUS <sup>[IS]</sup> MY NU LENG <sup>[UK]</sup> ELÍN EY <sup>[IS]</sup>

HARRIMANN <sup>[UK]</sup> ROB SHIELDS <sup>[UK]</sup> PY <sup>[UK]</sup> DJ KÁRI <sup>[IS]</sup>

MIA DORA <sup>[UK]</sup> ORANG VOLANTE <sup>[IS]</sup> O.F.L. O.F.L.

MÍÐASALA HEFST ÞRÍ. 11. FEB. KL. 10.00 Á SECRETSOLSTICE.IS



FOUNDING SPONSOR

365

## FYNDNUSTU ÍSLENDINGARNIR

- 1 Ari Eldjárn
- 2 Pétur Jóhann
- 3 Laddi
- 4 Jón Gnarr



- 5 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
- 6 Bassi Ólafsson
- 7 Edda Björgvins



- 8-11 Hugleikur Dagsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Þorsteinn Guðmundsson



Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var hringt í 1.322 manns þar til náðist í 800 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 29. og 30. janúar. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hver er fyndnasta manneskja Íslands? Alls tóku 52 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

# „Hlátur er mín leið til að tengja“

**Ari Eldjárn** er fyndnasti Íslendingurinn samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Ari nýtur þess að láta fólk hlæja og segja sögur uppi á sviði en hann er nýbakaður faðir sem einu sinni var húðlatur en hraðlæs límheili.

Alfrún Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is



Það er alltaf góð tilfinning þegar maður er búinn að ljúka góðu giggi. Maður er sáttur með lífið og mjög léttur á því. Það er ein ástæðan fyrir því að maður er í þessu og heldur áfram,“ segir fyndnasti Íslendingurinn samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, Ari Eldjárn.

Fjögur ár eru síðan Ari ákvað að hætta í dagvinnunni og gera uppistandið að lífbrauði. Hann er meðlimur í uppstandshópnum Mið-Íslandi ásamt því að flakka um landið og fara með gamanmál upp á eigin spýtur. Seinustu tvö ár hefur hann líka komið mikið fram í Svíþjóð og Finnlandi auk þess sem sjónvarpsþáttur er væntanlegur úr smíðju hans síðar á árinu.

## Gaman og alvara haldast í hendur

Ari er nýkominn af morgunskemmtun menntaskólanema þegar hann hittir blaðamann á kaffihúsi í miðbænum. Þrátt fyrir að vera nýbúinn að reyta af sér brandarana í morgunsárið og vera sársvangur fær hann þjónustustúlkuna til að veltast um af hlátri, við það eitt, að því er virðist, að panta sér mat. Á hann erfitt með að láta taka sig alvarlega, orðinn þjóðþekktur grínari?

„Alls ekki, ég held að grínistar séu metnir til jafns við annað fólk þó þeir noti þetta frásagnarform. Ég á annars erfitt með að aðskilja starf mitt frá daglegu lífi því hlátur er mín leið til að tengja við aðra. Húmor er frábært tæki til að tjá sig og maður sér það oft á starfsstéttum sem fást við erfða hluti, til að mynda hafa margir í heilbrigðisgeiranum kolsvartan húmor. Þannig að fyrir mér haldast gaman og alvara í hendur.“

## Ekki klassískur vinnustaðagrínari

Ari var strax hress sem barn og segist alla tíð hafa hugsað í sögum og átt auðvelt með að endursegja heilu atriðin og brandara úr sjónvarpi og kvikmyndum. Fyrstu grínáhrifin komu meðal annars frá Simpsons-þáttunum en Ari var nú ára þegar þeir hófu göngu sína á Íslandi.

„Maður tók þessa þætti upp á spólu, skannaði þá aftur og aftur og lærdi þá utan að. Svo lá ég yfir gömlum MAD-blöðum sem ég fékk frá frænda mínum og lagði á minnið brandara um Richard Nixon og Spiro T. Agnew, sem ég vissi ekkert hverjir voru. Fyrsta uppistandið sem ég sá var svo Delerious með Eddie Murphy sem ég og vinir mínir skiptumst á að þylja fyrir hver annan á bjagaðari ensku. Það var ágætis æfing.“

Ari uppgötvaði fljótlega að hann ætti auðvelt með að grínast þegar hann vann í ýmissi verkamannavinnu á yngri árum.

„Ég tók vinnuna svona mátulega alvarlega og einbeitti mér aðallega að kaffipásunum. Ég var samt ekki þessi klassíski vinnustaðagrínari sem felur skó og gerir símaött. Ég var meira eins og fastráðinn pistlahöfundur sem skilar af sér daglegum dálki. Einu sinni sagði verkstjórnin við mig: „Þú ert von-

laus verkamaður og ég væri löngu búinn að reka þig ef þú værir ekki svona fyndinn.“ Eftir það leit ég á sjálfan mig sem eins konar trúnaðarmann á vinnustað.“

## Miklar og sterkar tilfinningar

Ari er nýbakaður faðir og er það hlutverk sem hann finnur sig merkilega vel í að eigin sögn. Kærasta Ara er Linda Guðrún Karlsdóttir sem vinnur í Hagaskóla, en hún er einnig einn helsti samstarfsmaður hans þegar kemur að því að semja gamanefni. Frumburðurinn Arney Día Eldjárn er alveg að verða hálfis árs og þótt Ari segist almennt ekki vilja flagga einkalífi sínu á sviði þá er einkadóttirin samt orðin smá partur af uppistandi föður síns.

„Foreldrahlutverkið er æðislegt og ég hef vanist því mun hraðar ég átti von á. Þetta eru miklar og sterkar tilfinningar og það er magnað að kynna manneskju sem er alveg óskrifað blað. Svo er þetta stelpa sem er sérstaklega spennandi fyrir mig því ég á bara bræður,“ segir Ari og viðurkennir að vera byrjaður að horfa á heiminn öðrum augum fyrir vikið.

„Maður fer að hugsa um hvernig maður getur alið hana upp sem sjálfstæða og áhugaverða manneskju og gefið kynjahlutverkum langt nef í leiðinni. Maður veltir líka meira fyrir sér veruleikanum sem konur búa við; hvaða kröfur samfélagið gerir til þeirra varðandi útlit og annað. Sumt finnst manni ógnvekjandi, annað hlægilegt. Sumt hef ég notað í uppistandi; eins og hvað það er fáránlegt að sumu fólki þyki enn merkilegt að kvenmenn séu flugstjórar. Sjálfur vann ég sem flugþjónn og man að mörgum þótti það stórskrítið.“

Ari stefnir á að verða ofurpabbi, kaupa skutbíl með viðarklæðningu og segja lúðalega brandara sem fá börnin til að ranghvolfa í sér augunum. „Ég kem af stóru heimili og ætli ég endi ekki á að reka eitt slíkt sjálfur. Ég er samt ekkert að spá í því núna – í augnablikinu erum við bara þrjú og njótum þess.“

## Húðlatur en hraðlæs límheili

Ari er Vesturbæingur. Hann styður hverfisliðið KR og verslar í Kjöttborg og Melabúðinni. Hann sleit barnsskónum í 101, gekk í Landakotsskóla, þá Hagaskóla og svo Menntaskólann í Reykjavík. Hann vill samt ekki meina að hann hafi verið neitt sérstakur námsmaður og kennir þá aðallega leti um.

„Ég var hraðlæs og límheili en geysilega latur. Þegar ég var 11 ára hætti ég að læra heima og einhvern veginn komst upp með það þangað til ég var kominn í menntaskóla. Þá var ég oft að frumlesa nóttina fyrir próf og skreidd í gegnum MR ár eftir ár, sem var ótrúlega heimskulegt eftir á að hyggja.

Ari teldist þó seint latur í dag enda hafa seinustu ár verið ótrúlega annasöm hjá honum.

Starfinu fylgir óhefðbundinn vinnutími sem einhverjir myndu setja fyrir sig. „Mér hefur samt aldrei þótt neitt skrítið að vinna svona, sennilega vegna þess að ég ólst upp við að eiga heimavinnandi föður sem er rithöfundur og móður í vaktavinnu á Veðurstofnunni. Ég þekki ekki nú til fimm mynstrið úr æsku.“



**FINNUR SIG VEL Í FORELDRAHLUTVERKINU** Ari vill almennt ekki flagga einkalífi sínu á sviði en einkadóttirin, Arney Día Eldjárn, er orðin smá partur af uppistandi föður síns. Linda Guðrún Karlsdóttir, kærasta Ara, er hans helsti samstarfsmaður þegar kemur að því að semja gamanefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

## Skaupið og troðfullur kjallari

Áramótaskaupið fékk mjög góðar viðtökur í ár sem var mikill léttir að sögn Ara. „Ég var að skrifa það í fjórða sinn en þetta var í fyrsta sinn sem ég var líka að leika. Það er allt öðruvísi upplifun því viðbrögðin sem maður er vanur að fá frá áhorfendum í sal fær maður ekki á tókustað. Þannig að þetta var smá stressandi og ég kunni vel að meta að það virtist falla í kramið.“

Þessa dagana er Ari á fullu ásamt félögum sínum í Mið-Íslandi. Hópurinn, sem samanstendur af bestu vinum sem sameinast í gríni, fyllir nú Þjóðleikhúskjallaran mörgum sinnum í viku og virðist vinsælli en nokkru sinni fyrr. „Við erum himinlifandi með mót-

tökurnar enda búið að taka okkur fjögur ár að byggja þetta upp. En við erum alveg með lappirnar á jörðinni. Er á meðan er.“

## Grínlandsliðið

Ari er ánægður með að vera nafn á lista yfir fyndnustu Íslendingana þó að sjálft toppsætið skipti hann ekki mestu máli.

„Þetta er sennilega eina landsliðið sem ég verð nokkurn tíma valinn í þannig ég er bara ánægður með það eitt og sér.“ Ari hefur sjálfur sínar skoðanir á því hverjir ættu að vera á listanum og telur oft halla á kvenmenn þegar grínistar landsins eru taldir upp.

„Ég væri til í að sjá konur nefndar oftast á nafn í þessu samhengi og nefni sem dæmi Önnu Svövu,

” **Þetta eru miklar og sterkar tilfinningar og það er magnað að kynna manneskju sem er alveg óskrifað blað.**

Ilmi Kristjáns, Ólafíu Hrönn, Uglu Egils og Sögu Garðarsdóttur sem eru allar í mínu grínlandsliði ásamt Mið-Íslandi, Þorsteini Guðmundssyni, Hulla og Steinda Jr. Er ekki hægt að lengja þennan lista eitthvað og taka stjórnmalarmennina út? Æ, nei, Jón Gnarr er borgarstjóri. Hver hefði trúað því fyrir tíu árum að grínisti gæti orðið þungavigtarmaður í stjórnsýslu á Íslandi?”



# Til Leigu

## Skrifstofuhæð á besta stað

Reitir fasteignafélag býður til leigu skrifstofuhæð í hinu reisulega „Kauphallarhúsi“ við Laugaveg 182. Húsnæðið er 733 m<sup>2</sup> á þriðju hæð og verður hún endurnýjuð að innan í samráði við nýja leigutaka. Frábært útsýni og næg bílastæði. Möguleiki á stærðum í lokaðri bílageymslu.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jónsson, forstöðumaður sölusviðs, í 840 2100 eða [halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is).

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Krínglan 4-12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

575 9000

**REITIR**

*Velkomin til starfa*

**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



**1098**  
krónur kg.

BÓNUS Grísakótleitur m.beini



Ali

Ali ferskar

**ÍSLENSKAR GRÍSA LUNDIR**

**1598**  
krónur kg.



**798**  
kr. kg

BÓNUS FERSKT Grísahakk



**598**  
krónur kg.

BÓNUS Ferskur grísabógur



KJARNAFÆÐI



**1398**  
kr. kg.

Kjarnafæði ferskt kryddað heiða-lambalæri



**998**  
krónur kg.

BÓNUS FERSKT Grísahnakka-fillet



**VINSÆLUSTU**

Kjúklingabringurnar í verslunum **Bónus**

Frosnar bringur 900g poki

**1548**  
krónur 900g.

**BROKKOLÍ**

Frosin brokkolí-blanda 1 kg.

**289**  
krónur 1 kg.



**ÍSLANDSNAUT** úrvals íslenskt ungnautakjöt



**3598**  
krónur kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta-entrecote M.FITURÖND



**2598**  
krónur kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta-piparsteik



**3598**  
krónur kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta-ribey ferskt

**Sláturfélag Suðurlands Frosið lambakjöt slátrun 2013**



SS

SLÁTRUN 2013

**1159**  
krónur kg.

Frosið lambalæri 1159 kr.kg



SS

SLÁTRUN 2013

**1698**  
krónur kg.

Frosinn lambahryggur 1698 kr.kg

AFGREIÐSLUTÍMI  
LAUGARDAGUR  
10:00-18:00

**BONUS EKKERT BRUÐL**



AFGREIÐSLUTÍMI  
LAUGARDAGUR  
10:00-18:00



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**398**  
krónur 600g.

epli Honey Crunch 600g



**398**  
krónur 600g.

epli Pink Lady 600g



**198**  
krónur kg.

FRÁ SPÁNI Nýjar appelsínur



**1998**  
kr. 80 þvottar



**OMO ÞVOTTAEFNI 80 ÞVOTTAR**



**459**  
kr. 1 kg.

Frosnir Ananasbitar 1 kg.



**298**  
kr. 75g

BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g  
Upprunaland: Ítalía



**359**  
kr. 420g

MYLLU MÖNDLUKAKAN 420g



**759**  
kr. 2 ltr.

Kjörís Mjúkís 2 ltr.



**459**  
kr. 1.2 kg.

Frosin jarðarber 1.2 kg.



**398**  
kr. 200g

BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g  
Upprunaland: Spánn



**459**  
kr. 1 kg.

Frosnir mangóbítar 1.0 kg.



**459**  
kr. 750g

AVÓCADÓ Í NETI 750g  
Upprunaland: Chile



PEPSI eða Pepsi Max  
2 LTR + Doritos poki  
**379 kr.**



**298**  
kr. 250gr

Frosin Bláber 250g.



**359**  
kr. 1 kg

GULRÆTUR 1 kg.  
Upprunaland: Limefjord Danmörk

**BONUS EKKERT BRUÐL**



AFGREIÐSLUTÍMI  
LAUGARDAGUR  
**10:00-18:00**

# Sársaukinn er alltaf til staðar

**Guðbjörg Magnúsdóttir** söngkona eignaðist fatlaðan son sem dó ellefu ára í flugvél yfir Atlantshafi. Hann skilur eftir ljúfar minningar. Krabbamein sem greindist á viðkvæmum tíma gerir það hins vegar ekki en það læknaðist. Nú syngur Guðbjörg í Eurovision-keppninni og er nýbúin að gefa út hljómdisk. Lög og textar á honum endurspeglar tilfinningar hennar og reynslu.

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Söngkonan Guðbjörg Magnúsdóttir býr í efri byggðum borgarinnar. Á einkennisplötu bíls í innkeyrslunni stendur SÖNGUR. „Maðurinn minn vildi gleðja mig með þessari áletrun en ég varð bara feimin. Nú er ég samt farin að venjast henni,“ segir Guðbjörg brosandí og býður mér sæti við borðstofuborðið. Þar kveikir hún á kertum á bakka og les heilræði dagsins úr litlu kveri: Stígurinn er fallegur. Stattu kyrr. „Þetta snýst um að njóta augnabliksins,“ segir hún og kveðst hafa lært það kornung þegar hún eignaðist fyrsta barnið sitt, soninn Magnús Óla, sem reyndist mikið fatlaður. „Ég upplifði ógnar hamingju samfara ofsalegum erfiðleikum og fann að ég yrði að staldra við því ég ætti kannski ekki morgundaginn vísan með drengnum mínum. Hann var einstakur, brosti í gegnum allt og mér fannst hann kenna mér að lifa í núinu.“

Þessa dagana snýst lífið um söng hjá Guðbjörgu. Hún syngur eitt af Eurovision-lögnum í sjónvarpinu í kvöld. Það heitir Adeins ætluð þér og er eftir Maríu Björk Sverrisdóttur. Oft hefur hún sungið bakradir í keppninni hér heima og árið 2000 stóð hún á sviðinu í Globen í Stokkholmi með Einari Ágústi og Telmu og flutti með þeim lagið Tell me. „Það var eitt af mínum skemmtilegu ævintýrum í lífinu,“ segir hún brosandí. „Síðan þá hefur mig dreymt um að fara út aftur.“

Guðbjörg kennir við Söngskóla Maríu Bjarkar og er í söngkennaranámi við danska skólann Complete Vocal Institute. Þá er fyrsti sólódiskurinn hennar, Vindurinn veit, nýkominn út með lögum úr ýmsum áttum sem sum hafa fylgt henni lengi.

## Þá fékk lífið tilgang

Guðbjörg fór til Þýskalands fyrir tvítugt sem „au-pair“ stúlka og eftir ár svissaði hún yfir í vinnu á hestabúgarði. Þar kynntist hún barnsföður sínum sem er Íslendingur. „Ég var mestalla meðgöngu-una úti, fannst ég vera hraust og keyrði til dæmis með hestakerru til Austurríkis og Sviss þar sem kærastinn var að keppa í hestaíþróttum. En ég var með of háan blóðþrýsting og lítið legvatn og lá tvívegis á spítala vegna gruns um legvatnsmissi sem fékkst aldrei staðfestur.“

Hún flaug heim til að fæða. „Drengurinn fæddist sitjandi og var tekinn með keisara 3. janúar 1996. Þann dag upplifði ég sterkt að líf mitt hefði fengið tilgang. Sonurinn var svolítið latur að drekka eins og oft er með keisarabörnum. Það kippti sér enginn upp við það.“

Átta dögum eftir fæðinguna fékk litli drengurinn mikið flogakast. „Þarna hófst baráttan hjá fagfólkinu við að finna hvað væri að og angist og óöruggið helltist yfir mig,“ lýsir Guðbjörg. Hún bjó hjá foreldrum sínum fyrstu vikurnar en fór út til kærastans með drenginn þriggja mánaða því ekkert hafði fundist að honum og hann var kominn á lyf sem unnu gegn flogunum. „Ég var nálægt háskóla-sjúkrahúsínu í Kiel og setti mig strax í samband við það. Þar hófst rannsóknarferli og drengurinn var þar meira og minna í tvö ár,“ segir Guðbjörg. „Sambandið við barnsföðurinn var slitrótt og ég var svo heppin að fá inni í einu þeirra húsa sem Mc.Donald's rekur fyrir

„Mér finnst gaman að þetta skuli raðast svona saman, platan, fertugsafmælið og Eurovision. Nýr og góður kafli er að hefjast.“

foreldra með langveik börn. Svo kynntist ég líka yndislegum hjónum sem skutu skjólshúsi yfir mig í nokkra mánuði, þau heita Hulda og Hinrik og eru hestafólk.“

## Ótti á hverri nóttu

Þegar Magnús Óli var tæplega tveggja ára kveðst Guðbjörg hafa ákveðið að flytja heim. „Ég var orðin þreytt á að bíða eftir einhverju kraftaverki, þetta var spurning um að búa okkur mæðginum eins gott líf og hægt var. Ég var búin að kaupa íbúð með hjálp fjölskyldunnar sem alla tíð studdi mig vel og Magnús Óli byrjaði í leikskóla tveggja og hálfis árs.“

Spurð hvernig fötlun Magnúsar Óla hafi lýst sér svarar Guðbjörg stillilega. „Hann var fjölfatlaður. Hafði ekki stjórn á hreyfingum sínum, gat ekki setið og þaðan af síður gengið. Hann talaði ekki en tjáði sig með hljóðum og augnum. Svo var hann lungnasjúklingur og síðustu átta árin sín nærðist hann bara gegnum sondu. Þetta var erfitt verkefni en sálarlega var það ekkert í líkingu við að missa hann. Það var ofsalega erfitt. Þó vissi ég að svona alvarlega veik börn verða ekki langlíf, ég óttaðist um líf hans á hverri nóttu. Í sex, sjö ár vakti ég yfir honum og gerði lítið annað en sinna honum. Barnaeild Landspítalans var okkar annað heimili og hann átti líka stuðningsmóður sem hann fór til eina helgi í mánuði og stundum oftar, frá tveggja ára aldri þar til hann lést. Það er kona sem mér þykir einstaklega vænt um.“

Eiginmaður Guðbjargar heitir Kristján Már Hauksson og saman eiga þau hjónin markaðsfyrirtækið Nordic eMarketing. „Kristján Már er mikill markaðsmaður, skrifar bækur og ferðast út um heim með fyrirlestura. Hann gekk Magnúsi Óla í föður stað og það var einstakt. Við eigum þrjár dætur. Þegar elsta dóttirin kom í heiminn fannst mér ég ekki geta sinnt báðum börnunum. Kristján Már átti líka dreng sem var oft hjá okkur á þessum árum. Þá fór Magnús Óli á sambyli fyrir börn á Holtaveginum. Þar dvaldi hann við gott atlati þangað til hann lést, meira og minna. En ég svaf ekki samt, því samviskan nagaði og áhyggjurnar voru til staðar.“

## Illskeytt krabbamein

Magnús Óli dó á ferðalagi ellefu ára gamall í maí 2007. „Þetta var svokallað Vildarbarnaferð sem Ícelandair býður og eru stórkostleg fyrirbæri því þær gefa börnum, sem annars gætu hvergi farið, kost á að ferðast,“ lýsir Guðbjörg. „Ég var þá nýbúin að ljúka krabbameinsmeðferð því þegar ég var gengin rúma átta mánuði með miðdótturina uppgötvast æxli í öðrum olnbogunum, ég kláraði meðgönguna og var skorin þegar dóttirin var þriggja vikna. Þá kom í ljós að um illskeytt krabbamein var að ræða og í eitt ár var ég í kjarnorkumeðferðum. Systir mín hugsaði um litla barnið, ég mátti ekki koma nálægt því og hvorki munnvatn né tár frá mér mátti falla á það. Mér er minnisstæð fyrsta meðferðarlotan. Þá var ég búin að klippa af mér síða hárið, vissi að það færi hvort sem væri. Svo reyrdi ég brjóstin sem vildu bara framleiða næringu handa



**SÖNGKONAN** Ég var stelpa með lítið sjálfstraust en öðlaðist það hægt og rólega í gegnum sönginn, það hefur eftt mig og hjálpað mér að sigrast á erfiðleikum,“ segir Guðbjörg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

nýfædda barninu. Það var ofsalega sárt. Drengurinn minn var á spítalanum á þessum tíma og kom í hjólastólum að heimsækja mömmu sína.“

Hér verður ekki tára bundist. „Sársaukinn er alltaf til staðar. Það er bara þannig. Stundum hellist hann yfir þegar ég leyfi mér að fara aftur inn í aðstæðurnar í huganum. En ég hef fleiri ráð en áður til að fjarlægja mig honum,“ segir hún afsakandi og heldur áfram eftir litla stund. „Ég er líka ofsalega heppin, krabbameinið hafði ekki dreift sér og ég útskrifaðist síðasta sumar.“

Við snúum talinu aftur að hinni örlagaríku utanlandsferð. Nú sæti voru tekin úr flugvélinni til að hægt væri að koma Magnúsi Óla fyrir. Svo var flogið til Ameríku. „Þetta var draumaferð lengst af. Systir mín var með og hjúkrunarkona og Magnús Óli var glimrandi hress. En á heimleiðinni sofnaði hann yfir Atlantshafinu og einhver heilaboð slökktu á lífinu. Ég var með litlu telpuna mína, eins árs, í fanginu og engin orð geta lýst líðan minni.“

**Stigu brúdarvals við Vindurinn veit** Eftir hinar miskunnarlausu lyfjamæðferðir var Guðbjörgu ekki gefin von um að geta eignast fleiri börn. En kraftaverkið gerðist því 9. maí 2011 leit lítill stúlka dagsins ljós, hún hlaut nafnið Bryndís María. „Lífið hefur hægt og rólega

## Minning þín



Lokalagið á nýja disknum hennar Guðbjargar, Vindurinn veit, heitir Minning þín og er tileinkað syninum Magnúsi Óla. Þegar hann lést vorið 2007 tóku góðir vinir hennar sig saman og lögðu peninga í þúkk. „Þau vissu að draumur minn væri að geta gefið út lag til minningar um drenginn minn og færðu mér þessa gjöf á góðum degi,“ lýsir Guðbjörg.

Trausti Bjarnason bauð fram lag sem passaði vel tilefninu og Kristján Hreinsson skáld brást vel við beiðni um texta.

„Ég hringdi í Kristján, sem ég hafði aldrei talað við fyrr, og lýsti Magnúsi Óla í færri orðum en fleiri. Hann söng fyrir mig textann nokkru seinna, með klökkva í rómnum,“ segir Guðbjörg. „Svo treysti ég mér ekki til að gera neitt með þetta góða efni fyrr en núna. Það er búið að vera hjá mér öll þessi ár.“

farið upp á við. Það hefur gert okkur foreldrana að betri og hæfari manneskjum að mörgu leyti en líka sett sitt mark á okkur,“ segir Guðbjörg. „Eitt það fallegasta sem út úr þessari reynslu hefur komið hjá mér er auðmýkt og þakklæti fyrir það sem ég hef fengið.“

Lækningamáttur tónlistar og söngs er magnaður, að mati Guðbjargar. Það kveðst hún hafa fundið á börnum sínum, nemendunum sínum og ekki síst sjálfri sér. „Ég var stelpa með lítið sjálfstraust en öðlaðist það hægt og rólega í gegnum sönginn, það hefur eftt mig og hjálpað mér að sigrast á erfiðleikum.“

Guðbjörg söng í mörgum uppfærslum á Broadway á sínum tíma. „Ég skaust stundum á Broadway beint af spítalanum þar sem

Magnús Óli var, starfsfólkið studdi mig og sinnti honum á meðan,“ rifjar hún upp. Hún segir sönginn alltaf hafa verið númer tvö – á eftir fjölskyldunni, því hafi frægðarferillinn tekið langan tíma hjá henni og vísar þar meðal annars til fyrstu sólóplötunnar sem er nýkominn út og mikið er lagt í. Titillagið, Vindurinn veit, hefur lengi verið í uppáhaldi hjá henni. „Við hjónin dönsuðum brúdarvalsinn við það lag á sínum tíma, sungnu af Ninu Simone. Nú hef ég látið gera texta við það sem ég tileinka manningu mínum,“ upplýsir hún.

Guðbjörg er að verða fertug á þessu ári. „Mér finnst gaman að þetta skuli raðast svona saman, platan, fertugsafmælið og Eurovision. Nýr og góður kafli er að hefjast.“

# Upplifun fyrir alla fjölskylduna

## UTmessan

Í DAG Í HÖRPU FRÁ KL. 10–17

ALLIR VELKOMNIR

Tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga skemmtilegan dag saman, skoða glæsilega sýningu helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins og kynna sér hvað upplýsingatæknigeirinn hefur fram að færa.

### DAGSKRÁ:

- Sýningarbásar yfir 50 fyrirtækja
- Getraunir, gjafir og leikir með flottum vinningum
- Spennandi erindi um tölvutækni kl. 11, 13 og 15
- Sjáðu nýtt atriði frá Sprengjugenginu kl. 12, 14 og 16
- Fylgstu með hönnunarkeppni HÍ frá kl. 12-16
- Prófaðu að forrita
- Magnaðir hlutir með smátölvum
- Fylgstu með hvernig þrívíddarprentarar virka
- Upplifðu tölvuleik með sýndarveruleikagleraugum
- Skoðaðu gamlar tölvur frá síðustu öld
- Sjáðu hraðvirkasta prentara í heimi
- Margt fleira áhugavert
- Nánari dagskrá á [www.utmessan.is](http://www.utmessan.is)

Gefðu gömlu smá-raftækjunum þínum nýtt líf og styrktu í leiðinni gott málefni. Allur ágóði af endurvinnslu tækjanna fer í kaup á tölvum fyrir börn á Barnaspítala hringsins.

Enginn aðgangseyrir og ókeypis í bílastæðahús  
Hörpu á meðan húsrúm leyfir.



# Stílhreinir og fjölbreyttir tískustraumar frá Skandinavíu

Álfrún Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is

Haust- og vetrartískan 2014 frá mörgum af frægustu fatamerkjum Skandinavíu var sýnd á tískuvikum í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Víð en stílhrein snið voru samnefnari yfir þá tískustrauma sem mátti greina á tískupöllum. Svarti liturinn var áberandi en inn á milli læddust litir á borð við brúnan, bláan og bleikan.

## STOKKHÓLMUR



→ Whyred




→ Altewai Saome



→ Cheap Monday



→ Dagmar



→ Ida Sjösted

## KAUPMANNAHÖFN



→ Bruuns Baazar



→ Ganni



→ Malene Birger



→ Designers Remix



→ Henrik Vibskov



→ Henrik Vibskov



→ Bruunz Baazar



→ J.Lindeberg

## HERRATÍSKAN

Karlmannstískan var ekki út undan á tískuvikunum í Skandinavíu en þar var fjölbreytnin minni. Munstraðar buxur hjá sænska merkinu J.Lindeberg og hefðbundin aðsniðin jakkaföt hjá Bruunz Bazaar. Hinn danski Henrik Vibskov var hins vegar með ímyndunaraflið í lagi eins og sást á höfuðbúnaði fyrirsætanna í sýningu hans.

FIND **NEW** ROADS™



# FÁÐU MEIRA...



1.736.000.-

## CHEVROLET SPARK

Chevrolet Spark LS er með flottan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

- Samlæsing
- 6 loftpúðar
- Útvarp, CD, Ipod og
- USB tengi
- ABS hemlælæsivörn
- Diskabremsur að framan
- ISOFIX öryggisfestingar
- Hæðastillanlegt bílstjórásæti
- Hiti í afturrúðu
- Dagljósabúnaður
- Frjókornasía
- Öryggisvari á bilbeltum

Hluti af staðalbúnaði - sjá meira á [benni.is](http://benni.is)

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

### Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

**Bílaúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bilum

## TYRFINGUR UM ...

## Komentakerfi DV

Ég elska komentakerfið. Þetta er svo hinsegin hópur, hann situr bara og segir: „Mér finnst þú fáviti,“ engin rök eða neitt, það eina sem skiptir máli er að taka þátt í „umræðunni“. Þetta er svolítið karnal og leikhús. Og þótt kommentin séu stundum viðbjóðsleg þá er það þetta algjöra frelsi til að segja hug sinn sem heillar mig. Eina sem mér finnst óhuggulegt er þetta fólk sem vill láta loka komentakerfunum. Það er hættulegt.

## Krúttkynslóðina

Krúttkynslóðin er náttúrulega alveg afleit. Þetta fólk er núna 35 til 40 ára og vill enn halda í þetta barnslega. Hún hefur engin völd og reynir ekki einu sinni að öðlast þau. Vill bara sitja og spila á gítar og syngja og allt á að vera í „gúddí flíng“ og gott. Mér finnst þetta óeðlilegt. Að sjá 39 ára ölvað krútt er bara óbærilegt.

## Tyrfing Tyrfingsson

Ég er bara strákur úr Kópavoginum sem fór að skrifa sögur af því að mig langaði til að eiga mitt eigið tungumál og fá að stjórna einhverju í stjórnlásum heimi. Ef þú vilt vita eitthvað meira um mig verðurðu bara að hringja í vin eða spyrja salinn. Ég veit ekki meir.

# Hví ertu svona heimskur, Tyffi?

Bláskjár eftir Tyrfing Tyrfingsson verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Tyrfingur er 26 ára og algjör spútnikk í íslensku leikhúslífi, var tilnefndur til Grímuverðlauna í fyrra sem sproti ársins, er staðarskáld Borgarleikhússins og verkin hans hafa vakið ómælda hrifningu og áhuga. En hver er hann, hvaðan kom hann og hvert er hann að fara?

Friðrika Benónýsdóttir

friðrikab@frettabladid.is



Ég átti voða eðlilega æsku í Kópavoginum nema hvað við fórum einu sinni á ári í heimsókn til ömmu Möllu sem bjó í Flórída og vorum þar í fjórar til sex vikur. Þar gekk maður inn í mjög sérstakt samfélag íslenskra kvenna og ég fór að hlusta á hvernig þær töluðu, þær áttu nefnilega sitt eigið tungumál og það fannst mér mjög áhugavert. Það var alltaf verið að skamma mig fyrir að segja eitthvað vitlaust en amma mátti bara bulla, sem mér fannst bæði skrítið og ósanngjarnt. Mamma benti mér þá á að ég gæti farið að skrifa sögur þar sem ég mætti skrifa allt sem mér dytti í hug á mínu eigin tungumáli og að það mætti aldrei skamma fólk fyrir það sem það skrifaði. Til að byrja með voru sögurnar dálítið bældar, en svo fór mér að finnast ég frjálís í þeim og þá fór eitthvert flæði í gang. Ég veit að þetta er klisjukennt, en svona var þetta bara.“

Amma Malla og vinkonur hennar í Flórída voru miklir áhrifa-valdar í lífi Tyrfings, ekki bara hvað tungumálið varðar. „Þær voru ofboðslega hressar og kátar alltaf og mikið stuð í kringum þær. Stundum var djamm og þá laumaði ég mér fram og faldi mig undir borði til að hlusta. Þá upp-götvaði ég að þær áttu sér aðra hlið. Ekkert endilega sannari hlið, bara öðruvísi. Það var allt annað að heyra í þeim á kvöldin yfir glasi og sígó heldur en á daginn, ég upp-götvaði að allt fólk á sér fleiri en eitt andlit og við þessa upplifun breyttust sögurnar mínar, urðu dýpri og fjölbreyttari.“

## „Tyffi, why are you so stupid?“

Hvernig þróuðust sögurnar síðan yfir í leikrit? „Ég veit það eiginlega ekki. Bíó heillaði mig aldrei og ekki tölvuleikir heldur, enda alveg viss um að internetið væri bóla þegar ég var þrettán ára. En mér fannst eitthvað heillandi við það að einhver gæti staðið fyrir framan þig og logið að þér og þú keyptir það af því þetta var leikrit. Leik-ararnir komust upp með að segja fökk jú við áhorfandann og öllum fannst það bara allt í lagi. Ég hafði líka alltaf verið að hlusta eftir því hvernig fólk talaði svo það lá beint við að fara að skrifa samtöl. Ég vona að þau leikrit sem ég skrifaði í grunnskóla finnst ekki einhvern tíma í einhverri skúffu, en ég varð samt fljótt býsna öruggur í þessu formi.“

Þig langaði ekki að verða leikari og flytja textann sjálfur? „Nei, ég hafði engan áhuga á því. Í MH gekk ég ekki einu sinni í leikfélagið, fannst alltof mikil læti í kringum það. En við vorum nokkur sem fórum að gera tilraunir með gjörninga og ástæðan fyrir því að ég sótti um í Fræði og framkvæmd var að ég ætlaði að verða gjörningalistamaður. Var á þeim forsendum í skólanum en ekki að finna mig og ekkert viss um að ég ætti heima þarna alveg þangað til á síðasta ári. Þá fór ég í skiptinám til Tékklands og hitti alveg

dásamlega konu sem var prófessorinn minn, hún Tanja. Hún var mjög hörð, ég grenjaði stundum undan henni, það var alveg sama hvað ég gerði, einu viðbrögðin sem ég fékk voru: „Tyffi, why are you so stupid?!“ Og hún meinti það bókstaflega, hún var að biðja mig að útskýra það hvers vegna ég væri svona heimskur. Það var eiginlega hún sem kom mér til að fara að skrifa aftur, hélt að það yrði kannski ekki eins heimskulegt og allt annað. Svo ég byrjaði að skrifa og bera undir hana það sem síðar varð lokaverkefnið mitt, Grande. Ég hafði hugsað mér að byrja svolítið létt og reyna að gera þetta fyndið en viðbrögðin hjá henni voru: „Tyffi, þykist þú vita hvað er fyndið?“ Neeeee, kannski ekki. „Það er fyndið þegar einhver reynir að gera eitthvað og getur það ekki.“ Ég fór að hugsa um þessi orð og þau kveiktu svolítið í mér. Henni fannst reyndar ekkert varið í Grande en hún las Bláskjá um daginn og sagði: „Maybe this is not so stupid.“ Það er mesta hrós sem ég hef fengið.“

## Dáist að hjúkrunarfræðingum

Tyrfingur fór í framhaldsnám í Goldsmiths-háskólann í London, en fann sig ekki þar, kom heim og hélt áfram að skrifa. Auk Grande, sem tilnefnt var til Grímuverðlauna sem besta leikrit ársins í fyrra, hefur verið sýnt eftir hann verkið Skúrinn á sléttunni og nú er hann orðinn staðarskáld Borgarleikhússins, aðeins 26 ára gamall. Hann segist þó enn þá ekki viss um að hann sé á réttri hillu og að hann fái alltaf annað slag við nánast óviðráðanlega löngun til að hætta í leikhúsinu og fara að læra hjúkrun. „Það gerist svona þrisvar á ári að ég ákveð að þetta sé búíð, ég sé búinn að missa gáfuna og það sé best að hætta. Þá fer ég að skoða hvernig ég geti skráð mig í hjúkrunarnám, hringi nokkur símtöl og svona. Þetta tímabil stendur oftast í svona þrjár vikur og líður svo hjá en meðan á því stendur er ég alveg að meina þetta. Langar svo til að vera ógeðslega góður og hjálpa öllum eins og hjúkrunarfræðingarnir sem ég var að vinna með á geðdeildinni. Þær eru alveg ótrúlegar. Þær hafa það fallegasta lag á öðru fólk sem ég hef nokkurn tíma séð. Einu skiptin sem ég verð stjórnustjari [starstruck] eru ef ég mæti einhverri þeirra á götu. Ég ber endalaus virðingu fyrir þeim.“

## Öllum boðið inn í skápinn

Tyrfingur er samkynhneigður, finnst honum það skipta máli í því sem hann er að skrifa? „Ég hef þá stefnu að hafa alltaf einn homma í verkunum mínum en að kynhneigðin sé aldrei aðalatriði. Það er svo mikið um það að þeir sem leika homma geri það að aðalatriði í túlkun sinni, en mér finnst það röng nálgun. Kynhneigð fólks er aldrei aðalatriði í því hvert það er. Þannig að ég passa upp á það að sú persóna sem er samkynhneigð í verku mínum hafi allt önnur og stærri vandamál en kynhneigðina við að glíma. Það er ekki stór sigur en það er samt það minnsta sem ég get gert.“

Meinarðu að það sé ekkert erfitt að vera samkynhneigður á Íslandi í dag, eru fordómarnir horfnir?



TYRFINGUR TYRFINGSSON  
„Hommar falla átómatískt í einhvern hóp sem er í sviðsljósinu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hver er Tyrfingur Tyrfingsson?

**Foreldrar:** María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH, og Tyrfingur Tyrfingsson, matreiðslumaður og leiðsögumaður.

Tvö yngri systkin, Einir og Svava.

**Nám:** Hjallaskóli, Menntaskólinn við Hamrahlíð; Listaháskóli Íslands; Fræði og framkvæmd og Goldsmiths-háskóli í London.

**Leikverk:** Grande, Skúrinn á sléttunni, Bláskjár.

**Tilnefningar:** Grande tilnefnt sem leikrit ársins á Grímunni 2013. Tyrfingur tilnefndur sem Sproti ársins fyrir ritun Grande.

**Títtill:** Staðarskáld Borgarleikhússins.

**Helstu áhrifavaldar:** Amma Malla og Tanja.

**Draumur:** Að verða hjúkrunarfræðingur.

**Næst á dagskrá:** Að verða skemmtilegur.

„Fordómarnir eru í felum. Hér á sér stað það sem Þorvaldur Kristinsson kallar „síðmenntuð haturs-orðræða“, fordómarnir eru ekki áberandi en það er voða stutt í þá. Ég held það stafi að sumu leyti af því hvað breytingin á viðhorfum var brött. Einn daginn voru hommar hreinn viðbjóður og réttlætunlegt að lemja þá en næsta dag voru þeir komnir í tísku og öllum átti að finnast þeir æðislegir. Á örfáum árum kringum aldamótin síðustu varð svakalega snögg umbylting sem ég held að geti ekki talist eðlileg. Enda sjáum við að það eru mjög fáir hommar í stórum áhrifa-stöðum, þeir eru samþykktir sem

skemmtikraftar, þeir sem mega syngja jafnt í brúðkaupum sem jarðarförum, en miklu lengra nær umburðarlyndið nú ekki. Hommar falla átómatískt í einhvern hóp sem er í sviðsljósinu og allir mega hafa skoðun og áhuga á einkalífi þeirra. Það er eins og skápurinn sé opnaður en í stað þess að homminn komi út og blandist hópnum þá komi allir hinir inn í skápinn og skoði þar allt í krók og kring. Það finnst mér vera perversjón.“

## Svolítið leiðinlegur

Bláskjár var tilbúinn áður en Tyrfingur varð staðarskáld Borgarleikhússins og nú vinnur hann að nýju

verki sem hann segir vera hundrad prósent gamanleikrit. „Ég er nú ekki kominn langt, en þetta eru fleiri persónur en áður hjá mér og á að vera fyndið, sem ég vona að það verði.“

Ert þú skemmtilegur?

„Nei, nefnilega ekki. Ég er í rauninni svolítið leiðinlegur, en ég geri mér grein fyrir því og reyni að vanda mig og vera fyndinn stundum svo ég missi ekki alla vini mína. Síðustu dagana fyrir frumsýningu er ég alveg óbærilega leiðinlegur, því það kemst ekkert annað að, en ég lofa því að ég skal vera svakalega skemmtilegur í næstu viku.“

# PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA!



20 bitar

## GAMLI GÓÐI

Hangikjöt, eggjasalat og fint brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fint brauð. Rækjusalat og fint brauð.



20 bitar

## EÐALBAKKI

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fint brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.



30 bitar

## TORTILLA VEISLUBAKKI

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.



30 bitar

## TORTILLA OSTABAKKI

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.



20 bitar

## LÚXUSBAKKI

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fint brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



24 bitar

## PÍTUBAKKI

Tikka masala kjúklingur og iceberg. Reykt skinka, eggjasalat og iceberg.

PRÓFAÐU  
EITTHVAÐ  
NYTT!



## ÁVAXTABAKKI

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

Fyrir 10 manns



50 bitar

## DESERTBAKKI

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi. Kókostoppar með súkkulaði.

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.

Pantaðu í síma  
**565 6000**  
eða á [www.somi.is](http://www.somi.is)  
Frí heimsending\*

# FERSKT & ÞÆGILEGT

## FYRIR 5 EÐA 500

Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíð eða hvenær sem 5 eða fleiri koma saman.

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 15.30 daginn áður, alla virka daga. Pantaðu í síma **565 6000** eða á [somi.is](http://somi.is).



\*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.



**Fyrir rétti í Nígeríu**

Sakborningar, grunaðir um samkynhneigð, í grænum fangafötum frammi fyrir dómáranum El-Yakubu Aliyu, sem dæmir eftir íslömskum lögum í Bauchi í norðurhluta landsins. Myndin er tekin 22. janúar síðastliðinn, þegar fresta þurfti réttarhöldum yfir 10 manns eftir að múgur hóf að kasta grjóti inn í réttarsalinn.



**Kom út úr skápnunum í Kenía**

Binyavanga Wainaina, einn af virtustu rithöfundum Kenía, skýrði nú í janúar frá samkynhneigð sinni í smásöggunni „Ég er hommi, mamma“. Samkynhneigð er bönnuð í Kenía, en sjaldgæft að fólk sé handtekið vegna kynhneigðar sinnar. Hann segist hafa fengið góð viðbrögð í heimalandi sínu.



**Náðaðir í Malaví**

Hjónin Steven Monjeza og Tiwonge Chimbalanga á blaðamannafundi árið 2010, nokkrum dögum eftir að Bingu wa Mutharika forseti náðaði þá. Þeir höfðu áður fengið fjórtán ára fangelsisdóm, hörðustu refsingu sem lög landsins bjóða upp á. Þau lög eru reyndar arfur frá nýlendutímanum, þegar Bretar réðu þar.



**Rekinn úr landi í Úganda**

Bretinn Bernard Randall var gerður brott-rækur frá Úganda í lok síðasta mánaðar. Hann átti yfir höfði sér refsingu fyrir að hafa haft í fórum sínum myndband þar sem hann sést stunda kynlíf með öðrum karlmanni. Ástvinur hans, Albert Cheptoyek, óttast nú um líf sitt í Úganda.



# Langt til lands í Afríku

Víðast hvar í Afríku er samkynhneigð enn bönnuð, sums staðar að viðlagðri dauðarefsingu eða langri fangelsisvist. Nígeríu-stjórn herti mjög refsíákvæði gegn samkynhneigð, en Museveni Úgandaforseti hefur vikum saman verið tvístígandi gagnvart því hvort hann eigi að staðfesta með undirskrift sinni stranga löggjöf sem þjóðþingið þar samþykkti nú í desember.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



**Y**oweri Museveni, forseti Úganda, hefur vikum saman hikað við að staðfesta með undirskrift sinni ströng lög um samkynhneigð, sem þjóðþing landsins samþykkti í desember.

Hann gaf það út að hann myndi ekki staðfesta lögin fyrr en hann hefði fengið staðfestingu frá vísindamönnum um að samkynhneigð væri ekki meðfædd heldur áunnin. Hann ákvað svo að fela hópi vísindamanna að rannsaka málið og niðurstaða þeirra átti að liggja fyrir nú í vikunni.

Museveni hefur boðað að á þingi stjórnarflokks síns, NRM, sem hófst á fimmtudag en stendur fram á næstu helgi, muni hann kynna niðurstöður vísindamanna og jafnframt taka afstöðu til þess hvort hann muni staðfesta lögin.

**Tvístígandi forseti**

Sameinuðu þjóðirnar, stjórnvöld á Vesturlöndum, mannréttindasamtök og einstaklingar víða um heim hafa síðustu vikurnar sent fjölda áskorana til Musevenis um að undirrita ekki þessi umdeildu lög, sem þvingja refsinguna við samkynhneigð svo við liggja ævilangt fangelsi.

Museveni er tvístígandi og vill greinilega hvorki styggja „alþjóðasamfélagið“ né kjósendur sína sem virðast hæstánægðir með að herða allar refsingar við samkynhneigð.

Í bréfi sem hann sendi til þingsins reynir hann að útskýra afstöðu sína og segir að samkynhneigðir séu vissulega „afbrigðilegir“ en hann telji samt ekki rétt að refsa þeim með fangelsi eða lífláti – ekki frekar en til dæmis albínóum eða flogaveikum.

Hann virðist binda vonir við að betri efnahagur geti „bjargað“ að minnsta kosti sumu fólki frá „afbrigðilegheitum“ samkynhneigðar. Spurningin sé hins vegar hvað eigi að gera við þá sem hugsanlega er ekki viðbjargandi.

**→ Úr bréfi Musevenis, forseta Úganda, til þingsins**



YOWERI KAGUTA MUSEVENI

„Verkefnið, sem við stöndum frammi fyrir, snýst því um það hvernig rétt er að meðhöndla annars vegar þá sem eru kynferðislega afbrigðilegir og hins vegar þá sem nota peninga eða önnur áhrif til þess að fá kynferðislega eðlilegt fólk til þess að stunda þetta afbrigðilega og viðbjóðslega háttalag. Þegar við komum saman á landsþingi NRM munum við áreiðanlega finna hina vísindalega réttu afstöðu.“

**Ekkert hik í Nígeríu**

Stutt er síðan Nígeríuþing samþykkti einnig ný lög gegn samkynhneigð og Goodluck Jonathan forseti þar hikaði ekki við að staðfesta þau með undirskrift sinni. Það gerði hann í síðasta mánuði.

Rétt eins og í Úganda hefur samkynhneigð lengi verið bönnuð með lögum, en með nýju lögum verður refsingin þungri. Nú mega samkynhneigð þör í Nígeríu búast við allt að fjórtán ára fangelsi.

Í norðanverðri Nígeríu, þar sem sjaría-lög múslima eru í hávegum höfð, er refsingin reyndar enn þungri. Líflátsdómur liggur þar við sýni fólk tilburði til samkynhneigðar.

Dauðarefsing er einnig við samkynhneigð í sunnanverðri Sómalíu, Míritaníu og Súdan. Á þessum stöðum eru íslömsk lög túlkuð af miklu harðfylgi.

**Bent á annað verra**

Aðstæður samkynhneigðra í Úganda og Nígeríu eru að flestu leyti sambærilegar því sem búast má við í Afríku allri. Samkynhneigð er bönnuð með lögum í flestum ríkjum álfunnar, sums staðar að viðlagðri dauðarefsingu. Misjafnlega er að vísu farið eftir þeim lögum. Sums staðar láta stjórnvöld eins og þau sjái ekki samkynhneigða, en annars staðar er hart gengið fram.

Jafnvel í þeim ríkjum álfunnar þar sem samkynhneigð er ekki formlega bönnuð eru miklir fordómar ríkjandi gagnvart samkynhneigðum. Þeir sæta áreitni og ofbeldi af öllu hugsanlegu tagi. Lesbíum er nauðgað hrottalega undir því yfirskyni að það eigi að „kenna þeim“ að stunda kynlíf með körlum. Hópar ofbeldismanna leita uppi samkynhneigða karla og konur gagnert til þess að misþyrma þeim og myrða.

Gagnrýni frá Vesturlöndum er iðulega svarað með því að íbúar Afríku eigi við stærra vandamál að glíma en að tryggja réttindi þessa minnihlutahóps. Andspænis hungri og styrjöldum megi málsvarar mannréttinda sín lítils.

## Samkynhneigð í Afríku



### SÉRSTAÐA SUÐUR-AFRÍKU

Suður-Afríka hefur töluverða sérstöðu hvað varðar réttindi samkynhneigðra í Afríku. Ekki aðeins hefur samkynhneigð verið leyfð í landinu síðan 1998, heldur er samkynhneigðum einnig heimilt að ganga í hjónaband og ættleiða börn.

Sérstöðuna má rekja til áherslu nýrra stjórnvalda, undir forystu Nelsons Mandela, á almenn mannréttindi eftir að aðskilnaðarstefna hvíta minnihlutans mólnaði í sundur árið 1991.

Þessi formlegu réttindi breyta því þó ekki að djúpstæðir fordómar gagnvart samkynhneigð eru útbreiddir í Suður-Afríku, ekki síður en annars staðar í álfunni. Í stórborgunum í austanverðu landinu er ástandið þó skárra, þar er auðugt næturlíf sem dregur til sín samkynhneigða ferðamenn og gleðigöngur eru haldnar á hverju ári. Nú síðast hafa borist fréttir af því að í þingkosningum í Suður-Afríku á næsta ári muni í fyrsta sinn bjóða fram stjórnmalaflokkur sem hefur það á stefnuskrá sinni að verja samkynhneigða gegn ofbeldi og ofsóknum.



**SAMKYNHNEIGÐIR FAGNA** Mikil gleði ríkti í hinsegín göngu samkynhneigðra í Höfðaborg í febrúar árið 2007, árið eftir að hjónabönd samkynhneigðra höfðu verið leidd í lög þar í landi.







Vnr. 38910030  
SMART járnhillur  
138x70x30 cm.  
**2.995** kr.

Vnr. 38910044  
FUTUR járnhillur,  
180x90x45 cm.  
**7.995** kr.



Vnr. 68116116  
LUX vinnuborð sem  
auðvelt er að brjóta saman.  
**3.595** kr.


VERÐVERND BYKO  
**LÆGRA  
VERÐ**



Verslaðu beint  
úr BYKO blaðinu  
á byko.is



Vnr. 74810233  
BOSCH AQT 33  
háþrýstidæla, 100 bör.  
**19.995** kr.



**FYRIR HESTAMANNINN**

Vnr. 0019220  
Pellettur 16 kg poki.  
**1.290** kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndbreytingu. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á [www.byko.is](http://www.byko.is).

Vnr. 58094001  
Geymslubox með smelluloki, 4 l. **695** kr.

Vnr. 58094401  
Geymslubox með smelluloki, 7 l. **895** kr.

Vnr. 58094101  
Geymslubox með smelluloki, 12 l. **1.195** kr.

Vnr. 58094501  
Geymslubox með smelluloki, 24 l. **1.445** kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF ÓDÝRUM OG

GÓÐUM GEYMSLUBOXUM

LÉTTU ÞÉR  
VERKIN

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Vnr. 85540083  
BYKO innimáling,  
gljástig 10, ljósir litir, 10 l. **7.995** kr.

Vnr. 42376665  
Trappa með  
tveimur þrepum.



**KLÚBB** verð  
**2.995** kr.  
Almennt verð 3.990 kr.



Vnr. 68546550  
LUX verkfærasett, 54 stk. **9.995** kr.



Vnr. 77700710  
TORIN verkfærabox  
með 2 skúffum. **9.995** kr.



Vnr. 74092405  
SKIL rafhlöðu-  
skrúfúvél, 3,6V. **4.995** kr.



Vnr. 74802240  
BAVARIA BJS  
stingsög, 350W. **2.195** kr.



Vnr. 74800555  
BAVARIA höggborvél. **4.495** kr.



**BOSCH**  
Vnr. 74862195  
BOSCH multisög  
PMF 190 E.  
Aukahlutir fylgja. **18.995** kr.



38 CM



Vnr. 68393973  
LUX PROMO  
verkfærabox, 38 cm. **895** kr.

50 CM



Vnr. 68393974  
LUX PROMO  
verkfærabox, 50 cm. **1.595** kr.

51 CM



Vnr. 77700654  
FISCHER verk-  
færabox, 51 cm. **3.995** kr.

66 CM



Vnr. 77700382  
FISCHER verk-  
færabox, 66 cm. **4.995** kr.



facebook.com/BYKO.is

# Hreint glapræði að afnema verðtrygginguna strax

**Brynjar Níelsson**, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að það væri glapræði að afnema verðtrygginguna strax enda myndi það hafa neikvæð áhrif á lífeyrissjóðskerfið og Íbúðalánasjóð. Hann vill skilgreina betur hlutverk forseta Íslands í stjórnarskránni og setja inn sérstakt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Tillögur stjórnlagaráðs hafi gengið of langt.

## ESB-AÐILDARVIÐRÆÐUR

☞ Vandamálið er það að fyrri ríkisstjórn kláraði ekki þessar viðræður. Síðan kemur ný stjórn sem hefur ekki áhuga á að ganga í ESB. Það er voða erfitt fyrir ESB að fara í viðræður við ríkisstjórn sem hefur ekki áhuga á því að ganga í bandalagið. Fyrir mér gengur þetta ekki upp.

## SKULDAÐGERÐIR RÍKISSTJÓRNARINNAR

☞ Ég sagði í kosningabaráttunni að ég væri mjög ósáttur við tillögur framsóknarmanna. En ég er auðvitað í liði. Ég er í ríkisstjórnarflokki. Ég tel að á endanum hafi niðurstaðan verið ásættanleg.

## NÝLIÐAR Á ALPINGI

☞ Ég held að það sé ekki gott að það sé svona mikil endurnýjun á svona skömmum tíma. Menn þurfa að komast inn í þetta starf. Skilja ákveðin atriði. Ég held að það veiki þingið almennt ef það eru of margir nýliðar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brynjar var kjörinn á þing í síðustu kosningum en áður hafði hann starfað sem lögfræðingur í nærri þrjú áratugi. Brynjar segir að umræðan í kjölfar bankahrunsins hafi orðið til þess að hann fór að hugsa meira um þjóðmálin. „Eftir hrúnið fór ég að tjá mig um þjóðmálin og hafði áhyggjur af því hvert þetta væri að stefna og hvernig viðbrögð voru við hruninu. Ég hafði skoðun á því og taldi rétt að viðra hana. Svo vatt þetta upp á sig og menn fóru að spyrja hvort ég vildi ekki fara alla leið,“ segir Brynjar. Brynjar hefur ekki verið þekktur fyrir það að liggja á sínum skoðunum en hann hefur meðal annars skrifað um þá hættu sem gæti skapast ef dómarmar láta undan þrýstingi almennings í dómsmálum sem tengjast hruninu. Mikil reiði hafi ríkt í samfélaginu og dómarmar finni fyrir þessari reiði. „Það er undirliggjandi þrýstingur og við erum bara mannleg. Það er ekkert grín að eiga við þetta en ég geri þá kröfu að menn standi í lappirnar.“

### Erfitt að afnema verðtrygginguna

Starfshópur ríkisstjórnarinnar um afnám verðtryggingar á neytendalánum skilaði tillögum í síðasta mánuði. Skipt-

ar skoðanir eru um tillögur hópsins en Brynjar vill stíga varlega til jarðar í málinu. „Við erum með lífeyrissjóðskerfi sem byggir á þessu. Hefði verðtryggingunni ekki verið komið á á sínum tíma þá værum við ekki með svona sterkt lífeyrissjóðskerfi. Menn verða að horfa á þetta í samhengi. Það eru gallar við verðtrygginguna. Það er spurning hvort hægt sé að laga hana með einhverjum hætti. Er það t.a.m. sjálfsagt að hver einasta olíuverðshækkun komi af fullum krafti inn í neysluvísitöluna? [...] Ef verð á olíu hækkar þá dregur að sama skapi úr notkun. Þetta er ekki alltaf eðlilegur mælikvarði. Spurningin er að skoða hvort ný lán verði með öðrum hætti og öðrum viðmiðunum. En taka [verðtrygginguna] úr gildi núna með lífeyrissjóðskerfið sem við erum með, með Íbúðalánasjóð, það væri glapræði. Hreint glapræði,“ segir Brynjar.

### Tillögur stjórnlagaráðs gengu of langt

Sérstök stjórnarskrárnefnd undir forystu Sigurðar Línadal lagaprófessors vinnur að tillögum að breytingum á stjórnarskránni í samræmi við samkomulag þingflokka

frá því í fyrra. Brynjar vill skilgreina betur hlutverk forseta Íslands og valdsvið embættisins. „Þó að Ólafur Ragnar Grímsson hafi að mörgu leyti staðið sig mjög vel þá vil ég hafa einhverja festu í þessu þannig að menn viti hvar valdmörkin eru. En ekki að forseti móti þetta eftir sínu höfði og ríkisstjórnin viti ekki sitt rjúkandi ráð,“ segir Brynjar. Hann vill líka setja inn sérstakt ákvæði í stjórnarskrána þannig að ákveðinn hluti þjóðarinnar geti kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu. „Ég held að það sé almenn samstaða um það milli allra flokka. Þetta er spurning hvernig á að framkvæma þetta,“ segir Brynjar. Hann segir hins vegar að tillögur stjórnlagaráðs hafi gengið of langt. „Tillögurnar báru þess merki að menn vildu bylta íslensku samfélagi. Þetta var gjörbreyting sem var samin við erfiðar og skrítnar aðstæður. Ég held að það hafi verið rétt að klára það mál ekki. Margt af þessu er mjög nytsamlegt og verður hluti af þessari vinnu sem við þurfum að fara í. Mér finnst mikilvægt að stjórnarskrá, sem er okkar sáttmáli, sé að minnsta kosti gerð í sémilegri sátt. Við getum náð sátt um mjög margt þegar kemur að stóru málunum.“

## MENNTUN OG FYRRI STÖRF



## STJÓRN MÁLAPÁTTAKA

**visir.is**


Viðtalið við Brynjar er hægt að sjá í þættinum Pólitíkin á [www.visir.is](http://www.visir.is).

Höskuldur Kári Schram  
hks@frettabladid.is

# BAÐHERBERGI

LAUGARDAGUR 8. FEBRÚAR 2014

Kynningarblað Baðlínan, Múrbúðin, Ísleifur Jónsson og baðherbergishönnun.



## Heildarlausn fyrir baðherbergið!

**1** Komum til þín, skoðum aðstæður og förum yfir allar útfærslur og möguleika.

**2** Teiknum upp nýja baðherbergið.

**3** Gefum þér upp kostnaðar-áætlun fyrir alla verkþætti.

**4** Þú heimsækir Baðlínuna og færð tilboð í flísar, tæki, spegla, lýsingu og allar þær vörur sem þarf fyrir nýja baðherbergið.

**5** Setjum upp með þér tíma-áætlun fyrir verkið.

**6** Mætum með öll aðföng á staðinn, verjum umhverfið,

fjarlægjum eftir niðurrif og vinnum verkið á vandaðan máta.

**7** Einn tengiliður sér um alla umsjón verksins.

**8** Skilum af okkur nýju og stórglæsilegu baðherbergi.



### VIRÐISAUKASKATTURINN GREIDDUR AÐ FULLU!

■ Alþingi samþykkti 2010 lög um að endurgreiða mætti allan virðisaukaskatt (100%) af vinnu á byggingarstað, bæði við nýsmíði, viðhald á íbúðarhúsnæði og sumarhúsum.

■ Nú hefur Alþingi samþykkt framlengingu á heimildinni og gildir hún til 31. desember 2014.



“Hjá Baðlínunni eru sérhæfð teymi fagmanna fyrir alla verkþætti sem snúa að baðherberginu, allt frá niðurrifi til fullnaðarfrágangs.



Við sjáum um allt fyrir þig!

Bæjarlind 4 / 201 Kópavogur / S: 571 1515 / www.badlinan.is

# Stóran hluta ævinnar á baðinu

Samkvæmt óstaðfestum heimildum eyðir meðalmaðurinn einu og hálfu ári af ævi sinni við margs konar athafnir á baðherberginu. Baðherbergi eru þar af leiðandi ómissandi hluti af hóbýlum manna. Margir vilja hafa þessi herbergi þægilega hönnuð og hlutlaus að öllu leyti. Aftur á móti fara sumir aðra leið og gera baðherbergin mjög sérstök og jafnvel þannig að þeir sem koma þar inn verða steini lostnir.



Eiganda þessa baðherbergis fannst það góð hugmynd að hafa gólfíð úr gleri þar sem baðherbergið er staðsett beint yfir lyftugöngum uppi á fimmtánda hæð. Lofthæddir eiga væntanlega í vandræðum með að athafna sig á þessu baðherbergi.



Útsýnið úr þessu baðkari er ekki slæmt. MYND/GETTY



Þetta baðherbergi er rúmgott og klassískt. Birtan flæðir inn um stóran gluggann.



Baðherbergi með rómantísku ívafi. Það er ábyggilega kósí að liggja í heitu baði umvafinn tjöldum.



Þetta röndóttu baðherbergi gæti mögulega haft þau áhrif á fólk að það verði ringlað. Kannski ekki hentugt miðað við þær athafnir sem þar fara fram.



Litill heitur pottur á miðju gólfi setur mikinn svip á þetta baðherbergi. Það er eflaust mjög gott að stinga fótunum þarna ofan í eftir langan dag.

## IS Ideal STANDARD

Hitastýrð sturtu blöndunartæki með höfuð- og handúðara með nuddi.

**Tilboð**  
**69.400**

**IOI**  
**ÍSLEIFUR**  
**JÓNSSON**

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

## SCHELL

Snertifrí  
handlaugartæki  
frá SCHELL

Þýsk gæðavara



Verð frá  
**52.522**

**IOI**  
**ÍSLEIFUR**  
**JÓNSSON**

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
börn eiga rétt á  
vernd gegn einelti.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GLEÐI FRÁ EYJUM

Ási í Bæ hefði orðið 100 ára hinn 27. febrúar og í tilefni þess verður blásið til gleði- og tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu í kvöld kl. 20. Mikill fjöldi þekktara tónlistarmanna flytur lög og texta. Ása en einnig verða rifjaðar upp skemmtilegar sögur af þessum mikla listamanni.

## NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur  
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

## RAUNFÆRNIMAT



Hefur þú starfað við vélstjórnun í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

NÁNARI  
UPPLÝSINGAR  
Á IDAN.IS



Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á <http://idan.is/raunfaernimat> eða með því að senda fyrirspurn á [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is).

FRÆDSLUMÍÐSTOÐ  
ATVINNULÍFSINS  
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



IDAN  
fræðslusetur  
Pórunnartún 2 - 105 Reykjavík  
idan@idan.is - www.idan.is

Vissir þú að...

holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi



## SYNGUR DÚETT MEÐ EIGINMANNINUM

**ÁSTARDÚETT** Seiðandi rödd Eyrúnar Huldar Haraldsdóttur hljómar nú í fyrsta sinn með ektamanninum Magna Ásgeirssyni. Hún á von á sér í vikunni.

Við erum að safna strákum, eða svo virðist vera, því þriðji strákurinn er á leiðinni í heiminn í næstu viku," segir Eyrún sem á von á sér fimmtudaginn 13. febrúar.

"Við erum því greinilega góð í að búa til stráka og hlökkum til að stækka fjölskylduna," segir Eyrún og hlær dátt af hamingju.

Á liðnu sumri keyptu Eyrún og Magni sér íbúð í höfuðstað hins bjarta norðurs og una hag sínum vel á Akureyri.

"Við erum bæði utan af landi og vildum gjarnan ala börnin okkar upp á landsbyggðinni. Húsnæðisverð í Reykjavík hafði líka mjög fælandi mátt

því það er erfiðara að stækka við sig í Vesturbænum en á Akureyri. Hér höfum við það ljómandi gott, það er stutt að skreppa austur og Akureyringar hafa tekið vel á móti okkur."

Eyrún kennir íslensku við Menntaskólann á Akureyri og Magni hefur kennt við tónlistarskóla nyrðra meðfram hefðbundnu rokki og rólí.

"Ég lærði íslensku við Háskóla Íslands og fór fljótlega í kennslu sem átti strax vel við mig. Ég held að ég sé ábyrgur og sanngjarn kennari; í það minnsta segja nemendur mínir að ég sé ekki gjöful á einkunnir og geri miklar kröfur. Það er svo góður kostur," segir Eyrún, sem nýtur kennarastarfsins. ▶

### HAMINGJUSÖM

Eyrún Huld er ánægð með að hafa tekið skrefið og sungið á móti Magna því sameiginlegt lag þeirra skapi minningar fyrir þau hjónin og synina seinna meir.

MYND/BJARNI EIRIKSSON

## LAGERSPRENGJA í 4 klukkustundir. laugardaginn 8. feb kl 12-16

Allar boxur og úlpur 4.990  
Pils 2.990  
Dömu-peysur 2.990  
Herra polo bolir 990  
leggings 1.490

Önnur sprengitilboð  
í gangi

Boxur stærðir 38-56  
úlpur stærðir m-xxxl



LOGY ehf.  
Selásbraut 98. (áður Lynghális 10)  
horni/Vallarás.  
sími 661-2580.




Ábendingahnappinn  
má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T

# Betra blóðflæði Betri líðan - betri heilsa

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide**. **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lífur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, þynnu, astma, lungnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.



**Nitric Oxide**  
Nóbelsverðlaun 1998  
Sameind ársins 1992

## SUPERBEETS Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30 daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 min eftir inntöku.

### Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur

Hvað gerir **SILDENAFIL**  
The release of nitric oxide molecules causes erection.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og World Class



FALLEG Eyrún Huld á von á þriðja syni þeirra Magna á fimmtudaginn.

MYND/BJARNI EIRIKSSON

# Gönguskíðaferðir

www.fi.is

Skráðu þig inn – drífu þig út

## Gönguskíðaferðir

Undirbúningsfundur og útbúnaðarkynning: Þriðjudaginn 18. febrúar kl. 20 í sal FÍ, Mörkinni 6. **Allir velkomnir!**

**Hellisheiði: Gamlar Þjóðleiðir**, 22. febrúar, laugardagur  
Genginn hringur frá Skíðaskálanum í Hveradölum eftir fornum þjóðleiðum. Steinkofinn skoðaður og Orustuhóll.

**Mosfellsheiði: Borgarhólar**, 8. mars, laugardagur  
Gengið frá Bríngum í Mosfellsdal í Borgarhóla og þaðan um heiðina norður að Þrivörðum og svo fram suður í Svinahraun.

**Skjaldbreiður**, 22. mars, laugardagur  
Lagt af stað frá Hofmannafliot og genginn Eyfirðingavegur hinn forni og mögulega alla leið á Skjaldbreið.

**Fararstjórar: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.**

Sjá nánar um allar ferðir á [www.fi.is](http://www.fi.is)

Nánari upplýsingar og skráning er í síma 568 2533 eða í netpóst [fi@fi.is](mailto:fi@fi.is)

SKÍÐAPAKKATILBOÐ  
INTERSPORT  
sjá nánar á [fi.is](http://fi.is)



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | [www.fi.is](http://www.fi.is)

Ábendingahnappinn má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



„Það er gaman að umgangast menntaskólanemendur, kynast nýjum og fylgja þeim eldri eftir. Í kennarastarfinu kynnist maður líka mörgum og það er ótvíræður kostur og gefur manni færi á því komast betur inn í hlutina. Skólasamfélagið verður því í raun nokkurs konar lykkill að lífi og menningu svæðisins.“

### ÆSKUÁSTIN AÐ AUSTAN

Eyrún er fædd og uppalin á Egilsstöðum en Magni ólst upp á Borgarfirði eystri. Leiðir þeirra lágu saman í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

„Við kynntumst í menntaskólanum þegar ég var sextán ára busi, en Magni er þremur árum eldri. Við erum því búin að vera saman lengi,“ segir Eyrún og brosir að minningunni.

Eyrún er oftast grasekkja um helgar þegar Magni stígur á svið fyrir sunnan og hefur þá ofan af fyrir sonum þeirra sem eru tveggja og átta ára.

„Um helgar erum við líka mikið á faraldsfæti því Magni er oftast að spila og stundum fær eldri guttinn að fara með honum til Reykjavíkur. Þá er oft gestkvæmt hjá okkur því nú búum við miðja veginum á milli Egilsstaða og Akureyrar. Því er oft margt um manninn, mikið líf og fjör og nóg um að vera í kringum okkur.“

Um þessa helgi eru kósí- og huggulegheit á dagskrá fjölskyldunnar þar sem Magni er aldrei þessu vant í fríi.

„Það gerist ekki oft og því ætlum við að njóta þess að vera saman, elda eitthvað gómsætt með góðum vinum og kannski spila Popppunkt eða Trivial Pursuit sem skapar alltaf skemmtilega stemningu.“

Eyrúnu hefur liðið vel á meðgöngunni.

„Þegar maður gengur með þriðja barnið er maður hættur að stressa sig á hlutunum og meðgangan er fljótari að líða. Ég er nýlega hætt að vinna og nýti því tímann til að slaka á um leið og við undirbúum komu guttans.“

### EKKI BARA FYRIR BÖRN

Í útvarpinu heyrst nú til hjónakornanna Eyrúnar og Magna syngja sinn fyrsta dúett saman. Það er í laginu Fjóla fina af plötunni „Ekki bara fyrir börn“ sem kom út fyrir skemmstu.

„Við fórum fyrir tveimur árum í sumarhús á Suðurlandi með systur minni og mági sem þá var að skoða þann möguleika að taka upp bandarísk þjóðlög og þýða texta þeirra á íslensku. Eitt kvöldið bað hann mig að syngja þetta lag á móti Magna og gerði ég það að gamni mínu,“ segir Eyrún til upprifjunar, og svo leið tíminn.

„Nú tveimur árum seinna varð platan að veruleika og þá kom þessi pressa á að ég syngi lagið aftur og nú í hljóðveri. Ég var vitaskuld treg til og vildi að þeir fengju fagmanneskju

## HUGLJÚF MINNING

„Það er virkilega skemmtilegt að hafa sungið með manninum mínum á plötu því nú eigum við sameiginlegt lag til minningar seinna meir og það er gaman fyrir strákana okkar.“

til verksins en þeir Magni létu ekki undan og á endanum lét ég til leiðast því platan er ekki of hátíðleg. Þetta er fyrst og fremst skemmtileg fjölskylduþata, með hressleikann í fyrirrúmi og frábær í bilinn og á ferðalögum.“

Eyrún segir skrítið að heyrja í sjálfri sér syngja í útvarpinu.

„Það er óraunverulegt og mér finnst eins og það sé ekki ég. Það er þó virkilega skemmtilegt að hafa sungið með manninum mínum á plötu því nú eigum við sameiginlegt lag til minningar seinna meir og það er gaman fyrir strákana okkar. Ef lagið slær í gegn sjáum við til með framhald á samstarfinu.“

Áhugasamir geta hlustað á Fjólu Finu með Eyrúnu og Magna á <http://warenmusic.bandcamp.com>

■ [thordis@365.is](mailto:thordis@365.is)

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Sverrir Birgir Sverrisson**, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, [kolli@365.is](mailto:kolli@365.is), s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS

Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og bakterían skolest út með þvagini. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan hjálpar líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.

### HYLKIN INNIHALDA:

- Trönuberjabykkni (Cranberry extract 36mg PACs)
- Mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus PXN 35 og Lactobacillus plantarum PXN 47, Styrkur: 1 milljarður)
- A-vítamín 320µg (900 iu, 40% af RDS)

### Notkunarleiðbeiningar\*:

Tvö hylki einu sinni til tvisvar á dag með mat til að fyrirbyggja þvagfærasýkingu.

### Á meðgöngu:

Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur. Áður en inntaka hefst er alltaf mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk.

### Börn undir 12 ára:

Mælt er með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

\*Ef fagfólk ráðleggur þér aðra skammtastærð, þá skal fylgja því.



# LÆKKAÐU KÓLESTERÓL Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** Ateronon-fæðubótarefni markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.

**A**teronon er fyrsta og eina fæðubótarefni sem inniheldur líffræðilega virkt lycopene. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er lycopene, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.

Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvæla-fyrirtækið Nestlé uppgötvað nýja leið til að gera lycopene líffræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkt. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisskráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar á LDL-kólesteról er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefni sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfseðilsskyldum lyfjum. Það er unnið á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir.

Fólk sem þolir ekki soja, tómata eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).



### UMSAGNIR SÉRFRÆÐINGA:

„Algjörlega ný leið í meðferð við háu kólesteróli í blóði.“

**Prófessor Anthony Leeds**  
stjórnarmaður í HEART UK

„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“

**Dr. Howard Sesso,**  
aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvard-háskóla í Boston

„Æðakölkun, þrengingar af völdum kólesteróls í slagæðum, er stór áhættuþáttur þegar til heilablóðfalls kemur. Við vitum að andoxunarefnafríkt mataræði er ákjósanlegt til að minnka þrengingarnar og við fögnum niðurstöðum þessara rannsókna.“

**Dr. Peter Coleman,**  
rannsóknarforstjóri samtaka um heilablóðfall á Bretlandi



**GÓÐ LAUSN** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Ateronon hafi vakið mikla athygli lækna.

## BIO KULT ORIGINAL ÖFLUG BLANDA AF VINVEITNUM GERLUM (PROBIOTICS)

- 14 tegundir af gerlastofnum (vinveittir gerlar)
- Styrkir þarmaflóruna
- Tvöföld virkni - Styrkur í hverju hylki 2 milljarðar
- Frostþurrkað - þarf ekki að geyma í kæli
- Fólk með mjólkur- og sojaþol, má nota vöruna

Mælt með vörunni í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa, höfundur Dr. Natasha Campbell-McBride MD. Öflug vörn fyrir þarmaflóruna, hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum Fæst í apótekum.



**BIO-KULT**  
Ný og öflug vara frá Icecare sem er einstaklega góð fyrir meltinguna.

## HUNGRIGÐ HVERFUR OG KÍLÓIN FJÚKA

Finnur þú oft fyrir svengdartilfinningu eða hefur mikla sykurþörf? Zotrim-jurtatöflur geta hjálpað í baráttunni við aukakílóin.

**Þ**eir sem hafa tekið inn Zotrim-jurtatöflur eru á einu máli um að þær hafi virkað vel á hungurtilfinningu og sykurþörf. Zotrim-jurtatöflurnar minnka matarlyst og ósjálfrátt fer fólk að borða minna og léttist um leið. Maginn minnkar og bumban hverfur. Zotrim eyðir hungurtilfinningu þannig að nasl á milli mála heyrir sögunni til. Margir hafa tekið inn Zotrim með góðum árangri og eru þeir fúsir til að deila reynslusögum sínum.

**Auður Gunnarsdóttir** segist hafa prófað marga megrunarkúra en án árangurs. „Ég svaf illa og mér leið ekki vel. Vinkona mín benti mér á Zotrim-jurtatöflurnar og ég ákvað að prófa þær. Mér leist vel á Zotrim og nýtti mér þær til að breyta um lífsstíl þar sem megrun virkar ekki fyrir mig. Núna hef ég tekið inn Zotrim í sjö vikur og hef misst 4½ kíló. Mér líður miklu betur, finn fyrir aukinni orku bæði líkamlega og andlega og er laus við alla nartþörf. Ég er virkilega ánægð með árangurinn.“

**Haldór Gunnarsson** ákvað að prófa Zotrim-jurtatöflurnar til að léttast. „Fyrstu dagana fann ég engan mun á mér en fór síðan að taka eftir að ég var aldrei svangur á milli mála. Skemmst er frá því að segja að á fyrsta einum og hálfra mánuðinum léttist ég um sjö kíló og er kominn niður um tvær beltisstærðir. Það skemmtilegasta er að ég hef ekki breytt neinu varðandi hreyfingu en hef náð að skera burt allan óþarfa í mataræðinu. Öll

löngun í sætindi og aðra óhollustu er horfin, engin þörf á narti á milli mála. Ég tek þjárr Zotrim-töflur nokkrum mínútum fyrir morgunmat, hádegismat og kvöldmat. Ég borða sex sinnum á dag en allar máltíðir eru minni en áður. Zotrim-jurtatöflur eru frábær vara sem ég mæli algerlega með og mun halda áfram að nota.“

**Regína Róbertsdóttir** fann fljótlega aukna orku eftir að hún byrjaði að taka Zotrim auk þess sem hún hætti að narta á milli mála. „Fyrst fann ég að bjúgur sem ég hafði glímt við minnkaði en síðan losnaði ég alveg við hann. Það er gaman að segja frá því að ég hef svo miklu meiri orku og er bæði hressari andlega og líkamlega. Þegar ég leggst á koddann á kvöldin sofna ég strax og þarf því ekki að nota svefnlyf eins og áður. Ég hef lést um 10,1 kg og ummálið hefur minnkað um 66,5 cm sem er æðislegt. Núna borða ég það sem mig langar í, bara miklu minna, og lítið eða ekkert á milli mála. Mér líður betur eftir að ég byrjaði að nota Zotrim og mun nota það áfram!“

### HVAÐ ERU ZOTRIM-JURTA-TÖFLUR?

- Blanda þriggja jurta sem hjálpa til við að minnka matarskammtana.
- 2 töflur teknar inn um leið og máltíð hefst.
- Aðalkosturinn er að fólk nær að stjórna hungurtilfinningunni og hjálpar til við að minnka neyslu á kaloríum.



**ZOTRIM-JURTA-TÖFLUR**

# SPRENGJUR, SIRKUS OG TÖLVUR

**TÖLVUSÝNING** Öll helstu fyrirtæki í tölvugeiranum sýna vörur sínar og þjónustu í Hörpu í dag. Sýningin er ætluð fólki á öllum aldri og ekkert kostar inn. Þetta er fjórða árið sem UTmessa er haldin og hefur hún aldrei verið stærri en núna.

Mikið verður um dýrðir í Hörpu í dag þegar seinni dagur UTmessunnar fer fram. Tugir fyrirtækja í tölvugeiranum kynna vörur sína og þjónustu og fjöldi skemmtilegra viðburða verður í boði fyrir alla aldursþópá. Gærdagurinn var helgaður ráðstefnu fyrir fagfólk í upplýsingatækni en laugardagurinn er ætlaður almennungi og kostar ekkert inn. Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs, stýrir undirbúningsþópi viðburðarins og segir hún tilgang UTmessunnar ekki síst þann að sýna almennungi hversu stór og umfangsmikill tölvugeirinn sé orðinn hér á landi. „Öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins munu taka þátt með einum eða öðrum hætti. Boðið verður upp á mjög fjölbreytta



Hörpu á meðan húsrúm leyfir.“ Þetta er fjórða árið sem UTmessa er haldin og hefur hún stækkað ár frá ári. Í fyrra komu um 5.000 gestir á opna daginn og býst Arnheiður við svipuðum fjölda í dag.

Meðal dagskrárliða í dag nefnir Arnheiður örkynningar um ýmislegt sem tengist tölvutækni, hönnunarkeppni véla- og iðnverkfræðinema og forritunarkeppni framhaldsskólanna verður kynnt. „Sprengjugengið mætir á svæðið með glænýtt sprengjuatriði sem tengist tölvutækni. CCP mun kynna nýjasta tölvuleikinn sinn sem nefnist EVE: Valkyrie en gestir geta prófað hann í Hörpu í dag.



Gestir geta prófað að forrita með aðstoð barna, Sirkus Ísland mætir í hádeginu, gamlar tölvur verða til sýnis og gestum verður boðið að finna ný íslensk orð yfir ensk hugtök sem tengjast tölvutækni. Auk þess munu yfir 50 fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu og þar verður mikil fjölbreytni í boði.“

Dagskráin stendur yfir frá kl. 10 til 17. Nánari upplýsingar og dagskrá er að finna á utmessan.is.



**STÓRSÝNING** „Öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins munu taka þátt með einum eða öðrum hætti,“ segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Skýs. MYND/DANIEL

dagskrá fyrir alla aldurshópa og ekki síst fyrir ungt fólk. Það kostar ekkert inn og ókeypis verður í bílastæðahús

## Heilsubættandi frí í Póllandi Detox Jónínu Ben 2014

Í 10 ár hafa Íslendingar notið góðs af heilsu meðferðum Jónínu Ben í Póllandi og á Íslandi. Hægt er að velja um: 600, 1200 eða 2000 hitaeinigarikt fæði. Hótelid er staðsett nálægt Gdansk í dásamlegu umhverfi við fallet vatn. SPA deild hótelsins er ný og einstaklega falleg. Læknir, sjúkraþjálfari, nuddarar, snyrtifræðingar og leikfímikennarar starfa við hótelið.

### Innifalið í verði

- Leigubíll til og frá Gdansk flugvelli (nýtt!)
- Sérstakt detoxfæði – valið er um 600, 1200 eða 2000 hitaeingar
- Læknisviðtal með Dr. Agnesku Lemansik.
- Einkaviðtöl við Jónínu Ben
- Fyrirlestrar og ráðgjöf meðan á dvölinni stendur.
- Leikfimi, sundleikfimi, stafagöngur, gönguferðir
- Aðgangur að SPA s.s. sundlaug, infra rauðum klefa, þurr og blaut gufuböðum.
- Kvöldvökur

### Ekki innifalið í verði

- Nudd – kr.3.700.- klukkutíminn
- Snyrtimeðferðir – andlits-, hand- og fótisnyrtingar auk líkamsmeðferða
- Kynnisferðir um Kazubia þjóðgarðinn
- Ferð til Gdansk.

**Verð – nýuppgerð herbergi** 14 daga kr. 170.000.-  
**Verð – minni og eldri herbergi** 14 daga kr. 150.000.-

### Dagsetningar 2014

15.–29.mars 4.–18.apríl 10.–24.maí  
24.maí–7.júní 13.–28.júlí 7.–21.september

Bókanir í síma 8224844 og hjá joninaben@nordichealth.is

Heimasíða nordichealth.is



Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 500 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli. Norðurál leggur áherslu á starfsþróun og góðan starfsanda í lífandi umhverfi þar sem metnaður og fagmennska er í fyrirrúmi.

## Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Leitað er að öflugum framkvæmdastjóra í krefjandi stjórnunarstarf, þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Framkvæmdastjóri situr í framkvæmdastjórn og tekur virkan þátt í stjórnun og stefnumótun. Í boði er krefjandi en jafnframt spennandi starf í alþjóðlegu starfsumhverfi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Reikningshald og áætlanagerð
- Fjárstýring og innra eftirlit
- Upplýsingatækni og launavinnsla
- Skýrslugjöf og miðlun stjórnendaupplýsinga
- Samstarf og samskipti við móðurfélag og fjármálastofnanir

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, framhaldsmenntun æskileg
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Reynsla og þekking á fjármálastjórnun og reikningshaldi
- Reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi er kostur
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku



### Upplýsingar veita:

Sverrir Briem  
sverrir@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir  
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á  
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og  
með 17. febrúar.

Öllum umsóknum verður svarað  
og trúnaði heitið. Einstaklingar af  
báðum kynjum eru hvattir til að  
sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja  
starfsferilskrá og kynningarbréf  
þar sem gerð er grein fyrir ástæðu  
umsóknar og rökstuðningur fyrir  
hæfni viðkomandi í starfið.



# Við leitum að sérfræðingum



## hugbúnaður

Hugbúnaður okkar er alfarið byggður á íslensku hugviti. Lausnir okkar eru leiðandi á meðal endurskoðenda og bókhaldsfyrirtækja, félagasamtaka, margvíslegrar þjónustu, heildsala, verslana, ferðaiðnaðar og landbúnaðar.

Hjá DK starfar samheldinn hópur 40 starfsmanna við þróun viðskiptalausna sem ríflega 4.000 íslensk fyrirtæki nýta sér í dag. Fjölgun viðskiptavina kallar á fjölgun í hópnum og leitum við nú að sérfræðingum til að styrkja okkar öfluga hóp.

## Ráðgjafi

Í starfinu felst ráðgjöf við uppsetningu viðskiptakerfa, tæknileg aðstoð og önnur þjónusta við fjölbreytta flóru fyrirtækja.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða viðskiptafræði er skilyrði
- Góð færni í Excel
- Góð þekking og reynsla af DK, NAV, AX eða öðrum leiðandi viðskiptalausnum
- Öguð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði í vinnubrögðum en jafnframt hæfni til að starfa í hópi
- Góð þjónustulund, styrkur og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af þjónustustörfum við hugbúnaðarlausnir

## Þjónustufulltrúi

Í starfinu felst að veita viðskiptavinum ráðgjöf, tæknilega aðstoð og þjónustu við hugbúnaðarlausnir félagsins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða viðskiptafræði æskileg
- Góð færni í Excel
- Góð þekking og reynsla af notkun DK
- Öguð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði í vinnubrögðum en jafnframt hæfni til að starfa í hópi
- Góð þjónustulund, styrkur og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af þjónustustörfum við hugbúnaðarlausnir



Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfsson (helga@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Capacent Ráðningar

## SÉRFRÆÐINGUR Í SAMGÖNGUSKIPULAGI



strætó.is

Strætó er byggðasamfélag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og er hlutverk þess að sinna almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Við bjóðum upp á fjölskylduvænan vinnustað með sveigjanlegum vinnutíma. Upplýsingar um fyrirtækið er á [www.straeto.is](http://www.straeto.is)

**Strætó bs. leitar að metnaðarsömum og öflugum sérfræðingi í samgönguskipulagi til starfa á Skipulags- og þróunarsviði í krefjandi og lifandi umhverfi. Viðkomandi mun vinna náið með sviðsstjóra og helstu verkefni eru að vinna að skipulagi og áætlunum vegna leiðarkerfis á höfuðborgarsvæðinu og fyrir þá landshluta sem Strætó bs. hefur samninga við.**

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaragráða í samgönguverkefni er kostur
- Færni og reynsla af skipulagsvinnu og/eða samgöngumálum
- Mjög góð þekking og reynsla af Excel
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Útsjónarsemi og talnagleggi
- Góð þekking á höfuðborginni og leiðakerfi Strætó er mikill kostur
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að tileinka sér nýjungar

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

**Laun fara eftir ríkjandi kjarasamningum.**

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## FORSTÖÐUMAÐUR REKSTRAR- OG MANNAUÐSSVIÐS



**Matvælastofnun óskar eftir að ráða forstöðumann rekstrar- og mannaúðssviðs. Hlutverk forstöðumanns er að leiða starf sviðsins undir yfirstjórn forstjóra sem fer með faglega og rekstrarlega ábyrgð á stofnuninni. Forstöðumaður ber ábyrgð á stefnumótun, að framfylgja markmiðum og daglegum störfum skrifstofunnar að öðru leyti. Á rekstrar- og mannaúðssviði starfa níu starfsmenn og er starfið á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi.**

### Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- Þátttaka í stefnumótun
- Mannauðsmál
- Rekstraráætlanagerð og rekstrareftirlit
- Ábyrgð á allri stoðþjónustu þ.m.t. skjalavörslu, tölvu- og upplýsingamálum auk aðstöðu- og samskiptamálum
- Umsjón og eftirlit með fasteignum, bifreiðum og viðhaldi sauðfjárveikivarnargirðinga
- Gerð samstarfs- og þjónustusamninga

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla og hæfni til að leiða verkefni og innleiða breytingar
- Góð reynsla og færni í notkun töflureikna (Excel)
- Þekking á uppbyggingu og rekstri gagnagrunna er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnslu æskileg

Hjá Matvælastofnun starfa tæplega 80 starfsmenn. Stofnunin sinnir stjórnslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Stofnunin starfar samkvæmt eftirfarandi gildum: árvekni, framsækni, traust og gegnsæi. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á [www.mast.is](http://www.mast.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Capacent Ráðningar

## FORRITARI

Vegna mikilla verkefna framundan óskar fyrirtæki á sviði tæknilausna að ráða hæfileikaríkan forritara til starfa. Fyrirtækið framleiðir meðal annars afgangslukerfi fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki og þjónustar þau. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og þjónustulund eru eftirsóknarverðir eiginleikar í fari forritara.

## Kröfurnar eru eftirfarandi:

- Þekking og reynsla á Delphi forritunarumhverfinu
- Þekking á SQL Server nauðsynleg
- Reynsla í .Net og Java mikill kostur
- Afburða samskiptahæfileikar og hafa gaman að því að þjónusta fólk
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsjón með starfinu hefur Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## STARFSMANNAMÁL



Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefni eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

Reykjavíkurborg óskar eftir að ráða metnaðarfulla einstaklinga í krefjandi störf í mannauðsdeild Ráðhússins. Mannauðsdeildin hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu og vinnur að margs konar þróunarverkefnum á sviði mannauðsmála. Auk þess er umsjón með innri vef borgarinnar á ábyrgð mannauðsdeildar. Sjá nánar um starfssvið mannauðsdeildar Ráðhússins á vef Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

## STARFSMANNASTJÓRI

Starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar fer með faglega forystu, leiðir stefnumótun, hefur eftirlit með og veitir ráðgjöf í mannauðsmálum borgarinnar. Starfsmannastjóri gegnir jafnframt starfi deildarstjóra mannauðsdeildar ráðhúss.

## Helstu verkefni:

- Fagleg forysta, stefnumótun og nýsköpun á sviði mannauðsmála fyrir Reykjavíkurborg
- Ábyrgð á samræmdri framkvæmd starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur, m.a. vegna ráðninga, samskipta á vinnustöðum og annarra mála er varða starfsumhverfi á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar
- Eftirlit með starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar
- Yfirumsjón fræðslu þ.m.t. stjórnendafræðslu
- Yfirumsjón með starfsmati og launasetningu starfa
- Verkstjórn á daglegum verkefnum mannauðsdeildar

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála og/eða víðtæk reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla og þekking á starfsmannamálum hins opinbera nauðsynleg
- Leiðtogaþæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Ögun í vinnubrögðum
- Reynsla af kjarasamningagerð kostur

## STARFSMATSRÁÐGJAFI

Starfsmatsráðgjafar meta störf, sjá um fræðslu og veita faglega ráðgjöf á sviði starfsmats.

## Helstu verkefni:

- Fræðsla, kynningar og umsjón með gerð fræðslu- og kynningarefnis á starfsmatskerfinu til stjórnenda, stéttarfélagssfulltrúa og starfsmanna, í samstarfi við aðra
- Umsjón með, og vinnur að, starfsmatsviðtölum og úrvinnslu þeirra
- Viðhald og þróun starfsmatskerfi í samstarfi við aðra
- Greining gagna

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði félagsvísinda, sálfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðsráðgjöf eða vinnslu starfsmannamála, störfum við starfsmat eða sambærileg störf
- Reynsla og hæfni í greiningu upplýsinga
- Reynsla og þekking af opinberri stjórnsýslu kostur
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileiki, frumkvæði, áhugi og metnaður til að ná árangri í starfi
- Nákvæmni, sjálfstæði í starfi, góð tölvukunnátta og hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfina á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) undir flípanum laus störf. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13  
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## LÖGFRÆÐINGUR

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS  
Við erum til taks

**Landhelgisgæsla Íslands auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna. Starfið felur í sér almenn lögfræðistörf og ráðgjöf á starfssviði Landhelgisgæslunnar.**

Landhelgisgæsla Íslands ber ábyrgð á öryggis- og löggæslu, eftirliti sem og leit og björgun á hafinu og rekur í þeim tilgangi meðal annars stjórnstöð, varðskip og loftför. Þá annast Landhelgisgæslan sjómælingar og sjókortagerð, sprengjueyðingu, framkvæmd varnartengdra verkefna auk fjölmargra annarra verkefna. Starfsstöðvar Landhelgisgæslunnar eru í Reykjavík, á öryggissvæðum á Keflavíkurlflugvelli og á ratsjár- og fjarskiptastöðvum í hverjum landsfjórðungi.

**Starfssvið:**

- Almenn lögfræðistörf fyrir Landhelgisgæsluna
- Utanumhald vegna rannsóknar og reksturs opinberra mála á starfsvettvangi Landhelgisgæslunnar
- Annast umsagnir um lagafrumvörp, reglugerðir og þingsályktunartillögur sem varða starfsemina
- Stjórnsýslumálefni vegna starfsemi Landhelgisgæslunnar
- Fagleg ráðgjöf varðandi innlenda og erlenda samningagerð og skuldbindingar sem Landhelgisgæslan er aðili að
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði lögfræði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kandidats- eða meistaraþróf í lögfræði
- Afburða færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Um er að ræða fullt starf. Viðkomandi þarf að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar  
Ármúla 13  
Sími 540 1000

capacent

# Skarpur stjórnandi með ástríðu fyrir mat



IKEA leitar að veitingastjóra fyrir vinsælasta veitingastað landsins. Veitingasvið IKEA er sérstök rekstrareining innan verslunarinnar sem samanstendur af Sænska matarhorninu, Snarlinu, bakaríi, mötuneyti starfsmanna og Veitingastaðnum. Á veitingasviði eru 40 starfsmenn í fjölbreyttum störfum.

**Verkefni og ábyrgð veitingastjóra:**

- Ábyrgð á að veitingasviðið sé rekið í samræmi við stefnu IKEA of Sweden og í samræmi við fjárhagsáætlun fyrirtækisins.
- Ábyrgð á framleiðslu og framsetningu vöru.
- Ábyrgð á að GAMES og öðrum stöðlum sé fylgt eftir.
- Upplýsingamiðlun til stjórnenda og IKEA of Sweden á rekstri o.fl. tengt veitingasviði.
- Ábyrgð á áætlanagerð, rekstrarkostnaði, innkaupum og birgðastýringu á vörum veitingasviðs.
- Kostnaðargreiningarvinna á innkaupum veitingasviðs og fullunnum réttum.
- Ráðningar, þjálfun og dagleg verkstýring starfsmanna veitingasviðs.
- Samskipti við IKEA of Sweden.

Starfið krefst mikilla samskipta og náinnar samvinnu við starfsmenn, stjórnendur og birgja fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Óþrjótandi ástríða fyrir matargerð.
- Menntun og/eða reynsla í matvælaíðnaði, rekstri eða öðru sambærilegu.
- 5-7 ára reynsla af stjórnun og rekstri í matvælageiranum æskileg.
- Rekstrarþekking.
- Talnagleggni.
- Áhugi og þekking á matvælageiranum skilyrði.
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Mikil samskiptafærni.
- Þjónustulund og snyrtimennska.
- Góð færni í ensku, skrifuðu og töluðu máli.

capacent

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.



IKEA á Íslandi er rótgróið fyrirtæki þar sem um 250 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu.





## Skaftárhreppur

### Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanevndar sveitarfélaga.

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 20 íbúum. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Á Kirkjubæjarklaustri er grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar í nýrri íþróttamiðstöð með sundlaug, íþróttasal og tækjasal. Í nágrenninu er íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúruvegurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað, einkum í ferðapjónustu. Eitt af helstu hliðum Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftárhreppi.

**Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2014.**

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið sveitarstjóri(hjá)klaustur.is.

#### Nánari upplýsingar veita:

Eygló Kristjánsdóttir, formaður rekstrarnefndar Klausturhóla, sími: 487 4840, netfang: sveitarstjóri(hjá)klaustur.is eða Sigþrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri Klausturhóla, sími: 698 7272 netfang: sigtrudur(hjá)gmail.com.



## SÉRFRÆÐINGUR Í SKJÖLUN TÆKNIGAGNA

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli óskar eftir að ráða til sín sérfræðing í skjölun tæknigagna (Technical Records). Viðkomandi starfsmaður þarf að hafa þekkingu á rafrænni skjölun, vera nákvæmur og eiga auðvelt með samskipti, því starfinu fylgir miðlun upplýsinga til viðskiptavina innan og utan fyrirtækisins. Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starfi í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi, ásamt því að hafa gaman af því að vinna sem hluti af liðsheld.

#### STARFSSVIÐ:

- Greining tækniupplýsinga
- Miðlun upplýsinga um tækni- og viðhaldsgögn
- Samskipti við viðskiptavini innan sem utan fyrirtækisins

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf eða önnur sambærileg menntun
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og góða samskiptahæfileika

#### Nánari upplýsingar veita:

Hafliði Jón Sigurðsson | hafliði@its.is  
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 17. febrúar 2014. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



## REKTOR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Embætti rektors við Háskólann á Akureyri er laust til umsóknar.

Í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008 og 5. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387/2009, auglýsir háskólaráð Háskólans á Akureyri hér með laust til umsóknar embætti rektors Háskólans á Akureyri. Upphaf starfstíma er 1. júlí 2014. Rektor starfar í umboði háskólaráðs.

#### Starf rektors felur meðal annars í sér:

- Rektor er formaður háskólaráðs sem fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans
- Rektor er yfirmaður stjórnsýslu skólans og æðsti fulltrúi hans sem og talsmaður innan og utan hans
- Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þ.m.t ráðninga- og fjármálum einstakra fræðasviða og stofnana
- Rektor ber ábyrgð á framkvæmd stefnu háskólans og tengslum háskólans við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Rektor ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði
- Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans

#### Umsókn skal fylgja:

- Ítarleg greinargerð um náms- og starfsferil, vísindastörf, ritsmíðar og rannsóknir umsækjanda
- Staðfest eintök af öllum viðeigandi prófskírteinum
- Þær fræðilegu ritsmíðar sem umsækjendur telja vera sín bestu verk, allt að þremur ritum
- Tilnefna skal þrjá meðmælendur, æskilegt er að einn þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi starfi eða fyrra starfi umsækjanda

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð tilnefnir þrjá menn í valnefnd til að meta hæfi umsækjenda.

Hæfi umsækjenda um embætti rektors skal metin í ljósi heildarmats, með tilliti til rekstrar- og stjórnunarreynslu, vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólakennari eða í öðrum störfum og með tilliti til þess hversu vel menntun og reynsla viðkomandi muni nýtast í starfi rektors.

Um laun rektors fer eftir ákvörðun kjararáðs, sbr. lög um kjararáð, nr. 47/2006, með síðari breytingum.

#### Umsóknarfrestur er til 28. febrúar nk.

Umsóknir berist skrifstofu rektors: Háskólans á Akureyri Norðurlóð 2 600 Akureyri

Merktar: Umsókn um stöðu rektors við HA. Ekki er notað staðlað umsóknæyðublað. Umsóknir og fylgigögn skal einnig senda á rafrænu formi eftir því sem unnt er á netfangið: lisa@unak.is

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri háskólaskrifstofu Ólafur Halldórsson, sími: 460 8001, netfang: olafurh@unak.is

Háskólaráð hvetur alla, sem áhuga hafa á að byggja upp sterkan og framsækinn háskóla á Akureyri, til að sækja um.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.



AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK / SENSÁ 0214F

## Okkur vantar fleiri hendur

Vegna aukningar í verkefnum á ýmsum sviðum, bæði héraðs og erlendis, leitar Sensa að nýjum starfsmönnum. Hjá Sensa starfar samhentur og metnaðarfullur hópur þar sem allir eru tilbúnir að leggja mikið á sig, sýna frumkvæði og veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu. Ef þú telur þig falla inn í slíkan hóp þá er Sensa vinnustaður sem býður þér fjölda tækifæra til að ná langt í skemmtilegum verkefnum.

Leitað er að samviskusömum og metnaðarfullum einstaklingum, til að sinna núverandi viðskipta-tækifærum auk þess að afla nýrra verkefna hjá núverandi og væntanlegum viðskiptavinum. Viðkomandi þurfa að hafa ríka þjónustulund, vera skipulagðir, hafa áhuga fyrir að bæta við sig þekkingu og takast á við nýjar áskoranir. Við leitum að fólki með metnað, áhuga og drifkraft til að læra og tileinka sér nýja hluti. Þeir sem hafa áhuga á öryggismálum, netkerfum (víruðum og þráðlausum), netþjónum, gagnageymslum (e. Storage), gagnaverum (e. Data Centers) eða samskiptalausnum (e. Unified Collaboration) eru hvattir til að senda okkur umsókn.

### Viðskiptastjóri / söluráðgjafi

#### Helstu verkefni:

- Dagleg samskipti við viðskiptavini
- Tilboðsgerð, eftirfylgni og lokun sölutækifæra, ráðgjöf og sala á virðisaukandi lausnum og samningum

#### Ákjósanlegir eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða upplýsingatækni er kostur
- Reynsla úr tæknigeiranum og/eða reynsla af sölu og ráðgjöf getur komið í stað faglegar menntunar

### Tæknilegur sérfræðingur

#### Helstu verkefni:

- Ráðgjöf, hönnun, uppsetning, prófanir og bilanagreiningar
- Kynna sér nýjar lausnir og vinna með birgjum.
- Próa nýjar lausnir með viðskiptavinum og kynna þeim nýjungar


#### Ákjósanlegir eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni er kostur
- Reynsla úr tæknigeiranum er kostur en ekki skilyrði

Við erum bæði að leita að fólki með reynslu, en eins erum við að leita að efnilegum aðilum sem að vilja hasla sér völl á þessu sviði.

Ef þú telur þig hafa það sem þarf til að ná árangri í krefjandi umhverfi og hefur áhuga á að slást í hópinn þá vinsamlegast sendu okkur upplýsingar um þig á [starf@sensa.is](mailto:starf@sensa.is). Umsóknunum skal skila fyrir 18. febrúar 2014.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



Sensa er Cisco Gold Partner og stærsti sölu- og þjónustuaðili Cisco samskiptabúnaðar á Íslandi. Sensa býður viðskiptavinum sínum upp á úrvals ráðgjöf, þjónustu og búnað er lýtur að netlausnum og IP-samskiptalausnum. Hjá Sensa starfa allir helstu sérfræðingar landsins á því sviði og er lögð mikil áhersla á vönduð og fagleg vinnubrögð. Hjá Sensa er lögð m. Mikil áhersla er lögð á velferð starfsmanna, góðan starfsanda og hvetjandi og skemmtileg starfsumhverfi, m.a. með því að veita starfsmönnum tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun. Sensa hefur sýnt framúrskarandi hæfni til að sinna krefjandi viðskiptavinum á sínum sviði. Við leggjum áherslu á vönduð og fagleg vinnubrögð og höfum þarfr viðskiptavina í fyrirrúmi. Viðskiptavinir Sensa eru mörg af helstu fyrirtækjum landsins auk þess sem verkefnum erlendis er stöðugt að fjölga.

sensa

Sensa ehf. - Kletthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 414 1400 - [www.sensa.is](http://www.sensa.is)

## Hársnyrtir

Sölufulltrúi óskast til að annast sölu og dreifingu á hársnyrtivörum sem fást eingöngu hjá fagaðilum. Kraftist er: hársnyrtimentun, færni í mannlegu samskiptum, drifandi og skipulagður. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á: [lokkur@simnet.is](mailto:lokkur@simnet.is)



## VIKAN AUGLÝSIR EFTIR BLAÐAMANNI

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun á sviði fjölmiðla og reynslu af starfi inni á ritstjórn, mjög gott vald á íslensku og hafi gaman af að skrifa.

Umsóknir óskast sendar fyrir 14. febrúar næstkomandi: [steingerdur@birtingur.is](mailto:steingerdur@birtingur.is)

Frekari upplýsingar um starfið veitir: Steingerður Steinarsdóttir, ritstjóri Vikanar, í síma 515 55 00.

VIKAN

BIRTÍNGUR  
UTGÁFUFLAG

## Lagerstjóri óskast sem fyrst

Við leitum að starfsmanni í vöruhús fyrirtækisins

### Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á vörum í vöruhúsi
- Móttaka á vörum • Afgreiðsla á vörum til viðskiptavina • Önnur störf sem tilheyra vöruhúsinu.

### Hæfniskröfur og annað:

- Stundvísí og dugnaður
- Skipulagshæfileiki
- Grunn tölvukunnátta
- Heiðarleiki - hreint sakavottorð
- Jákvæðni - þjónustulund
- Meðmæli

### Fyrirtækið:

J.S. Gunnarsson hf. er heilðsölufyrirtæki staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnutími: 8:00-16:30

Helstu vöruflokkar: skófatnaður, útivistarfatnaður, sundfatnaður o. fl.

Umsóknir skulu sendar á [starf@gunnarsson.is](mailto:starf@gunnarsson.is) Öllum umsóknunum verður svarað.

JS Gunnarsson

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á [WWW.CAPACENT.IS](http://WWW.CAPACENT.IS)

capacent



## ÞJÓNUSTA VIÐ VERSLANIR

Norðanfiskur óskar eftir að ráða starfsmann sem getur hafið störf fljótlega til þess að sinna þjónustu og áfyllingu við verslanir á höfuðborgarsvæðinu, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

### Hæfniskröfur:

Að viðkomandi...

- hafi bílpróf (skilyrði)
- sé jákvæður og hæfur í mannlegum samskiptum
- hafi þjónustulund og faglega framkomu
- eigi auðvelt með sjálfstæð vinnubrögð
- geti sýnt frumkvæði

Norðanfiskur er framleiðslufyrirtæki á Akranesi sem sérhæfir sig í framleiðslu á tilbúnum sjávarafurðum. Áhugasamir sendi umsókn (ferilskrá) og/eða spurningar á netfangið: [petur@nordanfiskur.is](mailto:petur@nordanfiskur.is)



Norðanfiskur ehf | [www.nordanfiskur.is](http://www.nordanfiskur.is) | [petur@nordanfiskur.is](mailto:petur@nordanfiskur.is)

[www.vinna.is](http://www.vinna.is)

[vinna.is](http://vinna.is)  
sími: 511 1144



## Sölufulltrúi hjá MULTIVAC

MULTIVAC á Íslandi selur og þjónustar MULTIVAC pökkunarvélar og aðrar vörur og vélar fyrir íslenskan iðnað. Félagið er staðsett í Reykjavík og er útibú frá MULTIVAC A/S í Danmörku, sem heyrir undir hið þýska móðurfélag er rekur 67 dótturfélög víðsvegar um heiminn og er leiðandi á sínu sviði.

Sölufulltrúi hefur umsjón með daglegri kynningu og sölu á vörum félagsins, með skipulegum vitjunum til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, sem og á landsbyggðinni. Hans er að rækta viðskiptasambönd og afla nýrra, finna lausnir viðskiptavinum í hag auk þess að annast tæknilega ráðgjöf, tilboðsgerð og frágang sölusamninga auk annarra þeirra starfa er falla til hverju sinni.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sambærilegum störfum auk þess að vera tæknilega þenkjandi og úrræðagóðir. Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti er nauðsynleg, þýskukunnátta er kostur. Starfinu fylgir ferðalög innanlands sem utan. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, söluhæfileika, frumkvæði og fylgni til framkvæmda. Fyrirtækið leggur til bifreið í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár og meðfylgjandi gögn til STRÁ netfangið: [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Gengið verður frá ráðningu fljótlega

Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ veitir nánari upplýsingar um starfið sjá nánar [www.stra.is](http://www.stra.is).



## Sumarstörf og verknám hjá Alcoa Fjarðaáli

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfelldt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Jafnframt býðst tveimur rafiðnaðarnemum að komast á námssamning hjá Fjarðaáli.

### Vaktavinnustörf í framleiðsluteymum

Okkur vantar afleysingafólk í framleiðsteymi kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Unnið er á vöktum sem gefa góðar tekjur. Framleiðslustarfsmenn verða að hafa gild ökuréttindi.

### Raf- og véliðnaðarmenn

Raf- og véliðnaðarmenn verða ráðnir í afleysingar yfir sumarmánuðina. Hérna eru spennandi tækifæri fyrir iðnaðarmenn sem vilja kynna sér starfsemi iðnfyrirtækis í fremstu röð. Möguleiki er á ráðningu til framtíðar.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir í gegnum netfangið [valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com](mailto:valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com) eða í síma 470 7700.

Skriflegum umsóknum skal skilað á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is). Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknum sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

### Forysta

Alcoa hefur verið leiðandi í álíðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkornustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna og öflugu félagsstarfi.

### Verknám fyrir rafiðnaðarnema

Við getum boðið tveimur rafiðnaðarnemum námssamning. Fjölbreytt verkefni í tæknivæddu umhverfi eru góður undirbúningur fyrir verðandi rafiðnaðarmenn. Fjarðaál greiðir hluta af námskostnaði iðnnema. Viðkomandi verða að hafa lokið grunnnámi á rafiðnaðarbraut.

### Almennar hæfniskröfur

Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og vera með hreint sakavottorð. Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna í teymum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfín.

Hægt er að sækja um störfín á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is).

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 24. febrúar.

Alcoa Fjarðaál



## Málmiðnaðarmenn vantar

Límtre Vírnet ehf í Borgarnesi óskar eftir að ráða starfsmenn í járnsmíðu og blikksmíðu fyrirtækisins.

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun í vélvirkjun/stálsmíði, blikksmíði eða öðrum sambærilegum greinum. Einnig kemur til greina að ráða menn vana járnsmíðavinnu eða blikksmíði.

Um framtíðarstörf er að ræða.

Verkefni eru fjölbreytt, bæði í nýsmíði og viðhaldsvinnu, og fer mikið af vinnunni fram inni í smíðjum fyrirtækisins, en einnig er talsvert unnið úti hjá viðskiptavinum. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn í síma 412 5302 eða [alli@limtrevirnet.is](mailto:alli@limtrevirnet.is).



## Rafvirki óskast

Límtre Vírnet ehf í Borgarnesi leitar að rafvirkja til framtíðarstarfa.

Hjá fyrirtækinu starfa nú þrjú rafvirkjar sem sinna fjölbreyttum verkefnum, bæði innan veggja fyrirtækisins - í viðhaldi véla og húsnæðis, en einnig hjá fjölmörgum viðskiptavinum utan fyrirtækisins, við viðhald og nýlagnir.

Umsóknarfrestur er til 15. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn í síma 412 5302 eða [alli@limtrevirnet.is](mailto:alli@limtrevirnet.is).



Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálvirkni.

## Óskum eftir að ráða Rafvirkja Iðnaðarmann

Starfssvið:

- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson sími: 552-2222 netfang: [helgi@hitastyring.is](mailto:helgi@hitastyring.is)



Emmessis ehf. leitar að sölumanni með meirapróf í sölu og dreifingu.

Við leitum að öflugum jákvæðum einstaklingi með góða þjónustulund.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á netfangið [elin@emmessis.is](mailto:elin@emmessis.is) fyrir 20.02.2014

## VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

Við leitum að öflugum einstaklingum til að taka þátt í því með okkur að byggja upp öflugt og nútímalegt fyrirtæki sem hvílir á traustum grunni í einhverju kröfuharðasta umhverfi íslenskrar upplýsingatækni. Kröfur eru gerðar um hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu, auk metnaðar í starfi og sjálfstæðra vinnubragða.

Ef þetta er eitthvað fyrir þig þá eru eftirfarandi störf laus:

### Kerfisstjóri Windows

Helstu verkefni:

- Umsjón og daglegur rekstur á netþjónum, stýrikerfum og hugbúnaði
- Uppsetning og greining miðlægra kerfa
- Sjálfvirknivæðing (automation/scripting) miðlægs umhverfis
- Þátttaka í frampróun tækni umhverfis RB

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Vottuð Microsoft Windows Server þekking
- Reynsla af kerfisstjórnun í Microsoft Windows Server umhverfi

### Gagnagrunnsstjóri (DBA)

Helstu verkefni:

- Umsjón og daglegur rekstur Oracle og Microsoft SQL gagnagrunnskerfa í fjármálaumhverfi
- Þátttaka í frampróun tækni umhverfis RB

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Þekking og færni í Oracle og Microsoft SQL gagnagrunnum
- Reynsla af gagnagrunnsstjórnun
- Þekking á DB2 gagnagrunnskerfum er kostur

### Kerfisstjóri VMware sýndarumhverfis

Helstu verkefni:

- Daglegur rekstur VMware-umhverfis
- Þátttaka í sjálfvirknivæðingu (automation/scripting) VMware-umhverfisins
- Þátttaka í frampróun tækni umhverfis RB


Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Vottuð þekking og færni í uppsetningu og rekstri VMware sýndarþjóna og klasa
- Reynsla af kerfisstjórnun sýndarumhverfis í VMware

Við bjóðum góða vinnuástöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, frumkvæði og traust eru undirstaða allra verka.

Trommarar eru sérstaklega velkomnir.

Hægt er að sækja um á [www.rb.is](http://www.rb.is) til 16. febrúar 2014. Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Einar Birkir Einarsson framkvæmdastjóri Tæknireksturs og þjónustu, [ainar.birkir.einarsson@rb.is](mailto:ainar.birkir.einarsson@rb.is), sími: 569 8877. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



## LYFLÆKNINGASVIÐ Yfirlæknir

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis húð- og kynsjúkdómalækninga á lyflækningasviði Landspítala. Starfshlutfall er 50% og veitist starfið frá 1. apríl 2014 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára, sbr. 2.ml., 5.mgr., 9.gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Fagleg ábyrgð á starfsemi
- » Fjárhagsleg ábyrgð
- » Starfsmannaábyrgð

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileify í húð og kynsjúkdómalækningum
- » Leiðtogaþæfileikar
- » Stjórnunarreynsla
- » Reynsla af kennslu og vísindastörfum
- » Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar 2014.
- » Upplýsingar veita Davíð O. Arnar, framkvæmdastjóri, netfang [davidar@landspitali.is](mailto:davidar@landspitali.is), sími 824 5498 og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, netfang [torghjal@landspitali.is](mailto:torghjal@landspitali.is), sími 825 5136.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Davíð O. Arnar, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH Stjórn lyflækningasvið E7 Fossvogi.
- » Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélagss og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is) undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningu á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

## Tannlæknastofa

Aðstoðarmanneskja óskast á Tannlæknastofuna Vegmúla 2. Vinnutími er frá 13-17 Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt „Aðstoð-0802“



HAFNARFJÖRÐUR

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBEJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Viltu vera stuðningsfjölskylda? Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar óskar að ráða stuðningsfjölskyldur í barnavernd og í fötlunarmálum, sem fyrst.

Tilgangur með stuðningsfjölskyldu er að draga úr álagi á heimili barnanna, veita börnunum tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa þeim kost á auknum félagslegum tengslum. Um er að ræða störf 1-2 helgar í mánuði þar sem börnin dvelja á heimili stuðningsfjölskyldunnar.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru verktakagreiðslur.

Upplýsingar um störf veita:

### Barnaverndin:

Ólína Birgisdóttir félagsráðgjafi  
[olina@hafnarfjordur.is](mailto:olina@hafnarfjordur.is) og  
Soffía Ólafsdóttir félagsráðgjafi [soffiao@hafnarfjordur.is](mailto:soffiao@hafnarfjordur.is)

### Fötlunarmál:

Guðrún Þ. Ingólfssdóttir  
[guðruni@hafnarfjordur.is](mailto:guðruni@hafnarfjordur.is) og  
Ásrún Jónsdóttir  
[asrun@hafnarfjordur.is](mailto:asrun@hafnarfjordur.is)

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar.



Sveitarfélagið  
ÁRBORG

## Leikskólastjóri

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir leikskólastjórum frá og með 1. maí 2014 við:

- Leikskólann Hulduheima
- Leikskólann Jötunheima

Hulduheimar og Jötunheimar eru báðir nýlegir sex deilda leikskólar á Selfossi. Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum stjórnendum með leikskólakennararéttindi og stjórnunarreynslu. Í sveitarfélaginu búa um 8 þúsund manns, lögð er áhersla á eflingu skólafélagsins, snemmtæka íhlutun og gott samstarf foreldra og helstu fagaðila sem koma að málefnum barnanna.

### Meginverkefni:

- Veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólafélagsmálum.
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans.
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af skólafélagsmálum sveitarfélagsins og aðalnámsskrá leikskóla.

### Menntun og færni:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Menntun og reynsla í stjórnun æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918 og [thorsteinnhj@arborg.is](mailto:thorsteinnhj@arborg.is).

Áhugasamir geta sent umsóknir á [thorsteinnhj@arborg.is](mailto:thorsteinnhj@arborg.is) eða í pósti merktum fræðsluviði Árborgar v/leikskólastjóra, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

Umsóknarfrestur er til 3. mars 2014.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf. Laun fara eftir kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.



Málning hf óskar eftir að ráð starfsmann í framleiðslu á málningu. Um er að ræða blöndun á málningu. Lyftararéttindi æskileg en ekki nauðsynleg. Vinna frá 8 - 16. Matur á staðnum. Upplýsingar gefur verkstjóri (Sigurður) á staðnum milli kl. 8 – 16.  
Dalvegur 18, 200 Kópavogi



## Rafvirkjar óskast

Rafmiðlun óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa. Um er að ræða verkefni hérlandis. Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega.

Fyrirspurnir sendist á netfangið [rafmidlun@rafmidlun.is](mailto:rafmidlun@rafmidlun.is). Einnig er hægt fylla út starfsúmsókn á heimasíðu Rafmiðlunar [www.rafmidlun.is](http://www.rafmidlun.is)

## SAP sérfræðingur hjá Talenta

**HLJÓMSVEITIN KLETTAR**  
**RÚNAR ÞÓR,**  
**RÚNAR VILLA VALLA**  
**SIGGI ÁRNA OG**  
**BJÖRGVIN GÍSLA**

**Allir velkomnir**

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Snyrtilegur klæðnaður áskilinn • Heimilismatur í hádegjnu virka daga • Boltatilboð • Hamborgartilboð • Veislusalur til útleigu

## ATVINNA

**„HANDYMAN“**  
 Duglegur byggingamaður óskast.  
 Vinnutími; 7-17. Uppl. santon@mi.is

## Atvinna óskast

65 ára mannt vantar vinnu. Margt kemur til greina. Húsasmiður að mennt. S. 844 7901.

## Atvinna í boði

## BAKARÍ / KAFFIHÚS HELGAVINNA

Óskar eftir starfskrafti annan hvern laugardag, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.  
 Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

## BAKARÍ, KAFFIHÚS

Fjarðarbakarí Grafarholts óskar eftir duglegum og traustum starfsmanni í afgreiðslustörf, virka daga frá kl. 08-16 Íslenskukunnátta skilyrði.  
 Sendið umsókn á bryndis@gaedabakstur.is fyrir 11. Feb.

## LEBOWSKI BAR

## VANTAR STARFSFÓLK

HRESST STARFSFÓLK VANTAR Á LEBOWSKI BAR UM KVÖLD OG HELGAR, MÖGULEIKI Á FULLU STARFI Í SUMAR. SENDIÐ UMSÓKN ÁSAMT MYND Á INFO@LEBOWSKIBAR.IS FYRIR 10 FEBRÚAR.

## JÁRNAVINNA / IRON JOB

Vantar járnsmenn mikil vinna í boði. Góð laun. Uppl. í s. 897 1995 Sigurður 866 1083 & Andrés. jarnaverk@internet.is

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

## SKIPASALA

NESEIGNIR - SKIPASALA Vegna eftirsjónar vantar allar gerðir skipa og báta á söluskrá. Erum með kaupendum að aflaheimildum í báðum kerfum meiga vera skuldbær. Neseignir/Skipasala Sími 8970150/johannes@neseignir.is

## Einkamál

## Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit avintýri  
 Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
 Konur, allt frítt í s. 555-4321  
 Karlar auglýsa frítt, 535-9922

## Heitar kynslögur

905-2002 • 535-9930

## Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

## fasteignir



Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

Þórður S. Ólafsson, löggiltur fasteignasali.

Suðurgata 7, 101 Reykjavík - hiblyi.is - hiblyi@hiblyi.is - Sími: 585 8800

## Baugakór



## Opíð hús - Baugakór 7 - 203 Kópavogur

Íbúðin verður sýnd á morgun, sunnudag, milli kl. 14:00 og 14:30.

Glæsileg 140,1 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð í mjög góðu fjölbýlishúsi með lyftu ásamt stæði í bílageymslu. Þrjú svefnherbergi, stór og björt stofa, eldhús með vönduðum innréttingum, baðherbergi flisalagt í hól og gólf, þvottaherbergi í íbúð. Verð 39,7 millj.



## Vítastigur - 101 Reykjavík

Mjög fallegt 119,2 fm tvílyft einbýlishús í hjarta borgarinnar. Efrí hæð: Stór stofa og eldhús, opið út í eitt, mikil lofthæð. Neðri hæð: Tvö svefnherbergi, baðherbergi með hornbaðkari. Gegnheilt parket á gólfum, náttúrusteinn á baðherb. Húsið nýlega tekið í gegn að utan og málað. Einstök eign á frábærum stað. Laus strax. Verð 43,9 millj.



## Mávanes - 220 Garðabær

Glæsilegt 262 fm einlyft einbýlishús ásamt tvöföldum bílskúr. Húsið skiptist þannig: Forstofa, gestasnyrtng, setustofa, arinstofa og borðstofa, húsbóndaherbergi. Þrjú til fjögur svefnherbergi á svefnangi ásamt tveimur baðherbergjum. Eldhús, nýleg sprautlökkuð innrétting. Sjónvarpsherbergi samliggjandi við eldhús.



## Fífuhvammur - 200 Kópavogur

Mjög falleg og vel staðsett 4ra herbergja efrí hæð í þrjúbýlishúsi ásamt bílskúr. Íbúðin skiptist í hol, samliggjandi stofur, þaðan sem opið er í stórt eldhús með vandaðri innréttingu. Tvö svefnherbergi. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Parket og flísar á gólfum. Góður bílskúr. Áhv. góð lán við ÍLS. Verð 29,4 millj.



## Bræðraborgarstigur - 101 Reykjavík

Sérlega glæsileg og algjörlega endurnýjuð 179,6 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Innréttuð fyrir örfáum árum á afar vandaðan og fallegan hátt. Mjög stórar stofur ásamt stórri bókastofu, eldhús með svölum út af, svefnherbergi með fataherb. inn af, baðherbergi flisalagt í hól og gólf, t.f. þvottavélum í lokuðu rými. Eikarparket. Verð 64,9 millj.



## Ljósheimar - 104 Reykjavík

Góð 3ja herbergja 86,5 fm íbúð á jarðhæð í sjö íbúða húsi með afgirtum timburpalli innst í botnlanga. Íbúðin skiptist í hol, stóra stofu með útgengt á timburpall, eldhús, tvö svefnherbergi með fataskápum og nýlega endurnýjað baðherbergi. Flísar, dúkur og parket á gólfum. Sér geymsla. Þvottah. og hjóla- og vagnageymsla. Laus. Verð 25,5 millj.



## Sólvallagata - heil húseign

Höfum fengið í sölu einstaklega skemmtilegt 250 fm hús, kjallara tvær hæðir rísoft og bílskúr. Í dag er sér íbúð í kjallara, efrí hæðirnar eru ein íbúð og einnig er íbúð í bílskúr. Húsinu er skipt í þrjár einingar skv. eignaskiptasamningi en ýmsir möguleikar varðandi nýtingu þess. Staðsetning hússins er frábær, sunnan megin við Sólvallagötuna.



## Malarás - 110 Reykjavík

Glæsilegt tvílyft einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Selásnum. Húsið er samtals 280,6 fm að gólfleti, þ.e. íbúð er 243 fm og innbyggður bílskúr er 37,6 fm. Húsið var allt endurnýjað að innan árið 2000 á afar vandaðan og smekklegan hátt. Glæsilegt útsýni. Verð 78,5 milljónir.



## Viðjugerði - 108 Reykjavík

Afar vandað og glæsilegt 290,8 fm tvílyft einbýlishús á eftirsóttum stað í Gerðunum. Íbúðin er 264 fm og bílskúr er 26,8 fm. Neðri hæð skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu og bílskúr. Á efrí hæð eru stórar og bjartar stofur, eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Glæsileg eign á frábærum stað. Verð 93 millj.



**10.990**

AGI-167 hitastýrð  
blöndunartæki  
fyrir sturtu

# Allt fyrir baðherbergið

## MÚRBÚÐARVERÐ

11.900



Vitra Slope



CE

NAPOLI  
hitastýrt  
sturtuset

**26.900**

Látúns sturtubarki 1,5m

**790**



6 mm Hert  
öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm

**34.690**

90x90 cm: 36.690



Flísar  
Flísalím  
Fúgusement

Mikið úrval  
Gott verð!



Bidalux BWR sturtuset

**13.890**

Mistillo MTG sturtuset

**14.490**

Bidalux BWR sturtuset

**3.990**



NÝ VARA

W&M PF209D sturtuhorn 90 cm

**54.990**

4cm SMC botn



2.990

3.890

1.490

2.290

1.590

1.590

1.290

5 lítrar  
2.490



Handlaug á borð - náttúrusteinn

**31.495**



Vitra  
Grand Scandinavia  
m. setu

**23.990**

CERAVID baðkar 170x75 cm

**20.990**



Vitra Arkitekt WC

**8.990**

án setu



CERAVID SETT  
WC - kassi, hnappur  
og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara

**39.990**



FC 517 Sturtuhorn  
m. botni 80x80 cm

**37.900**


# MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7  
Reykjavík  
Fuglavík 18  
Reykjanesbæ

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



# DURAVIT



## PHILIPPE STARCK

Philippe Starck hefur útfært hugmyndir svo lengi sem hann man. Þó háþróaðar hugmyndir hans hafi ekki fengið hljómgrunn kennara hans, var hann þó um tvítugt búinn að afla sér heimsfrægðar og viðurkenningar fyrir hönnun og arkitektúr.



Velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Draghálasi 14-16.

**IOI**  
ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16  
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00  
Fax 4 12 12 01

[www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is



Magnús Einarsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312



Sveinn Eyland  
Löggiltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820



Íris Hall  
Löggiltur  
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931



Eggert Mariusson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930



Benedikt Ólafsson  
Sölufulltrúi  
Sími 661 7788

## Landmark leiðir þig heim! – Þú hringir við seljum!



### KÓPAVOGSBRÚN 1 - 200 KÓP

- Glæsilegar 4-5 herbergja íbúðir í nýju fjórþýli ásamt stæði í lokaðri bílageymslu.
- Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna. Vandaðar innréttingar frá INN-X
- Frábær staðsetning í suðurhlíðum vesturbæ Kópavogs. Stutt í skóla og alla þjónustu
- Fjórar íbúðir sem eru 130,2 – 139,9 fm. .

V. 44,9 millj. - 47,9 millj.

Hafðu samband  
ÞÓRARINN THORARENSEN  
sölustjóri. Sími 770 0309



### AUSTURKÓR 53 - 203 KÓP

- 180 fm raðhús á einni hæð.
- 3 eða 4 svefnherbergi stór stofa.
- Húsin eru afhent rúmlega fokheld að innan og fullbúin að utan.
- Möguleiki á að fá húsin lengra komin

Endahús V. 37.4 millj.

Hafðu samband  
KRISTBERG SNJÓLFSSON  
sölufulltrúi. Sími 892 1931



### ÁSGARÐUR 73 - 108 RVK



- Rúmgóð 144 fm 5 herb. íbúð
- Bílskúr með íbúð
- Aukaherb. óskráð ca. 15 fm
- Íbúð og húseign mikið endurnýjuð

V. 39.5. millj.

Hafðu samband  
SVEINN EYLAND  
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



### AKURHVARF 7 - 203 KÓP



#### OPÍÐ HÚS KL. 15:00-15:30 SUNNUD. 9.FEB

- Rúmgóð 120 fm 4 herb. endaíbúð
- Stæði í bílageymslu
- Snýrtileg íbúð og vandaðar innréttingar
- Stutt í skóla og þjónustu

V. 35.9.- millj.

Hafðu samband  
SVEINN EYLAND  
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



### HRINGBRAUT 68 - 220 HFJ.



#### OPÍÐ HÚS SUN. 9 FEB. FRÁ KL 17:00 TIL 17:30

- 1 hæð til vinstri, Benedikt sýnir eignina S. 661-7788
- Um er að ræða fallega 91,7 fm. 4 herbergja íbúð í góðu fjórþýli á fyrstu hæð.
- Mjög góður staður í Hafnarfirði.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.

V. 24,9 millj.

Hafðu samband  
BENEDIKT ÓLAFSSON  
Sölufulltrúi. Sími 661 7788



### LINDARSEL 10 - 109 RVK



#### OPÍÐ HÚS sunnud. 9. Feb kl. 15.00 – 15.30

- Fallegt 277 fm, 5 herbergja einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á mjög góðum stað innanlega í botnlangagötu, efst í Seljahverfinu í Reykjavík.

V. 54,9 millj.

Hafðu samband  
SIGURÐUR SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



### JÖTUNSAIR 2 - 201 KÓP



- Opíð hús sunnud. 9. Feb kl. 16.00 – 16.30
- Falleg og mjög snýrtileg 4ra herbergja, 124,1 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vel við haldið hús á frábærum stað í Salahlverfinu í Kópavogi.

V. 37,6 millj.

Hafðu samband  
SIGURÐUR SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



### KAMBASEL 29 - 109 RVK.



#### OPÍÐ HÚS SUNNUD. 9. FEB KL. 15:00 – 15:30

- Virkilega björt og falleg 73,1 fm. 2ja herb. íbúð
- Sérgarður afgirtur sem snýr til suðurs
- Sér þvottahús og stór geymsla.

V. 18,9 millj.

Hafðu samband  
ÞÓRARINN THORARENSEN  
sölustjóri. Sími 770 0309



### AKURHVARF 5 - 203 KÓP



#### Opíð hús sunnud. 9. Feb kl. 13.00 – 13.30

- Falleg og rúmgóð 3ja herbergja, 108,7 fm íbúð á þriðju og efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Laus í febrúar. Hús byggt af vönduðum verktaðum, Húsvirki.

V. 30,9 millj.

Hafðu samband  
SIGURÐUR SAMÚELSSON  
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312



### HRINGBRAUT 68 - 220 HFJ.



#### OPÍÐ HÚS SUN. 9 FEB. FRÁ KL 17:00 TIL 17:30

- 2 hæð til vinstri, Benedikt sýnir eignina S. 661-7788
- Um er að ræða fallega 119 fm. 4 herbergja íbúð þar af 27,1 fm bílskúr í góðu fjórþýli á efri hæð.
- Mjög góður staður í Hafnarfirði.
- Göngufæri er í alla helstu þjónustu.

V. 28,9 millj.

Hafðu samband  
BENEDIKT ÓLAFSSON  
Sölufulltrúi. Sími 661 7788



### FLJÓTASEL -109 RVK.



- Gott 264,7fm raðhús með 3ja herb aukaíbúð á jarðh.
- 23,3 fm. bílskúr með millilofti.
- Góð eign í grónu hverfi, stutt í skóla og helstu þjónustur

-V 44,9 millj.

Hafðu samband  
KRISTBERG SNJÓLFSSON  
sölufulltrúi. Sími 892 1931



### NÝHÖFN -210 GBÆ.



- Einstaklega glæsileg 139,9 fm 3ja herbergja endaíbúð
- 24,7 fm. bílskúr og ca 18 fm. sólskála, séreign um 182 fm.
- Glæsilegar sérsníðaðar innréttingar,
- Einstök staðsetning við sjóinn,

V. 57,4 millj.

Hafðu samband  
KRISTBERG SNJÓLFSSON  
sölufulltrúi. Sími 892 1931



### MELHÆÐ - 210 GBÆ



- Veglegt og fallegt 467,0 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 85,0 ferm. bílskúr.
- 6 svefnherbergi eru í húsinu og rúmgóðar stofur.

V. 109 millj

Hafðu samband  
SIGURÐUR FANNAR GUÐMUNDSSON  
Sölufulltrúi. Sími 897 5930



### MIDENGI VI - 801 SELF.



- Einbýlishús í landi Miðengis í Grímsnesi.
- Íbúðin er 187,2fm og bílskúr er 81.6fm. Samtals 268.9fm.
- Fjögur svefnherbergi og 180fm sólpallur.
- Hentar frábærlega sem lúxus-útleigugeining í ferðaþjónustu.

V. 43.9 millj.

Hafðu samband  
SIGURÐUR FANNAR GUÐMUNDSSON  
Sölufulltrúi. Sími 897 5930



## HÆFILEIKAFÓLK SEM VARÐ FÍKNINNI AÐ BRÁÐ LANGT FYRIR ALDUR FRAM



**27 ÁRA AMY WINEHOUSE** söngkona. Söngkonan fannst látin á heimili sínu í júlí 2011. Banamein var áfengiseitrun.



**28 ÁRA HEATH LEDGER** leikari. Lést árið 2008. Banameinið var of stór skammtur af lyfseðilsskyldum lyfjum.



**30 ÁRA BRITTANY MURPHY** leikkona. Var búin að glíma við eiturslyfjafíkn lengi þegar hún fór í hjartastopp á heimili sínu árið 2007.



**47 ÁRA PHILIP SEYMOUR HOFFMAN**, leikari og leikstjóri. Fannst látinn í byrjun vikunnar eftir of stóran skammt eiturslyfja.



**31 ÁRS CORY MONTEITH** leikari. Lést á hótélherbergi eftir of stóran skammt af heróíni árið 2013.

### YFIRHEYRSLAN RAGNAR BRAGASON LEIKSTJÓRI

# Finnst Meryl Streep alltaf sjarmerandi



#### → Leikstjóri ársins 2013

Ragnar Bragason frumsýndi nýver-ið leikritið Óskasteina í Borgar-leikhúsinu. Hann hlaut Grímuna sem leikstjóri ársins í fyrra er hann þeytti frumraun sína í leikhúsi með leikritinu Gullregn. Óskasteinar er skrifað af honum sjálfum og með aðalhlutverk fara Kristín Póra Haraldsdóttir, Pröstur Leó Gunnarsson, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Hanna María Karlsdóttir og Hallgrímur Ólafsson.

**1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?** Að ég sé Ólafur Egill að þykjast vera Tómas Lemarquis.

**2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?** Að ég er ljúfur sem lamb.

**3 Hvað kemur út á þér tárnum?** Óréttlæti í öllum sínum birting-armyndum.

**4 Hvað gerir þig pirraðan?** Tilgerð og tímasóun.

**5 Hvað er fyndnast í heimi?** Peter Sellers.

**6 Er líf á öðrum hnöttum?** Já, ekki spurning. Að halda annað er sjálfhverfa.

**7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?** Synir mínir í hláturskasti og hvert sinn er PJ Harvey opnar munninn.

**8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?** Byrja að vinna.

**9 Hvaða frægu persónu ertu skotinn í?** Meryl Streep er alltaf sjarmerandi.

**10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér á eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?** Slaughterhouse 5, Hunky Dory og Amarcord.

**11 Hver er fyrsta minningin þín?** Dimmur og brattur panelstigi upp á efri hæðina fyrir ofan Ákabúð í Súðavík. Saggalykt framkallar ávallt þá minningu.

**12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár?** Það sama og í dag. Segja sögur.

**13 Popp eða klassík?** Popp. Klassík var einu sinni popp.

**14 Hver var æskuheitan þín?** Charles Dickens.

**15 Er ást í tunglinu?** Oft á tíðum áður en það brann. Annars var ég meira fyrir Kaffibarinn.

“Margir halda að ég sé Ólafur Egill að þykjast vera Tómas Lemarquis.

### FYLGSTU MEÐ ...

innanhúsblogginu **Trettien.com**



Norski blaðamaðurinn **Cathrine Aarland** heldur úti vinsæla heimilis- og hönnun- arblogginu Trettien. Þar er hún dugleg að birta myndir af smekklegu heimili sínu, fjalla um strauma og stefnur í innanhúshönnun ásamt því að koma með sniðugar lausnir fyrir heimilið. Bloggið er tilvalinn viðkomustaður á netrúntinum fyrir þá sem hafa gaman af heimili og hönnun í skandinavískum stíl.



### APP VIKUNNAR ROOKIE – PHOTO EDITOR

Myndatöku- og myndvinnsluöppin eru alltaf mjög vinsæl og hefur til að mynda Instagram verið eitt vinsælasta appið í heiminum frá því það kom á markaðinn. Nú er komið nýtt app á markaðinn sem ber nafnið Rookie–Photo Editor. Það kemur frá fyrirtækinu JellyBus Inc. sem hefur hefur áður komið með vinsæl myndatöku- og myndvinnslu- öpp á markaðinn eins og PicsPlay Pro og Moldiv–Collage Photo Editor.


**Frítt** Rookie er í grunninn frítt en þú er hægt að bæta við frekari aðgerðum, líkt og framandi þema, effektum og filterum. Um er að ræða smáforrit sem hentar öllum þeim sem vilja eiga þess kost að ganga aðeins lengra í myndvinnslu.

**Virgni** Smáforritið virkar þannig að þú tekur mynd og um leið og þú hefur smelt af geturðu hafist handa við að lífga hana við með ýmsum hætti. Í forritinu er hægt að velja um tíu mismunandi þema, sem hægt er að velja um leið og þú smellir af. Hægt er að velja um þema líkt og hreina portrett-

mynd, vintage classic, svarthvítt og ýmislegt fleira. Um 116 filtera og effekta er að finna í hverju þema. Að sjálfsgöðu eru möguleikar á að snúa myndinni, laga birtuna, liti og annað slíkt í forritinu. Möguleikarnir eru mun fleiri í Rookie en til dæmis Instagram.

**Samhæfing** Þegar þú hefur lokið við að gera myndina þína einstaklega fallega og flotta er í boði að deila henni á öllum helstu samfélagsmiðlunum líkt og á Facebook, Twitter, Flickr og Instagram. Þá mæla framleiðendur Rookie með því að nota kassamerkið #RookieApp þegar myndin er birt á miðlunum því það er aldrei að vita nema myndin þín verði birt á RookieApp-síðunni ef hún er nógu töfrandi og góð.

Virkar í iPhone og iPad. Forritið er líklega væntanlegt fyrir Android á næstunni vegna þess að fyrri forrit frá JellyBus Inc. eins og PicsPlay Pro og Moldiv eru í boði fyrir Android. Sem stendur er forritið ekki fánlegt fyrir Windows.



Skýringar  
 App fyrir Apple-tæki

# Fæst í öllum Nettóverslunum!

DAVIÐ KRISTINSSON

# 30 dagar

LEIÐ TIL BETRI LÍFSSTÍLS



Davíð Kristinsson höfundur bókarinnar  
30 DAGAR Leið til betri lífsstíls verður með fría ráðgjöf  
og kynningu á bókinni þann 8. Febrúar í Nettó Glerártorgi  
milli klukkan 14 og 15.

Komdu og lærðu um líkama þinn og heilsu!

Tilboðsverð!

3.990 KR

**nettó** *bækur*  
Kræsingar & kostakjör

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd · Grandi · Salavegur · Hverafold  
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær  
Borgarnes · Egilsstaðir  
Selfoss · Akureyri

# STRÍÐ Í PÚSUND DAGA

## FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** fór að skoða hverjir væru fyrirmyndirnar að uppáhaldspersónu hans í uppáhaldsskaldsögu hans, Hundrað ára einsemd eftir García Márquez.



sem hún þótti fyrsta og besta dæmið um, það er nú stutt í öldudal almenningsálitsins eða elítunnar. En mér er alveg sama, ég hef aldrei farið frá Macondo þótt sá dagur rynni upp við Gustav Adolfs Gade að bókin kláraðist, persónur bókarinnar eru mér enn raunverulegri manneskjur en margir af holdi og blóði.

Og minn maður í bókinni var að sjálf-sögðu Aureliánó Búendía liðsforingi, sá hægláti einræni maður, svo seinþreyttur til vandræða en var að lokum nóg boðið yfir misrétti heimsins og stóð þá „fyrir þrjátíu og tveimur vopnuðum uppreisnum og tapaði þeim öllum ... Hann slapp lífs af frá fjórtán morðtilræðum, sjöttíu og þremur fyrir-sátum og einu sinni frá aftökusveit. Hann lifði af byrlun eiturs í kaffi, þótt skammturinn hefði nægt til að drepa hross. Hann afþakkaði Afreksorðuna sem forseti landsins veitti honum. Hann komst svo hátt að hann var skipaður yfirmáður byltingarhersins, sem stjórn- aði lögum og lofum um landið allt, og ríkisstjórn- inni stóð ekki meiri ógn af nokkrum manni en honum ... Ævinlega gekk hann fyrir sveit sinni í bar- daga, en eina sárið sem hann hlaut veitti hann sjálf- um sér að lokinni undirritun upp- gjafarsáttmál- ans á Niðurlandi, þegar bundinn var endi á nærfeilt tuttugu ára borg- arastyrjaldir“.

Svo segir í bók- inni um feril liðs- foringjans. Reyndar er það svo að Guðbergi skjöplaðist þegar hann þýddi þá herforingjatign sem Aureliánó Búendía tók sér þegar hann fór í stríðið, hann kall- aði sig nefnilega ofursta en ekki liðsfor- ingja. Þetta skiptir máli í löndum þar sem eru hermenn, ofursta er mun hærra settur en liðsforingi. Sá sem tekur sér ofursta- tign lítur því greinilega mun stærra á sig en sá sem kallar sig liðsforingi, og því er það partur af persónulýsingu og sjálfs- mynd Aureliánós Búendía hvaða tign hann notar. En þetta uppgötvaði ég ekki fyrr en mörgum árum eftir dagana í Kaupmanna- höfn sem ég eyddi þó í rauninni í Macondo, og svo innmúruð var þýðing Guðbergs þá orðin í huga mér að ég get enn ekki fengið af mér að kalla persónuna annað en Aure- liánó Búendía liðsforingi.

## KÓLUMBÍA



### RAFAEL URIBE URIBE

Enginn Aureliánó Búendía þegar á reyndi, þrátt fyrir glæsilegt yfirskeggið.



### Afinn fyrirmynd

Þótt það sé hinn harðlokaði og þó svo ástríðu- fulli persónu- leiki Aureliános Búendía liðs- foringja sem geri hann að svo eftirminni- legri persónu í bókinni, frekar en öll hans stríð, þá eru stríðin hins vegar óað- skiljanlegur partur af þeirri þjóðfélags- lýsingu sem finna má í Hundrað ára einsemd og dýpka bókina enn. Saga Macondo er saga Kólumbíu og Márquez fylgir sannri sögu

landsins þegar furðu nákvæmlega, og þá ekki síst þegar hann lýsir styrjöldum liðsforingjans. Ótal borgarastrið, uppbot og uppreisnir einkenndu einmitt sögu Kólumbíu á ofanverðri nítjándu öld og fram á þá tuttugustu. Og saga liðsforingjans móttast einkum af hinu svonefnda „þúsund daga stríði“ sem háð var milli frjálslyndra upp- reismanna og ríkisstjórnar íhaldsmanna í Kólumbíu frá hausti 1899 og fram á árið 1902.

Frjálslyndir og íhaldsmenn háðu marga hildi þessa áratuginna. Deilufni þeirra voru flókin og margbrotin, snerust um hlut- verk kaþólsku kirkjunnar, um menntun, um efnahagsmál, um valdreifingu, um tolla- og peningamál, um mannréttindi, um kaffi- rækt – og fleira! Þegar þúsund daga stríðið braust út var fertugur lögfræðingur að nafni Rafael Uribe Uribe gerður æðsti hers- höfðingi þeirra, hann er önnur helsta fyrir- mynd Márquez að Aureliánó Búendía liðs- foringja.

Hin fyrirmyndin er afi höfundarins, Ricardo Márquez Mejía, en hann axlaði sín skinn um fertugt og barðist í liði frjáls- lyndra í þúsund daga stríðinu og komst þar til nokkurra metorða þótt líklega hafi hann aldrei tekið sér ofurstatign! Fram til átta ára aldurs ólst Márquez svo upp hjá afa sínum og ömmu í smáþorpinu Aracataca og þau sögðu honum flestar þær sögur sem urðu kveikjan að hinni ódauðlegu skáldsögu seinna – það má líka fylgja sögunni að það var Ricardo afi sem fór með Márquez ungan að sjá ís í fyrsta sinn, en á slíkum viðburði hefst sagan. Það er til marks um hve ástand- ið í Kólumbíu var flókið og viðkvæmt að tveir stálpaðir synir Ricardos börðust í liði íhaldsmanna, þá hafði hann eignast áður en hann giftist ömmu Márquezar.

### Blóðug orrusta

Og það er líka til marks um að í reynd var ástandið fullkomlega surrealistískt í flækj- um sínum að í einni helstu orrustu stríðs- ins við brúna við Peralonso-fljót, þá virtust frjálslyndir undir stjórn hins göfuga Uribe Uribe fara mjög halloka og skotfærin voru bún, en þá birtust tveir múlarnar hlaðnir byssukúlum og sprengiefni, svo frjálslyndir náðu vopnum sínum á ný og komust óhultir undan – múlarnar höfðu verið sendir úr

herbúðum stjórnarhersins í þeim tilgangi beinlínis að koma fótunum aftur undir upp- reismenn. Því íhaldsmenn töldu sér í hag að draga stríðið á langinn – þá fengju þeir tómt til að prenta ennþá af pappírspening- um. Aukin verðbólga, sem af slíkri peninga- prentun hlytist, kæmi þeim nefnilega vel.

En hún var engin blekking, sú orrusta sem næst fór í hönd, í maí árið 1900, sú blóðugasta orrusta og skelfilegasta í sögu Kólumbíu. Hún var háð þar sem heitir Palo- negro og þar áttust við 8.000 manns úr liði Uribe Uribe en 15.000 hermenn stjórnar- innar. Sumir hermanna voru barnungir; barnhermenn eru engin nýlunda fund- in upp í Afríku á vorum dögum. Í hálfan mánuð var barist í þéttum skógi í fjallahlíð- um á 26 kílómetra breiðri víglínu. Þar hjó hver annan, vinir og feðgar og nágrannar lágu dauðir hvor sínum megin víglínunnar þótt Ricardo og synir hans hafi sloppið við að drepa hver annan, fnykurinn af sundur- tættum líkum lá yfir skotgröfum og byssu- hreiðrum, gammarnir gátu varla hafið sig til flugs, svo mikið höfðu þeir að éta, oft þurftu menn að berjast gegnum blóðþyrst flugnaský sem umkringdu líkin. Konur mættu á svæðið til að þúsla saman leifum sona sinna og eiginmanna, líkræningjar stukku milli líkamsbútanna og reyndu að hirða eitthvað nýtilegt.

### Hroki, lífsþrá og einsemd

Að lokum flýðu frjálslyndir af hólmi, örmagna, og höfðu misst 1.500 manns, þeir báru aldrei barr sitt í stríðinu síðan. Ríkisstjórnin gerði að stríðsmálaráðherra hörkutól að nafni Aristides Fernández sem hótaði að lífláta hvern einasta fanga frjáls- lyndra ef þeir gæfust ekki upp, og smátt og smátt var alveg þorrið baráttubrek Uribe Uribe og manna hans. Að lokum undirritaði þessi æðsti hershöfðingi frjálslyndra upp- gjafarsamninga þar sem heitir Niðurland, skammt frá borginni Barranquilla, en hann skaut sig þó ekki eftir uppgjöfina eins og Aureliánó Búendía liðsforingi í sögu Márqu- ezar, heldur gekk í lið með íhaldsmönnum og gerðist sendiherra, ætli hann hafi ekki bara líka þegið með þökkum Afreksorðuna úr hendi forsetans?

En Ricardo Márquez Mejía fór heim til Aracataca og sagði sonarsyni sínum sögur úr þúsund daga stríðinu og ótal fleiri stríð- um og uppreisnum, og þær sögur um þraut- seigju, blóð og hershöfðingjann ógæfusama Uribe Uribe urðu þættir í mann lýsingunni ógleymanlegu sem er Aureliánó Búendía liðsforingi í hinni mögnuðu sögu um hroka, lífsþrá og einsemd.

En þó endaði sagan um Aureliánó Búendía öðruvísi en sagan um Uribe Uribe, hann gekk ekki til liðs við óvininn og þáði enga sendiherrastöðu. Sagan um endalok liðsforingjans, þar sem hann situr einn og framleiðir litla skrautfiska úr gulli, hún á ekkert skylt við Rafael Uribe Uribe. Ótrú- legt nokk þá virðist hún fremur dregin af endalokum erkióvinarins Aristides Fern- ández. Hann átti mestan þátt í að frjáls- lyndir gáfust loks upp í þúsund daga stríð- inu, með því að gera þeim ljóst að þeir gætu aldrei unnið, en þótt nálega allir æðstu menn stríðsins (og sumir frjálslyndir líka) notuðu átökin til að skara blygðunarlaust eld að eigin köku, þá var sú ekki raunin um Fernández. Hann var af venjulegu fólki kominn, auðgaðist ekkert af þátttöku sinni í pólitík og styrjöldum, og endaði ævina blá- snauður – þá dró hann fram lífið á að smíða litlar brúður handa smástúlkum.

## Hrólfsskálamelur 8, íbúð 03-07



OPÍÐ HÚS

Opíð hús sunnudag 9. feb. Kl 14:00 – 14:30

Glæsileg íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með tveimur stæðum í bilageymslu í einkasölu ein af glæsilegri eignum á Hrólfsskálamel á Seltjarnarnesi. Íbúðin er 157 fm á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt tveimur stæðum í lokaðri bilageymslu. Íbúðin sem er stórglæsileg, skiptist í tvö herb. stórar stofur, tvö baðherbergi, eldhús og þvottahús. Allt fyrsta flokks. Verð: 69.8 milj. Áhv. 31 milj

Uppl. veitir Garðar s:853-9779, sem verður á staðnum og sýnir eignina.

**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.  
Valhöll fasteignasala • Siðumúla 27 • Sími:588-4477.

“Hann slapp lífs af frá fjórtán morðtilræðum, sjöttíu og þremur fyrir-sátum og einu sinni frá aftökusveit. Hann lifði af byrlun eiturs í kaffi, þótt skammturinn hefði nægt til að drepa hross. Hann afþakkaði Afreksorðuna sem forseti landsins veitti honum.”





SUNNUDAG  
19:45



# ÍSLAND GOT ★ TALENT

**Stærsti skemmtipáttur allra tíma!**



„Ísland Got Talent er gargandi snilld. Nú er gaman að horfa á íslenskt sjónvarp.“

Björn Bússi Sigurðsson, Latabæ

„Öll fjölskyldan sat límd fyrir framan sjónvarpið. Get ekki beðið eftir næsta þætti!“

Kolla Björnsdóttir, sjónvarpskona

„Frábærir þættir! Mikið af hæfileikaríku fólki á Íslandi.“

Ívar Guðmundsson, útvarpsmaður á Bylgjunni

📺 | Sunnudagskvöld 19:45

## Hver verður næsta stórstjarna Íslands?

Hæfileikaríkir Íslendingar láta ljós sitt skína í Ísland Got Talent á sunnudagskvöldum. Auðunn Blöndal er þáttastjórnandi en dómarsætin skipa þau Bubbi Morthens, Þorgerður Katrín, Þórunn Antonía og Jón Jónsson. Ekki missa af sjónvarpsviðburði ársins, fylgstu með á Stöð 2!

## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!



**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**  
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum þökkum.

**7.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

## Konráð og félagar á ferð og flugi 82

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,“ sagði Kata ákveðin. „Ég er búin að æfa mig mikið og er orðin lunkin í að leysa sudoku svo ég vil leyfa ykkur að reyna við þessa,“ sagði Kata. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Ég mun að minnsta kosti reyna.“ En Lísaloppa var ekki ánægð með þetta. „Við glímum bara öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög góð,“ sagði hún mjög montin.

Getur þú leyst þessa sudoku gátu?

		6		1		7	3
	7			4		8	1
1	4		3		7	9	5
		7	4		3	2	6
8	2		6		1		7
	6	3		7	2	5	1
6		2	7	3		1	9
4	3	1	9				5
				2			3
						3	4



## Brandarar

Skóli er staður sem krakkar fara á til að smitast af kvefi af öðrum krökkum, svo að þeir geti verið heima.

„Hvað ætli þetta tígrisdýr segði ef það kynni að tala?“  
„Ætli það segði ekki: Fyrirgefðu góði, en ég er hlébarði!“

„Nei, pabbi, ég fékk ekki hæstu einkunnirnar í bekknum. Færð þú hæsta kaupið á skrifstofunni?“

Ljónamamma: „Hvað ertu að gera, sonur sæll?“

Ljónshvolpurinn: „Ég er að elta mann kringum tré.“

Ljónamamma: „Hve oft á ég að þurfa að segja þér að leika þér ekki með matinn þinn!“

Presturinn: „Jæja, Dóri minn, geturðu sagt mér hvaða fólk fer til himna?“ Dóri: „Dáið fólk.“

## Myndin



**GEIMSKIP**  
Björn Elí Björnsson, átta ára, sendi okkur þessa mynd utan úr geimnum.



**ELDUR ÚR BÓK** Hér eru ótvíræðir galdrar í gangi hjá Hermann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þykir vænt um töfradúfurnar mínar

Hermann Helenuson vakti mikla athygli fyrir snilli sína í töfrabrogðum þegar hann kom fram í þættinum Ísland Got Talent. Þar kom dúfan Sóley við sögu.

**Hvað ertu gamall?** Ég er 13 ára.  
**Í hvaða skóla ertu og hvaða bekk?** Álfhólsskóla í Kópavogi, í áttunda bekk.

**Hver er uppáhaldsnámsgreinin þín?** Smíði, er oft að smíða töfrabrogð sem ég nota í sýningum.

**Hvenær byrjaðir þú að læra töfrabrogð og hvar lærðir þú þau?** Ég sá sýningu hjá Einari Mikael töframanni og varð alveg heillaður. Einar Mikael hefur verið að kenna mér en svo er ég duglegur að æfa mig og búa til galdra.

**Hvaða töfrabrogð finnst þér skemmtilegast að gera?** Spilgaldra og sjónhverfingar.

**Taka töfræfingarnar mikinn tíma hjá þér?** Ég reyni oftast að æfa mig og dúfurnar í þrjá til fjóra tíma á dag.

**Ertu oft búinn að sýna?** Ég tek að mér að koma fram í barna-afmælum og á fjölskyldudögum. Síðan er ég oft að hjálpa Einari Mikael þegar hann er með sýningar.

**Færðu frið fyrir aðdáendum?** Það er búið að rigna yfir mig kveðjum og vinabeidnum – ég er mjög þakklátur.

**Vilja vinir þínir vita hvernig þú gerir töfrabrogðin?** Já, ég segi ekki frá því hvernig ég geri galdrana.

**Þú varst með dúfu í sjónvarpinu. Hvaðan kom hún?** Sóley á það til að birtast á ótrúlegustu stöðum og hún vekur alltaf mikla lukku.

**Ertu kannski dúfnabóndi?** Get ekki sagt það en mér þykir vænt um töfradúfurnar mínar.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verði betri töframaður og hjálpa systur minni.

**TEIKNAR ÞÚ  
FLOTTAR  
MYNDIR?**

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

# Til leigu verzlunar- eða þjónustuhúsnæði miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu!



## Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu)

Til leigu 60 - 700 fm verzlunar- eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira. Einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.



Grétar Hannesson  
Hdl., Löggiltur  
fasteignasali.



Sverrir Einar  
Eiríksson  
Sölufulltrúi

**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala

Nýbýlavegi 8 - 200 Kópavogi // Sími: 527 1717 // [www.domusnova.is](http://www.domusnova.is)



Nánari upplýsingar gefur  
Sverrir Einar Eiríksson  
í síma 661-7000



# ÞAÐ NÝJASTA FRÁ ASUS Á UT MESSUNNI Í HÖRPU

UT messan er ókeypis og opin öllum í dag frá kl. 10 - 17 og frítt í bílastæðahús Hörpu. Tölvulistinn sýnir á þessari glæsilegu tækniýningu skemmtilegustu nýjungarnar frá Asus.



## Fyrsti 2K skjárinn frá Asus í 21:9

Ótrúleg upplausn og myndgæði. 21:9 hlutföllin tryggja vinnuflöt þar sem hægt er að vera með nokkur skjöl opin samtímis hlið við hlið. Hægt að nota einn 21:9 skjá í stað þess að vera með tvo hlið við hlið. 2560 x 1080 upplausn.

# ASUS



## 10" spjaldtölva og fartölva

Transformer book sameinar vinnslugetu fartölvu og meðfærileika spjaldtölvu. Vegur aðeins 1 kg. Fjögurra kjarna Intel Atom örgjörvi. 11 tíma rafhlöðuending. IPS skjár.



## Asus Zenbook

Nýjasta kynslóð af þessum vinsælu Ultrabook fartölvum frá Asus. Intel Haswell örgjörvi og kristaltær háskerpuskjár með IPS og Corning Glass. Hönnun sem fangar athygli hvar sem hún kemur.



## Ný lína af skjátölvum frá Asus

Glæsilega hönnuð ný skjátölva hlaðin öllu því besta. 1080p háskerpuskjár með 10 punkta fjölsnertitækni og IPS. Intel Haswell örgjörvi með öflugri grafíkvinnslu. Frábær hljómur með SonicMaster Premium.



## Fyrsta sinnar tegundar – 2 skjáir

Fartölva með tveimur snertiskjám sem gerir hana samtímis að fartölvu og spjaldtölvu. Intel i7 örgjörvi og stór SSD diskur. Sjón er sögu ríkari.



## Republic of Gaming leikjatur

Fimm stjörnu leikjatölva fyrir kröfuharða. Yfirklukkun með einum smelli með Intel i7 með Turbo Gear án þess að endurræsa. Styður 4 skjái með GTX680. Innbyggð lýsing sem breytir lit eftir klukkun úr bláum í rauðan.



## Práðlaus speglun í sjónvarp

Með Miracast er hægt að tengja snjallsíma og spjaldtölvur þráðlaust í sjónvarp í 1080 punkta gæðum. Dual Band þráðlaus tækni tryggir mjög hratt samband þannig að hægt er að spila leiki beint á sjónvarpinu úr snjalltækinu.

tl.is

# TÖLVU LISTINN



**25%**  
afsláttur

New York  
- marinerað

**LAMBALÆRI!**  
- fyrir þig og þína!

Þú getur valið grillkryddað eða marinerað með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinað eða trönuberja og eplamarinerað!

**1198** kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg  
Lambalæri kryddað og marinerað,  
5 tegundir



# ÚTSALA Á LAMBAKJÖTI



**20%**  
afsláttur



**1758** kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg  
Lambahryggur, ókryddaður, kryddaður  
eða New York marineraður



**20%**  
afsláttur



**1198** kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg  
Lambalæri ókryddað



**10%**  
afsláttur



**1978** kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg  
Lambalærissneiðar, ókryddaðar  
eða kryddaðar



**10%**  
afsláttur



**2158** kr. kg

Verð áður ~~2398~~ kr. kg  
Lambakótilettur, ókryddaðar  
eða kryddaðar



**15%**  
afsláttur



**3800** kr. kg

Verð áður ~~4498~~ kr. kg  
Lambafille með fiturönd, ókryddað  
eða 2 teg. marinerað



**10%**  
afsláttur



**3493** kr. kg

Verð áður ~~3898~~ kr. kg  
Lamba innralæri ókryddað  
eða kryddað



# BARNADAGAR Í KRÓNUNNI



**100% HREINN LÍFRÆNN SAFI**

**KALIBIO**  
ávaxtakreistur lífrænar ávextir, góðir í nestisboxið

**314** kr./3 stk.  
Verð áður 471 kr./3 stk.

**510** kr./3 stk.  
Verð áður 765 kr./3 stk.

**796** kr./3 stk.  
Verð áður 1194 kr./3 stk.

**3 fyrir 2 TAKTU 3 BORGADU FYRIR 2**

**454** kr./3 stk.  
Verð áður 681 kr./3 stk.

**374** kr./3 stk.  
Verð áður 561 kr./3 stk.

**574** kr./3 stk.  
Verð áður 861 kr./3 stk.

**494** kr./3 stk.  
Verð áður 741 kr./3 stk.

**20** kr./stk.

**29** kr./stk.

**26** kr./stk.

**24** kr./stk.

**4** 94

**Pú sparar 900 kr. pr. kassa**

**29% afsláttur**

**2249** kr. kassinn

Verð áður ~~3159~~ kr. kassinn  
**Pampers Baby-Dry Mega Pack**

## MERKISATBURÐIR

**1924** Nevada verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að taka mann af lífi með gasi.

**1925** Halaveðrið. Tveir togarar farast á Halamiðum, Leifur heppni og Robertson. Með þeim farast 68 menn. Einnig ferst vélbátur með sex mönnum. Fimm manns verða úti.

**1971** NASDAQ-hlutabréfamarkaðurinn hefur starfsemi.

**1980** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen tekur við völdum og situr í þrjú ár. Að stjórninni stóðu Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og hluti Sjálfstæðisflokks.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, bróður, frænda, tengdasonar og mágs,

**EIRÍKS ÓMARS SVEINSSONAR**  
framkvæmdastjóra Keflavíkurflugvallar.

Við viljum þakka starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans fyrir góða umönnun.



**Ingbjörg Sandholt**  
Melkorka Ragnhildardóttir  
**Sveinn Rafn**  
Egill Orri  
**Póra Kristín**  
Hafdís og Sigrún (Lóa) Sveinsdætur  
Sigrún Björg Ingvadóttir  
**Ásgeir Stefánsson**  
**Póra Sandholt**  
Bergur Sandholt  
**Stella Hafsteinsdóttir**  
Kristín Sandholt  
Ingvar Vilhelmsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT PÁLSDÓTTIR**  
frá Þingholti,  
Hátúni 10, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja miðvikudaginn 5. febrúar. Útför hennar fer fram frá Landakirkju laugardaginn 15. febrúar kl. 14.00.



**Óli Sveinn Bernharðsson**  
Hrafnhildur Hlökkversdóttir  
**Brynjólfur Sigurðsson**  
Bernharð Ólason  
**Soffía Eiríksdóttir**  
Hafþór Ólason  
**Bryndís Hauksdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar mágkonu, föðursystur og frænku,

**RAGNEYJAR EGGERTSDÓTTUR**  
Eyju í Dal, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir hlýja og góða umönnun.



**Sólveig Árnadóttir**  
Egbert M. Þórðarson  
**Júliana Júlíusdóttir**  
Theodór Kr. Þórðarson  
**María Erla Geirsdóttir**  
Guðrún Þórðardóttir  
**Gylfi Björnsson**  
frændfólk, ættingjar og vinir.



Við þökkum öllum sem sýndu okkur stuðning, samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SIGURLÍNU VILHJÁLMSDÓTTUR**  
(LÍNU)  
Kambaseli 30, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, deildum 11B og A4 á Landspítala og Karitas heimahlynningu fyrir frábæra hjúkrun og umönnun.



**Sveinn Árnason**  
Sigrún Alda Sveinsdóttir  
**Róbert Petersen**  
Sigurður Bjarni Sveinsson  
**Valgerður Ósk Sigurjónsdóttir**  
Rebekka Rut Petersen, Aron Freyr Petersen, Sveinn Sölvi Petersen, Íris Elva Sigurðardóttir og Rakel María Sigurðardóttir

PETTA GERÐIST 8. FEBRÚAR 1998

## Halldór Laxness deyr

Pennan dag árið 1998 lést hinn ástsæli rithöfundur, skáld og Nóbelsverðlaunahafi Halldór Kiljan Laxness. Halldór fæddist 23. apríl árið 1902 og er talinn einn helsti íslenski rithöfundur tuttugustu aldar. Hann var sonur Sigríðar Halldórsdóttur (f. 1872) og Guðjóns Helgasonar (f. 1870). Fyrstu æviárin bjó hann í Reykjavík en flutti að Laxnesi í Mosfellsveit árið 1905.

Aðeins 14 ára gamall fékk hann sína fyrstu grein birta í Morgunblaðinu undir nafninu H.G. Á ferli sínum skrifaði Halldór yfir fimmtíu bækur, blaðgreinar, samdi ljóð, leikrit og fleira. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955. Frá árinu 1945 átti Halldór fast heimili á Gljúfrasteini í Mosfellsveit og haustið 2004 keypti ríkissjóður Gljúfrastein af Auði Laxness, ekkju Halldórs, og opnaði þar safn til minningar um skáldið. Auður gaf safninu innbú þeirra hjóna. Halldór Laxness var tvíkvæntur og eignaðist fjögur börn.



SABINE SCHLATTER OG CLAUDIA HAUSFELD

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Uppbyggjandi og auðgandi afl í sýningunni

Svissneska Listakonan Sabine Schlatter er með sýninguna Island of Anxiety í Kunstschlager.

Í kvöld verður opnuð sýning svissnesku myndlistarkonunnar Sabine Schlatter en sýningin mun standa til 22. febrúar. Schlatter fæddist árið 1977 í Sviss og býr og starfar þar. Hún útskrifaðist úr Listaháskólanum í Zürich árið 2008 og hefur haldið fjölmargar sýningar í heimalandi sínu. Innsetning Sabine Schlatter, Island of Anxiety, er fyrsta sýningin hennar á erlendri grundu og samanstendur af sjálfstæðum verkum sem vinna saman að myndun formgerðs landslags. „Ég hef búið í Sviss lengi og hef verið að kynna erlenda listamenn á Íslandi. Mig langaði að bjóða Sabine Schlatter

að sýna hér því mér finnst verkin hennar mjög falleg,“ segir Claudia Hausfeld sem setur upp sýninguna sem hefst í kvöld kl. 20 í Kunstschlager á Rauðarárstíg 1.

### Orkusvið Island of Anxiety

„Eins og margar teikningar listamannsins, sýna hinar tvær stóru litblýantsteikningar að því er virðist lífrænan stíl einkenndan af óhlutbundinni fagurfræði. Hlutirnir sem raðað er saman í rýminu voru þróaðir af Schlatter og byggðir á teikningum hennar – til dæmis stór „prik“ úr viði, jútu, reipi, þræði og latexí,“ segir Claudia

og heldur áfram: „Þessir þrívíðu hlutir endurspeglar stílrænt tungumál teikninga hennar sem skapa sefandi blöndu af lifandi og dauðum efniviði. Undir áhrifum persónulegra goðsagna listamannsins, kallar innsetning hennar fram einhvers konar lokaðan heim með skírskotunum í náttúruna, óræktargarð eða afskekktan helli.“ Hún segir jafnframt að Schlatter kanni kröftug öfl í listsköpun sinni sem skapi ákveðna tilfinningalosun í kjölfarið þar sem verkin láta óttann leika hlutverk uppbyggjandi og auðgandi afls. Nánar um verkin hennar á [sabineschlatter.com](http://sabineschlatter.com)

marinmanna@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**JÓHANNA S. GUÐJÓNSDÓTTIR**  
frá Njarðvíkurbraut 24, Reykjanesbæ,

andaðist á Sjúkrahúsinu í Keflavík miðvikudaginn 5. febrúar. Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólksins á Sjúkrahúsinu í Keflavík.

**Sigríður Sigurðardóttir**  
Guðjón L. Sigurðsson  
**Hólmfríður Sigurðardóttir**  
Kolbrún A. Sigurðardóttir  
**Gunnar Sigurðsson**  
Kristín S. Sigurðardóttir  
barnabörn og langömmubörn.

**Louisa Aradóttir**  
Eggert Ólafsson  
**Halldóra M. Svavarsdóttir**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**SIGRÚNAR ARNÓRSDÓTTUR**  
kennara,  
Sólvangsvégi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Landspítalans í Fossvogi, Landakotsspítala og Sólvangs fyrir góða umönnun í veikindum hennar.

**Höskuldur Björnsson**  
Arnór Björnsson  
**Baldvín Björnsson**  
Þórdís Ragnhildur Björnsdóttir  
og barnabörn.

**Auður Þóra Árnadóttir**  
Bára Jóhannsdóttir  
**Helga Rúna Þorleifsdóttir**  
Michael Teichmann



**Davíð**  
útfararstjóri

**Jóhanna Erla**  
guðfræðingur  
útfararþjónusta

**Óli Pétur**  
útfararstjóri

**551 3485 · udo.is**





# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda laugardag og sunnudag

# Helgartilboð 50% AFSLÁTTUR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



## NAMMI LAND

# 50% afsláttur

í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

# Iceland

# Kraftmikið táknmal sem tjáningarform

Í dag fer fram táknmalsskennsla í Kringlunni í tilefni af Táknmalssdeginum sem haldinn er 11. febrúar.

Málnefnd um íslenskt táknmal vekur athygli á degi táknmalssins sem fer fram þann 11. febrúar með táknmalsskennslu sem fram fer í Kringlunni í dag milli klukkan 14 og 15.30 á 2. hæð hjá Eymundsson.

„Með kennslunni er ætlunin að kynna fólk fyrir þessu litríka og kraftmikla máli sem er eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi. Í íslensku táknmáli felst mikill menningarauður, íslenskt táknmal er jafn rétthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli skv. lögum nr. 61/2011,“ segir Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnar-skertra.

Íslenska táknmálið verður sýnilegt víða í þjóðfélaginu á sjálfan táknmalssdaginn og hefur mennta- og menningar-málaráðherra meðal annars sent bréf í alla skóla landsins þar sem kennarar eru

hvattir til að nýta daginn til að kynna íslenskt táknmal fyrir skólabörnum.

Deginum verður fagnað í annað sinn með fjölbreyttri dagskrá. Viðburðir fara fram í fyrirlestraral Þjóðminjasafnsins milli kl. 15 og 18 og verður aðalerindi flutt af dr. Dirksen Bauman, prófessor við Gallaudet-háskóla í Washington. Hann fjallar um ávinning mannkynsins af táknmalum og menningu döfð fólks á sviði sköpunar, menningar og vitsmuna.

Táknmal heimsins hafa það fram yfir raddmál að geta tjáð veruleikann í þrívídd. Sjón döfð fólks er skarpari og sjónræn skynjun þess er hraðari og nákvæmari. Heyrandi fólk getur grætt á því að læra um hvernig heili döfð fólks vinnur. Hann tekur spennandi dæmi um skapandi framlag döfð fólks til heimsins á sviði arkitektúrs, myndlistar, sagna, bókmennta, kvikmynda.

marinmanga@frettabladid.is



**KOLBRÚN VÖLKUDÓTTIR** Sem Tinna táknmalssálfur með Victor.



**DUO VERUM**  
Kistrún Helga Björnsdóttir flautuleikari og Pröstur Þorbjörnsson gítarleikari bjóða áheyrendum í ferðalag.

## Frá Ítalíu til Argentínu

Á tónleikum í tónleikaröðinni 15:15 í Norræna húsinu á morgun býður Duo Verum áheyrendum í ferðalag um tónlistarsöguna bæði í tíma og rúmi.

Duo verum, skipað Kistrúnu Helgu Björnsdóttur flautuleikara og Þresti Þorbjörnssyni gítarleikara, heldur tónleika í 15:15 tónleikasýrþunni í Norræna húsinu á morgun klukkan 15:15.

Um efnisskrána hafa þau Kistrún og Þrestur þetta að segja: „Á tónleikunum verða flutt verk frá hinum ýmsu tímabilum tónlistarsögunnar. Það má jafnvel segja að við ferðumst í hring. Við byrjum á Ítalíu við lok 17. aldar og leikum Sónötu í e-moll eftir

Corelli. Frá vöggu ítalska barokkstímabilsins færum við okkur fram um heila öld, yfir í klassíkuna. Duo Concertante op. 25 er eftir ítalska gítarsnillinginn M. Giuliani. Þrátt fyrir að verk Giulianis sýni oftast færni gítarleikarans fær flautan að vera hér í forgrunni en er vel studd af gítarnum. Þá skjótumst við fram í tímann og kíkjum til Argentínu í byrjun 20. aldar. Við leikum fyrstu tvo kafla A. Piazzolla úr Histoire du

Tango, Bordel 1900 og Café 1930. Þar er söguviðið gleði og glens á næturklúbbi og svo angurværð og kyrrð á kaffihúsi. Þá stingum við okkur til Austurríkis og leikum Divertimento eftir J. Takács. Takács tileinkar J.S. Bach verkið og sækir að einhverju leyti í eldra form, þótt tónmálið sé framsækið og óvenjulegt. Að lokum færum við aftur heim til Ítalíu, endum hjá nemanda Corellis, P. Locatelli, og leikum Sónötu í G-dúr.“



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN PÉTUR ARNGRÍMSSON**  
leiðsögumaður

lést á heimili sínu í Reykjavík 2. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 12. febrúar kl. 15.00.

F.h. annarra vandamanna,  
Bryndís Kristjánsdóttir  
Arna Kristjánsdóttir  
Sjöfn Kristjánsdóttir  
Snorri Kristjánsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**GUÐBJÖRG FRÍÐPJÓFSDÓTTIR**  
BOGGA

Melabraut 46, Seltjarnarnesi,  
andaðist laugardaginn 1. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Seltjarnarkirkju mánudaginn 10. febrúar og hefst athöfnin kl. 13.00.

Pröstur Eliasson  
Lilja Prastardóttir  
Helgi Leifur Prastarson  
og barnabörn.

Skúli Þorsteinsson  
Guðrún Rós Mariusdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

**SVEINBJÖRG JÓNSDÓTTIR**  
(Anný)  
Rjúpufelli 42,

lést á kvennadeild Landspítalans mánudaginn 3. febrúar. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Lif styrktarfélag.

Þorvaldur Stefánsson  
Stefán Þorvaldsson  
Júlíana Þorvaldsdóttir  
Hrund Þorvaldsdóttir  
Sigurborg Þorvaldsdóttir  
Þórdís Þorvaldsdóttir  
Birna Dís Benediktisdóttir  
barnabörn og langömmubörn.

Anna Friðbertsdóttir  
Gísli Jónsson

Agnar Norðfjörð Hafsteinsson  
Guðjón Þór Ólafsson  
Birgir Ingimarsson



Maðurinn minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**GUNNAR KRISTJÁNSSON**  
Asparfelli 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 28. janúar. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 10. febrúar, kl. 13.00.

Helga Loftsdóttir  
Gestur Skarphéðinsson  
Róbert B. Agnarsson  
Guðríður Kristjánsdóttir  
Hanna Karen Kristjánsdóttir  
Ólafur Kristjánsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Fanney Ásgeirsdóttir  
Anna Björnsdóttir  
Helgi Geir Valdimarsson  
Þórir Georgsson



Hjartans þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og einstaka vináttu við andlát og útför elsku föður míns, sonar okkar, bróður, mágs og barnabarns,

**GEORGS ÞÓRS STEINDÓRSSONAR.**

Tinna Georgsdóttir  
Steindór Steinþórsson  
Margrét Lind Steindórsdóttir  
Steinlaug Sigurjónsdóttir

Anna Marie Georgsdóttir  
Björgvin Guðjónsson



Elskulegur eiginnmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SVERRIR HINRIK JÓNSSON**  
málarameistari,  
Laugarbraut 18, Akranesi,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi sunnudaginn 2. febrúar í faðmi fjölskyldunnar eftir stutta sjúkraleigu. Jarðarförin fer fram frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 11. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á sjúkrahúsið á Akranesi.

Guðrún Margrét Elísdóttir  
Puriður Dóra  
Hörður  
Gunnar Rúnar  
Guðlaug Margrét  
Jón Arnar  
Rögnvaldur Elís  
barnabörn og barnabarnabörn.

Alexander Eðvaldsson

Hrafnhildur Tómasdóttir  
Smári V. Guðjónsson  
Arnar Símonarson  
Svanhildur Óskarsdóttir



Ástkær eiginnmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÁKI GUÐNI GRÄNZ**  
málarameistari,  
Ytri-Njarðvík,

lést þriðjudaginn 4. febrúar á hjúkrunarheimilinu Garðvangi. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkirkirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 14.00.

Guðlaug Karvelsdóttir  
Guðrún Fjóra Gränz  
Anna Margrét Ákadóttir  
Sólveig Björk Gränz  
Karvel Gränz  
Carl Bergur Gränz  
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarni Ragnarsson

Ásgeir Kjartansson  
Rebecca Castillon  
Guðmundína Kristjánsdóttir



# MAX ÚTSALA

ALLT Á LÁGMAX VERÐI - ALLT Á LÁGMAX VERÐI



Mikill  
afsláttur af  
kæliskápum



Þvottavélar  
Verð frá

69.989



32" sjónvörp  
Verð frá  
59.989



39" sjónvörp  
Verð frá  
79.989



Fartölvur á  
frábærum verðum



Heimabíókerfi með  
miklum afslætti

## ÚTSÖLULOK UM HELGINA!

Sjálfvirkar  
15% afsl.

DVD þættir  
50% afsl.

Sjónaukar  
20% afsl.

Fartölvutöskur  
35% afsl.

Hárblásarar  
30% afsl.

Ryksugur  
15% afsl.

70% afsláttur  
af DVD seríum  
70% afsl.

Saumavélar  
20% afsl.

Samlokugrill  
25% afsl.

Sléttu- og krullujárn  
30% afsl.

Síðustu eintök og útlitsgölluð  
tæki með miklum afslætti

Opið mán. - fös. kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupúni 1 - Garðabæ  
Sími 412 2200 - www.max.is

**MAX**  
RAFTÆKI



KL. 19:45

**Ísland Got Talent**

Leitin heldur áfram að hæfileikaríkasta atriði landsins þar sem sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

# Meiriháttar sunnudagskvöld

KL. 13:00

**Mín skoðun  
Mikael Torfason**

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikael Torfasonar.



KL. 19:10

**Sjálfstætt fólk**

Sigríður Klingenberg eða Sigga Kling eins og hún kys að kalla sig, segir okkur stórmerka sögu sína og frá leyndarmálum lífsins.



KL. 21:25

**The Following**

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



KL. 22:10

**Banshee**

Önnur þáttaröðin um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee.



KL. 19:50

**The Cleveland Show**

Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilegu teiknimyndapáttum frá handritshöfundum American Dad og Family Guy.



KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**SUDOKU**

LÉTT

		6	2					
4	1		5	3				2
			1	7	6	8	3	
2				7		9		
1	7		4		3	6		5
	6			1				
3				4	2	8		
		1	8	2			7	
	2	8		9				

LÉTT

MIDLUNGS

		2						8
3		5			8	2		6
		6		2			9	
1	3	2		7	6			
4	5	7						
								2
7	6		4	8				1
2	1			3	7	6		
		8		1	2	4		

MIDLUNGS

PUNGS

1	9			7	2		8
				8	5		
				6			9
4	3	7	5			1	9
	6	5					
9							7
			9				
7	5				2		
	1		4				6

PUNGS

6	8	1	5	9	2	7	4	3	7	3	1	6	9	2	8	4	5	8	1	4	3	6	7	5	2	9
4	7	3	8	1	6	9	2	5	2	6	4	1	8	5	3	7	9	5	3	2	4	9	8	6	7	1
9	2	5	4	3	7	6	8	1	9	5	8	7	3	4	6	2	1	6	7	9	1	2	5	3	8	4
7	1	8	9	6	5	2	3	4	5	7	3	2	6	9	4	1	8	3	4	7	2	5	1	9	6	8
2	5	6	7	4	3	8	1	9	1	9	6	3	4	8	2	5	7	9	2	8	6	3	4	1	5	7
3	9	4	1	2	8	5	6	7	4	8	2	5	7	1	9	3	6	1	6	5	7	8	9	2	4	3
8	4	7	2	5	1	3	9	6	8	1	7	9	2	3	5	6	4	4	8	3	5	1	6	7	9	2
1	6	2	3	7	9	4	5	8	3	4	5	8	1	6	7	9	2	2	9	6	8	7	3	4	1	5
5	3	9	6	8	4	1	7	2	6	2	9	4	5	7	1	8	3	7	5	1	9	4	2	8	3	6

**LAUSN  
SÍÐUSTU  
SUDOKU**

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli



**HANDAN VIÐ HORNID**

Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Það er svolítið gaman að gera hið ómögulega.“

Walt Disney

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18		19				20
21						

**KROSSGÁTA**

LÁRÉTT 2. útdeildu, 6. pfn., 8. ferð, 9. gogg, 11. gjaldmiðill, 12. sljógva, 14. einkennis, 16. bardagi, 17. gagn, 18. vel búin, 20. búsmali, 21. heimili.

LÓÐRÉTT 1. umdæmis, 3. borðaði, 4. pensillín, 5. dýrahljóð, 7. matarlím, 10. óvild, 13. vöntun, 15. bakhluti, 16. ái, 19. ónefndur.

**LAUSN**

LÓÐRÉTT: 1. léns, 3. át, 4. fúkalýf, 5. urf, 7. gelafrín, 10. fæð, 13. van, 15. nyl, 18. frín, 20. fé, 21. inni. LÁRÉTT: 2. gáfu, 6. ég, 8. túr, 9. nef, 11. kr, 12. slæva, 14. aðals, 16. at, 17. stél, 19. af, 19. n.

**SKÁK**

Gunnar Björnsson Vignir Vatnar Stefánsson (1.800) vann Ólaf Hlyn Guðmarsson í fimmtu umferð Skákþings Reykjavíkur á smekklegan hátt. Hvítur á leik:



30. e6+! Kxe6 (30... Kg8 31. Dg7#) 31. Df6#. Mikil spennu er á Nóa Sírusarmóti GM Hellis og Breiðabliks. Bragi Þorfinnsson og Stefán Kristjánsson eru eftir með 4½ vinning eftir 5 umferðir. Dagur Arngrímsson er þriðji með 4 vinninga. www.skak.is: Hraðskákmót Reykjavíkur á morgun.



## Leikhússpjall um Lúkas og Eldklerkinn

Eftir leiksýningar í Tjarnarbíói um helgina gefst áhorfendum kostur á að ræða við aðstandendur sýninganna Lúkasar og Eldklerksins.

Núna um helgina mun gestum Tjarnarbíós gefast kostur á að ræða við leikara og aðstandendur sýninga um innihald verkanna og upplifun þeirra af þeim. Leikhússpjall um Lúkas verður eftir sýningu í kvöld og um Eldklerkinn eftir sýningu annað kvöld.

Sýningarnar hefjast báðar klukkan 20 og verður lokið um 21.30. Þá hefst leikhússpjallið. Eftir sýningu á Lúkas í kvöld munu Stefán Hallur Stefánsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Friðrik Friðriks-son, sem fara með hlutverk í leikritinu, og Marta Nordal leikstjóri

setjast niður á kaffihúsi Tjarnarbíós og ræða við áhorfendur og aðra gesti um sýninguna. Þau munu svara spurningum, sem áhorfendur kunna að hafa og segja frá sinni upplifun af verkinu.

Annað kvöld verður hið sama uppi á teningnum og þá munu Pétur Eggerz, leikari í Eldklerkinum, og Thelma Björnsdóttir búningahönnuður ræða við gesti um Eldklerkinn.

Báðar hafa sýningarnar vakið mikla athygli og hlotið lofsamlega dóma bæði gagnrýnenda og áhorfenda.



**LÚKAS** Leikarar og leikstjóri Lúkasar ræða við áhorfendur eftir sýningu í kvöld.

**RAGNHEIÐUR**  
Ný ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson

MÍÐASALA á harpa.is

Frum-sýning 1. mars - nokkur sæti laus  
2. sýning 8. mars - nokkur sæti laus  
3. sýning 15. mars

Takmarkaður sýningafjöldi

ÍSLENSKA ÓPERAN



**REYKJANESBRAUTIN** Melasól, lambagras og fleiri fögur blóm skreyta umhverfi Reykjanesbrautar á sumardegri þegar að er gáð. MYND/EINAR FALUR INGÓLFSSON

## Leiðin frá bernskunni

Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari opnar sýningu í dag í Listamönnum Galleríi. Hún birtir heim sem hann fann er hann beygði út af Reykjanesbraut.

„Reykjanesbraut er vegurinn sem ég hef ekið frá æsku því ég ólst upp á Suðurnesjum. Flestir þekkja bara malbikið og hraunbreiðuna í kring en fyrir sex, sjö árum ákvað ég að skoða betur hvaða heim væri að finna ef ég beygði út af,“ segir Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari sem opnar ljósmyndasýningu klukkan 18 í dag í galleríinu Listamenn við Skúlagötuna 32-34.

Upphafið rekur hann til sýningarinnar Aftur sem hann vann árið 2007 fyrir Listasafn Reykjanesbæjar þar sem hann sneri aftur til æskuslóðanna. „Í kjölfarið ákvað ég að stækka verkefnið og taka alla þessa leið frá bernskunni til



**EINAR FALUR INGÓLFSSON**

míns heims í dag og það vill svo til að það er Reykjanesbrautin,“ segir listamaðurinn sem stefnir að því að gera stóra bók með myndunum sem hann hefur tekið í nágrenni þessa fjölfarna vegar en sýnir nú fimmtán þeirra sem hann segir gefa ágæta vísindingu um verkefnið.

Nú eru líka ljósmyndadagar hér í Reykjavík og sýning Einars passar vel inn í þá dagskrá. -gun

## Tíminn og andstæður í tilverunni hafa áhrif

Síðustu sjö ár nefnist sýning sem Hanna Pálsdóttir opnar í Anarkí listasal, Hamraborg 3, Kópavogi í dag.

„Þetta er yfirlitssýning, verk sem ég hef málað á undanföllum árum,“ segir listakonan Hanna Pálsdóttir sem opnar sýningu klukkan 14 í dag í Anarkí listasal í Hamraborg 3. Hún kveðst hafa byrjað myndlistarnám þegar hún fór á eftirlaun eftir 38 ára starf í Búnaðarbankanum.

„Ég var í Myndlistaskólanum í Reykjavík, Myndlistaskóla Kópavogs og hjá Bjarna Sigurbjörnsyni,“ segir Hanna sem tjáir sig með djörfum litum og segir tímann, andstæður í tilverunni, fegurð náttúrunnar og margt fleira hafa áhrif á myndsköpun hennar.

Þetta er níunda einkasýning Hönnu. Hún stendur til 2. mars og



**LISTAKONAN** Hanna tjáir sig með djörfum litum.

er opin þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 15 til 18 og frá 14 til 18 um helgar. -gun

[Íd]

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN ÞRÍLEIKUR**

FARANGUR EFTIR VALGERÐI RÚNARSDÓTTIR  
BERSERKIR EFTIR LENE BOEL  
TILBRIGÐI EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTIR  
FRUMSÝNING 8. FEBRÚAR 2014

SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU. MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000 EÐA Á WWW.ID.IS





# Ferming 2014

Ný skemmtileg fermingar fatasería í Galleri Sautján er nú til sýnis í verslunum okkar. Þátttakendur eru allir krakkar fæddir í kringum það frábæra aldamótaár 2000! Verið velkomin.



...flottar myndir, góð verð og skemmtilegur leikur á **fb** síðu okkar og á **ntc.is**

**galleri sautján**

Kringlan | Smáralind

# HHhH

Verðlaunasaga um hættulegasta mann Þriðja ríkisins



„Þetta er algjörlega mögnuð bók.“

KB / Kiljan

„Bókmenntalegt afrek.“

The New York Times Book Review

1.

Metsölulisti Eymundsson

Heilaristi

30.01.14-05.02.14

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

## MÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA auglýsir eftir umsóknnum um útgáfu- og þýðingarstyrki

Útgáfustyrkjum er ætlað að styðja við útgáfu og miðlun íslenskra ritverka. Þýðingarstyrkjum er ætlað að stuðla að þýðingum erlendra fagurbókmennta og fræðiritna á íslensku.



Umsóknarfrestur er til og með 15. mars næstkomandi. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Miðstöðvar íslenskra bókmennta, www.islit.is.

Miðstöð íslenskra bókmennta  
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, www.islit.is, s. 552 8500

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR  
8. FEBRÚAR 2014

### Tónleikar

**21.00** Poppprinsessan **Leonce** heldur tónleika á Gauk á Stöng. Snillingarnir í Hide Your Kids sjá um upphitun. Leonce ártar plötur sínar á staðnum. Miðaverð er aðeins þúsund krónur, húsið er opnað kl. 21.00 og tónleikar hefjast 22.00.

**22.00** KK-bandið spilar á Café Rosenberg. Upprunalegir meðlimir KK-bandsins síðan 1992.

**23.00** Það verður þorras-temming um helgina á Kringlukuránni. **Helga Möller** skemmtir á laugardagskvöldið með hljómsveit Jóns Ólafssonar. Miðaverð 1.500 krónur.

**21.00** Útgáfutónleikar **Atónal Blús** fyrir breiðskífuna Höfuðsynd á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

### Leiklist

**20.00** Frumsýning á **Bláskjá** eftir Tyrfing Tyrfingssonar á Litla sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

### Hátíðir

**16.00** Í tilefni af árs **afmæli Hannesarholts** bjóða aðstandendur þess til hátíðar þar sem boðið verður upp á tónlist, ljóð og laust mál. Afmælið hefst kl. 16 í Hljóðbergi í Hannesarholti og gert er ráð fyrir að dagskráin standi í um klukkustund. Meðal þeirra sem koma fram eru systurnar Ragnheiður Elín og Þórunn Erna Clausen, félagar úr Schola Cantorum og Guðmundur Andri Thorsson. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hannesarholts: hannesarholt.is.

**13.00** Heimsdagur barna í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi og frístunda-

miðstöðinni Miðbergi. Börnum og fjölskyldum þeirra verður boðið að taka þátt í fjölbreyttum listmiðjum og njóta margs konar skemmtunar. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Kynningar

**10.00** **UTmessan** laugardaginn 8. febrúar: Opíð og frítt fyrir alla fjölskylduna. Ókeypis inn og frítt í bílastæðahús Hörpu á meðan húsrúm leyfir. Ungir sem aldri eru hvattir til að mæta og sjá framtíðina með berum augum. Öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins sýna það sem þau hafa fram að færa á sérstakri tölvusýningu. Nánari dagskrá á utmessan.is. Dagskráin verður í Hörpu.

### Dans

**20.00** **Príleikur**, frumsýning á þremur nýjum íslenskum dansverkum á stóra sviði Borgarleikhússins. Farangur eftir Valgerði Rúnarsdóttur, Berserkir eftir Lene Boe, og Tilbrigði eftir Láru Stefánsdóttur. Miðaverð 4.500 krónur.

### Tónlist

**22.00** **Plötusnúðarnir Agzilla, Elvar, Plasmic og Andri** bjóða til allsherjar dansveislu á skemmtistaðnum Park, við Hverfisgötu 20. Drum & Bass tónlistar- maðurinn og plötusnúðurinn Gremlinz frá Toronto heiðrar Íslendinga með nærveru sinni.

**23.00** **Ingvar Grétarsson** skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Frítt inn!

**20.00** í tilefni af 100 ára fæðingars- afmæli Ástgeirs Ólafssonar, **Ása í Bæ**, 27. febrúar næstkomandi, er blásið til sannkallaðrar gleði- og tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu. Upplýsingar um miðaverð á midi.is.

### Myndlist

**16.00** Sýning á verkum finnska lista- mannsins **Harros** og sýning **Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson** sem ber heitið Úr iðrum jarðar verður opnuð á Kjar- valsstöðum. Irma Ertman, sendiherra Finnlands á Íslandi, flytur ávarp.

**17.00** Samtímamótasýning **Ásgeirs Skúlasonar og Leifs Ýmis Eyjólfssonar** í Kaffihúsinu í Álafossi í Mosfellsbæ.

## SUNNUDAGUR 9. FEBRÚAR 2014

### Tónleikar

**16.00** **Serimónía** eftir **Hauk Tómasson** frumflutt í Salnum. Hvað gerist þegar serimóníur verða sjálfvirkar? Haukur Tómasson leitar svara við því í nýju verki, Serimóníu, sem frumflutt verður í Salnum á sunnudaginn.

### Félagsvist

**14.00** **Félagsvist** í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**15.00** Kvikmyndin **Sergei minn** (My Sergei) verður sýnd í húsnæði MÍR, Hverfisgötu 105. Í myndinni er sagt frá einu sigursælasta íþróttapari allra tíma, Rússunum Sergei Grinkov og Jekaterínu Gordejevu, en þau urðu fjórðu sínum heimsméistarar í listhlaupi para á skautum, þrisvar Evrópuméistarar og tvisvar Ólympíuméistarar. Enska skýr- ingar (tal). Aðgangur ókeypis.

### Dansleikur

**20.00** **Dansað** verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík. Danshljómsveitin Klassik leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

### Tónlist

**15.15** **Duo verum**, skipað Krístrúnu Helgu Björnsdóttur flautuleikara og Presti Þorbjörnssyni gítarleikara, heldur tónleika í Norræna húsinu. Á tónleik- unum verða flutt verk frá hinum ýmsu tímabilum tónlistarsögunnar. Miðaverð er 2.000 krónur, en 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

**17.00** **Andrea Jónsdóttir** leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Félagsstarf

**19.00** Spilað verður bridge í Breiðfirð- ingabúð. Allir velkomnir

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is.



## NAMMIDAGAR Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM

ALLT  
HUNDA- OG  
KATTANAMMI

20-60%

AFSLÁTTUR  
UM HELGINA



GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opíð 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

Vissir þú að...

born eiga rétt á Vernd gegn klámi.

Barnaheill  
Save the Children á Íslandi



# Hótaði Woody Allen lífláti

Woody Allen segist hafa óttast um líf sitt í samskiptum við Miu Farrow.

Sjónvarpsstöðin CBS rifjaði upp viðtal við kvikmyndaleikstjórnann Woody Allen úr 60 mínútum frá árinu 1992 á miðvikudaginn vegna bréfs sem dóttir hans, Dylan Farrow, fékk birt á bloggvef New York Times síðustu helgi. Í bréfinu sakaði hún Woody um kynferðislega misnotkun.

Í viðtalinu talar Woody við fréttamanninn Steve Kroft um forræðisdeiluna á milli hans og leikkonunnar Miu Farrow. Árið 1992 komst Mia að því að Woody væri í ástarsambandi við ættleidda dóttur hennar, Soon-Yi Previn. Í viðtalinu sagði Woody að hann óttaðist um líf sitt og deildi Valentínusardagskorti sem Mia hafði sent honum.

„Hún sendi mér Valentínusardagskort. Hún sendi mér það ekki; hún rétti mér það. Ég þakkaði fyrir, fór niður, inn í bíl og opnaði það. Og það var mjög, mjög, mjög hrollvekjandi kort sem var búið að leggja mikla vinnu í,“ sagði leikstjórninn.

Í viðtalinu er sýnd mynd af kortinu en búið er að stinga nálum í myndir af börnunum og steikarhnífur rekinn í gegnum hjartað á kortinu.

„Ég varð hræddur. Hún hótaði mér lífláti oft. Hún hringdi og hótaði mér. Hún hótaði að hún myndi láta drepa mig eða drepa mig sjálf,“ bætti Woody við og sagðist jafnframt hafa tekið hótanirnar alvarlega.

- lkg



**PEGAR ALLT LÉK Í LYNDI**  
Woody Allen ásamt Miu Farrow og börnunum, frá vinstri Misha, Dylan, Fletcher og Soon-Yi, sem síðar giftist Allen.  
AFP/NORDIC- PHOTOS



**SNYRTILEGUR ÍSSKÁPUR** Þessi stenst kröfur Johns Stonehill. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ísskáparýni í tilhugalífínu

John Stonehill er sérfræðingur í ísskápum á stefnumótum. Hann heldur úti þjónustu á heimasíðu sinni við fólk sem er í tilhugalífínu.

John heldur því fram að ísskápar, eða innihald þeirra, segi allt um mannkosti fólks, og mælist til þess að fólk kíkí í ísskáp á stefnumótum í heima-húsum áður en tekin eru fleiri skref í ástarsambandi.

Þannig getur hver sem er sent honum mynd innan úr ísskáp og fengið ísskáparýni sem John birtir síðan á heimasíðu sinni. - ue



**TÓNLEIKAR Í KVÖLD** KK band kemur saman á tónleikum á Café Rosenberg í kvöld. MYND/DANIEL

## KK band spilar saman í kvöld

Hið eina sanna KK band kemur saman á tónleikum sem fram fara á Café Rosenberg í kvöld. Upprunalegir meðlimir KK bandsins síðan 1992 eru þeir Kristján Kristjánsson, eða KK, á gítar og syngur hann einnig, Þorleifur Guðjónsson bassa-leikari og Kormákur Geirharðsson trommuleikari. Að auki mun félagi þeirra Beggi Morthens leika á rafgítar.


Það eru rúm 20 ár síðan bandið var stofnað og fyrsta platan þeirra, Bein leið, kom út. Sú plata fór í tvöfalda plátínu sem þýðir að yfir 20.000 plötur hafa selst.

Bandið heldur örfáa tónleika á ári og hefur mjög gaman af því að hittast, enda miklir vinir sem hafa farið í gegnum ýmsar líppur í lífinu.

- glp

**emmessis**

**FYLLTU  
Á  
FAYSTINN**



**Ljúffengar stangir  
frá Emmessis  
fyrir káta krakka**



**VANILLU  
STANGIR**  
með dýfu





**MASSIVE ATTACK** Frumkvöðlar trip-hopsins eru á leið til landsins.

## Býst við tvö til þrjú þúsund manns

Skipuleggjandi Secret Solstice-hátíðarinnar greinir mikinn áhuga á hátíðinni á samfélagsmiðlum.

„Við búumst við tvö til þrjú þúsund manns frá Bretlandi,“ segir Friðrik Ólafsson, einn skipuleggjanda Secret Solstice-hátíðarinnar sem fer fram í júní. Heimasíða Secret Solstice fór í loftið á fimmtudag, en miðsalan hefst á þriðjudaginn klukkan 10.00. „Við höfum séð fólk tala um hátíðina á Facebook og á Twitter þar sem það merkir hvað annað í færslunum og það er augljóst að áhugi er fyrir hátíðinni,“ segir Friðrik.



**FRIÐRIK ÓLAFSSON**

Jack Robinson, samstarfsmaður Friðriks, hefur skipulagt hátíðir í Króatíu. „Þær heita Outlook og Dimensions. Þangað fljúga um 25.000 manns frá Bretlandi og öðrum Evrópulöndum ár hvert.“ Tilkynnt verður í vikunni um fleiri erlenda tónlistarmenn sem koma á hátíðina, en Massive Attack og Woodkid hafa þegar bókað komu sína. „Margir hafa reynt að fá þann síðarnefnda til Íslands, en það hefur ekki tekist fyrr en nú,“ segir Friðrik.

Takmarkað upplag er af fyrstu miðunum, sem kosta 12.900 krónur. Síðan fer verðið upp í 15.900 krónur, en fullt verð er 19.900 krónur. Vefslóðin er [secretsolstice.is](http://secretsolstice.is).

# Mesta áhorf frá upphafi

„Ótrúlega hæfileikaríkt fólk á Íslandi,“ segir Freyr Einarsson, sjónvarpstjóri 365, um velgengi sjónvarpsþáttanna Ísland Got Talent sem sýndir eru á Stöð 2.

„Þetta er framar öllum vonum,“ segir Freyr Einarsson, sjónvarpstjóri 365, um áhorf á þáttaröðina Ísland Got Talent sem nýlega hóf göngu sína á Stöð 2. Þættirnir hafa vakið mikla athygli. Dómnefndin er skipuð Bubba Morthens, Jóni Jónssyni, Þórunni Antoníu Magnúsdóttur og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Þátttakendur hafa heillað áhorfendur upp úr skónum, og má þar nefna fremsta meðal jafningja Hermann tóframann sem ætlar að verja verðlaunafénu ef hann sigrar í sjúkarakostnað systur sinnar, grunnskólakennarann Signýju Sverrisdóttur sem söng eins og engill og píanósnillinginn Laufeyju Lín Jónsdóttur, sem er aðeins fjórtán ára gömul, en sló rækilega í gegn í fyrsta þættinum.



**FREYR EINARSSON**

„Þetta er langmesta áhorf sem þáttur á Stöð 2 hefur fengið frá upphafi rafrænna mælinga í markhópnum 12-54 ára. Meira en Vakta-seríurnar fengu fyrir fimm árum sem er áhorf sem margir töldu að yrði aldrei toppað. Það er auðvitað sætur sigur í sjálfu sér,“ segir Freyr, léttur í bragði. Þrettán þættir af Ísland Got Talent verða sýndir, þar af eru fjórir úrslitþættir sem verða í beinni útsendingu í vor.

Spennan er mikil meðal keppenda sem taka þátt í þessari stærstu hæfileikakeppni Íslands, en sigurvegurinn hlýtur að launum 10 milljónir króna. „Það kom skemmtilega á óvart hversu fjölbreytt atriðin eru og hvað það er mikið af ótrúlega hæfileikaríku fólki á Íslandi sem kemur þarna fram í fyrsta skipti opinberlega,“ segir Freyr sannfærður um að margar af stjórnun framtíðarinnar stígi sín fyrstu skref fram í sviðsljósið í þessum sjónvarpsþáttum.



**DÓMNEFNDIN** Bubbi, Þórunn Antonía, Þorgerður Katrín og Jón Jónsson sitja í dómnefnd.

Aukin áhersla hefur verið lögð á innlenda þætti í dagskrá Stöðvar 2 í vetur.

„Þetta hefur haft mjög jákvæð áhrif og það er ljóst að það er mikil eftirspurn eftir íslensku sjónvarps efni. Það varð sprenging í áskriftarsölunni hjá okkur í desember og það má segja að látunum hafi ekki linn og allar símalínur í söluverinu hafi verið rauðglóandi síðustu mán-

## Got Talent

- Got Talent er stærsta hæfileikakeppni í heimi en gerðar hafa verið 55 mismunandi útgáfur af þáttunum um víða veröld.
- Áætlað er að yfir 460 milljónir áhorfenda hafi séð Got Talent einhvers staðar í heiminum síðan þættirnir fóru fyrst í loftið.
- Got Talent-þættirnir hafa náð toppsætinu í áhorfsmælingum á 44 af þeim stöðvum sem þeir hafa verið sýndir á.

uði. Stemningin í kringum Ísland Got Talent er einstök og viðbrögðin frábær, enda er þetta fjölskylduþáttur sem allar kynslóðir sameinast í kringum,“ segir Freyr sem er að vonum ánægður með þessa þróun.

# Frí áfylling á vetrarkort fyrir börn fædd 2005



**Börn fædd 2005** sem búa í þeim sveitarfélögum sem standa að rekstri skíðasvæðanna í Bláfjöllum og Skálafelli fá ókeypis áfyllingu á vetrarkortið sitt út veturinn. **Sveitarfélögin eru:** Reykjavík, Seltjarnarnes, Garðabær, Mosfellsbær, Kópavogur og Hafnarfjörður.

Kortin eru eingöngu afgreidd í Bláfjallaskála.



Þetta tilboð er ekki einungis ætlað þeim sem eiga vetrarkortið fyrir – þau börn fædd **2005** sem ekki eiga kort geta keypt kortið sjálft á **1000 kr.** og fengið áfyllinguna ókeypis.

(Þau fá svo **500 kr.** endurgreiddar þegar kortinu er skilað).

Athugið að forráðarmaður þarf að koma með þegar kort er sótt. Miðað er við hvar börn áttu lögheimili **1. des 2013**.

# Syndsamlega góðar súkkulaðikúlur

Verkfræðingurinn Guðlaug Jökulsdóttir er með bloggsíðuna Paleo Líf. Hún deilir gómsætri uppskrift með lesendum Fréttablaðsins.

## Ást í kúluformi

1 bolli möndlusmjör  
(eða hnetusmjör, það er amazeballs)  
1/4 bolli hunang  
2/3 bollar kókosmjöl  
1/2 tsk. salt  
2 tsk. vanilla  
1/3 bolli súkkulaðibitar (ég skar 70% súkkulaði niður í hæfilega stóra bita)  
Súkkulaði til þess að hjúpa (að sjálfsögðu 70% eða dekkra hér líka)  
1 tsk. kókosolífa

Öllum hráefnum, að undanskildu súkkulaðinu til að hjúpa og kókos-

olíunni, er blandað saman í skál. Það er hægt að gera þetta með sleikju, sleif eða einfaldlega í hrærivélinni. Þegar búið er að hræra blöndunni vel saman er henni skellt inn í ísskáp, þar til hægt er að móta deigið í kúlur.

Tekin er smá klípa (um matskeið) af deigi í einu og því rúllað upp í kúlu í lófnum. Kúlan er því næst sett á disk, fat, í box eða hvað sem hentar best. Þetta er endurtekið þar til búið er að mynda kúlur úr öllu deiginu. Þá er bara að smella þessu í frystinn í smástund!

Á meðan kúlurnar eru að kæla sig í frystinum er ekkert annað í stöðunni en að bræða súkkulaði og kókosolífu yfir vatnsbaði. Passið að ekkert vatn komist í skálina. Takið skálina af pottinum og látið standa, þar til notað.

Næsta skref er að hjúpa kúlurnar með súkkulaði. Ég henti einfaldlega einni kúlu í einu út í súkkulaðiþráðina, velti henni svolftið um, tók hana svo upp úr og setti á disk. Ég mæli hiklaust með því að setja kúlurnar á bókunarpappír, þannig að auðveldara sé að losa þær. Þetta endurtók ég þar til allt

var dásamlega hjúpað af súkkulaði. Þar með talin ég.

Hendið svo kúlunum aftur í frystinn í smástund, þar til súkkulaðið er harðnað. Og þá er erfiðasta verkefnið eftir: Að sitja á sér að borða þetta ekki allt saman í einu. Syndsamlega gott. Geymist vel í boxi í frysti.

Ég gerði hálfu uppskrift og fékk 17 kúlur út úr því. Þessi uppskrift ætti því að gera rúmlega þrjátíu kúlur, eftir stærð.



LJÚFFENG Guðlaug lofar því að kúlurnar séu góðar. MYND/EINKASAFN



VERJA TÍMA SAMAN Channing og Jenna eru í fríi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Mjög flamingjusamur

Leikarinn Channing Tatum heimsótti spjallþátt Ellen DeGeneres í gær og sagðist hafa bætt aðeins á sig síðan hann lék strippara í kvikmyndinni Magic Mike árið 2012.

„Núna er ég það sem ég og eiginkona mín köllum flamingjusamur. Ég er mjög feitur og flamingjusamur núna,“ segir Channing sem er í langþráðu fríi. Hann eyðir nú sem mestum tíma með eiginkonu sinni, Jennu Dewan-Tatum, og átta mánaða gamalli dóttur þeirra, Everly. Channing óttast að vera ekki nógu svalur fyrir dóttur sína.

„Hún hefur betri tónlistarsmekk en ég. Hún sofnar bara við mjög góða tónlist,“ segir Channing og bætir við að hann hlusti á Drake á meðan dóttir hans elski Prince. - lkg



AKRÍLL Á STRIGA Melancholia heitir þetta verk Óskars. Það er 155x150 cm að stærð

## Finnst ágúst ánægjulegastur

Óskar Manúelsson myndlistarmaður opnar sýningu í Art gallery í Skúlagötu 30 klukkan 16 í dag, laugardag. Hún heitir „7 mánuðir í ágúst“ og skýringin er þessi: „Þar sem ég tel ágúst ánægjulegasta mánuð ársins og þessi sýning er opnuð í febrúar þá fær hún þetta nafn. Það er í samræmi við síðustu sýningu mína á Akureyri í desember og hét „9 mánuðir í ágúst“.

Í verkum sínum kveðst Óskar alltaf vera með tilvitnanir í það sem er að gerast í lífi sínu og annarra en segir það samhengi geta verið gríðarlega vítt því ýmislegt gangi á í hinu daglega amstri.

Þetta er sjöunda sýning Óskars og sú fyrsta í Reykjavík. - gun

Elísabet Guðrúnar- og Jónsdóttir  
Nemi í tölvunarstærðfræði

## HR á UTmessunni

í Hörpu laugardaginn 8. febrúar kl. 10-17.

Nemendur og kennarar öflugustu tölvunarfræðideildar landsins taka vel á móti gestum UTmessunnar.

Kynning á Forritunarkeppni framhaldsskólanna í Silfurbergi: Öllum velkomið að leysa forritunarþrautir sem hafa verið lagðar fyrir keppendur undanfarin ár.

Svipmyndir úr starfi tölvunarfræðideildar: Vísindamenn sýna áhugaverð myndbönd frá Hakkarakeppni HR, rannsóknum í gervigreind og notkun hugbúnaðar í stýrikerfum geimskipa.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY

/sys/tur sýna dansandi Krúttmund og magnaða hluti sem framkvæmdir eru með Raspberry Pi smátölvum.

### Örfyrirlestrar nemenda:

Vignir Örn Guðmundsson:

- Næsta kynslóð námsgagna

Helga Guðmundsdóttir:

- Lúxusvandamál: Hvernig tek ég á móti öllum þessum beiðnum?

Trausti Sæmundsson:

- Skalanleg afkastamæling á flýtiminnskerfum

Starfsfólk tölvunarfræðideildar svarar spurningum um allt sem viðkemur náminu. Opið er fyrir umsóknir í grunn- og framhaldsnám.

utmessan.is

ÓTEXTUÐ 16

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ

NURSE 3D	Sýningartímar 8, 10	16
DALLAS BUYERS CLUB	5:45, 8, 10:20	12
47 RONIN 3D	10:30	12
SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	1:45, 3:45	12
SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 3D	1:45, 3:45	12
HOBBIT 2 3D (48R)	2, 5	12
SECRET LIFE OF WALTER MITTY	5:45, 8	7

LAUGARÁSBÍÓ

SÝNINGARTÍMAR

16

8, 10

12

12

12

12

12

7

SAMBÍÓ

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINGUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM  
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINGUGULT

LÍFSLEIKNI GILLZ

DREPFYNDIN GAMANMYND MED BESTU GRÍNLEIKURUM LANDSINS

FRÁBÆR SKEMMTUN FRÁ FYRSTU MÍNÚTU

FRÁBÆR GRÍNMYND MED ROBERT DE NIRO OG SYLVESTER STALLONE Í AÐALHLUTVERKUM

24 ÓSKARSTILNEFNINGAR

JÓNSI OG RIDDARAREGLAN

AMERICAN HUSTLE

THE WOLF OF WALL STREET

SAMBÍÓ ALFABAKKA		SAMBÍÓ EGILSHÖLL	
LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. 1-3:30-5:45-8-10:20-10:50	LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. 1-3:20-5:40-8-10:20
LÍFSLEIKNI GILLZ VIP	KL. 1-3:30-5:45-8-10:20	GRUDGE MATCH	KL. 8-10:25
GRUDGE MATCH	KL. 8-10:30	JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	KL. 1-3:10-5:40
JACK RYAN	KL. 8-10:30	FROSINN	KL. 1-3:20
LAST VEGAS	KL. 5:45-8-10:20	JACK RYAN	KL. 8
AMERICAN HUSTLE	KL. 5-8-10:50	12 YEARS A SLAVE	KL. 2:30-5:15
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	KL. 1-2-3-4-6	LAST VEGAS	KL. 8-10:20
FROSINN	KL. 1-2-3-20-5:40	AMERICAN HUSTLE	KL. 5:15-10:15
SAMBÍÓ KEFLAVÍK		SAMBÍÓ KRINGLUNNI	
LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. 5:45-8-10:20	RÚSALKÁ ÓPERA	KL. 17:55 (LAU)
GRUDGE MATCH	KL. 10:20	LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. (10:10(LAU)) (5:45-8-10:20(SUN))
LAST VEGAS	KL. 8	12 YEARS A SLAVE	KL. 6-9
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	KL. 2-4-6	WOLF OF WALL STREET	KL. 5:40-9:10
SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM A KÖFLUM	KL. 3D: 3:40 2D: 1:30	JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	KL. 1:30-3:40
		FROSINN	KL. 3D: 1-3:20 2D: (1:20-3:40(SUN))
SAMBÍÓ AKUREYRI			
LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. 5:45-8-10:20		
GRUDGE MATCH	KL. 10:20		
LAST VEGAS	KL. 8		
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN	KL. 2-4-6		
FROSINN	KL. 2		

SPARBÍÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU Eða APPELSINGUGULU KR. 750 Á APPELSINGUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

INSIDE LLEWYN DAVIS

HER

ÓSKARVERÐLAUNA TILNEFNINGAR

DALLAS BUYERS CLUB

August: Osage County

ÓSKARVERÐLAUNA TILNEFNINGAR - MERYL STREEP OG JULIA ROBERTS

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
INSIDE LLEWYN DAVIS	KL. 5:40-8-10:20	INSIDE LLEWYN DAVIS	KL. 3:30 (TILBOÐ) 5:40-8-10:20
INSIDE LLEWYN DAVIS LÚXUS	KL. 8-10:20	HER	KL. 6-9 / DALLAS BUYERS CLUB KL. 8-10:30
HER	KL. 3-8	EKAJAJALLA JÖKULL	KL. 6
SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	KL. 1 (TILBOÐ) 3:20-5:40	AUGUST: OSAGE COUNTY	KL. 3:30 (TILBOÐ) 6
SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 3D	KL. 1 (TILBOÐ) 3:20	THE BOOK THIEF	KL. 9
47 RONIN 3D	KL. 10:40	SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 2D/3D	KL. 3:30 (TILBOÐ)
BELIEVE	KL. 3:30		
SECRET LIFE OF WALTER MITTY	KL. 1 (TILBOÐ) 5:30-8-10:30	BORGAR BÍÓ	
THE HOBBIT 3D 48R	KL. 5:40-9	INSIDE LLEWYN DAVIS	KL. 8
THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS	KL. 1-4:30	HER	KL. 10:30 / DALLAS BUYERS CLUB KL. 8
RISAEIÐLUNAR 2D ÍSL. TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	THE BOOK THIEF	KL. 5:45 / NURSE 3D / KL. 10:30
		SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM 2D	KL. 3:50-5:45 / 3D / KL. 3:50

# Mótmælt í kokteilboði

**BAKPANKAR**  
Fanneyjar Birnu  
Jónsdóttur



Í aðdraganda Vetrarólympíuleikanna í Sotsjí í Rússlandi hefur umræðan lítið snúist um keppendur eða íþróttir heldur aðallega um gróf mannréttindabrot Rússa gagnvart samkynhneigðum. Þetta vakti spurningar um hvort það væri siðferðislega rangt að ráðamenn annarra landa sæktu leikana og hvort þeir ættu kannski heldur að sitja heima og mótmæla þannig ástandinu í gestgjafalandinu.

**MARGIR** erlendir þjóðhöfðingjar svörðu þessu játandi og ætla ekki að mæta til þess að sýna samstöðu með þeim sem sæta ofbeldi að hálfu stjórnvalda í Rússlandi. Okkar ráðamenn létu þessa umræðu eins og vind um eyru þjóta. Forsetinn og frú eru mætt út, ásamt ráðherra íþróttamála og íþróttaförystunni eins og hún leggur sig. Varnir Illuga Gunnarssonar íþróttamála-ráðherra hafa snúið að því að ekki eigi að blanda saman pólitík og ólympíuand-anum en að hann muni koma á framfæri athugasemdum um stöðu mannréttindamála í Rússlandi gefist möguleiki á því.

**PAÐ** sem er athugasemdir við þessa afstöðu er að með því að mæta, sem ráðherra, á

leikana er verið að blanda saman pólitík og Ólympíuleikunum. Það er óhjákvæmilegt. Illugi er ekki að fara á leikana sem yfir-lýstur áhugamaður um krullu heldur sem íþróttamálaráðherra Íslands. Síðan eru fullyrðingar ráðherrans um að hann muni koma á framfæri athugasemdum um mannréttindamál ef möguleiki gefst kunnuglegur spuni frá forseta lýðveldisins sem notar þetta óspart þegar hann er spurður hvort vinátta hans og kínverskra ráðamanna sé tilhlýðleg m.t.t. grófra mannréttindabrota í Kína. Heldur einhver að Illugi muni standa upp í einhverju fínu kokteilboði og fara að lesa gestgjöfum pistilinn um mannréttindamál? Einhver?

**ADRAR** þjóðir fóru þá ábyrgu leið að mótmæla í verki mannréttindabrotum rússneskra yfirvalda. Ísland fór þá leið að vera eins og meðvirkur aðstandandi alkóhól-ista; mætir kátur í veisluna og lætur eins og gestgjafinn sé ekki á herðablöðunum að berja eiginkonuna. Þorir náttúrulega ekki að segja neitt til að styggja ekki gestgjafann heldur snýr blinda auganu að honum og reynir bara að skemmta sér. Allt mjög heilbriggt. Vonandi ná þau að skemmta sér.

# Vilja lyfta kynlífi upp á hærra plan

Serafim Hólm heldur tantranámskeið með eiginkonu sinni Magdalenu.

„Á námskeiðinu viljum við lyfta kynlífi upp á hærra plan,“ segir Serafim Hólm, sem heldur námskeiðið Sacred Sexuality með konu sinni Magdalenu. „Við kennum hugmyndir tantra um kynlíf,“ segir Serafim. Hann rekur stöðina Natha Yogacenter. „Tantra fjallar um allar hliðar mannlegs lífs, og meðal annars kynlíf,“ segir Serafim. Magdalena og Serafim lærðu tantrafræðin í Rúmeníu. Þar tók Serafim sér nýja nafnið. „Serafim

er ekki íslenska skírarnafnið mitt, en ég hef verið skírður þessu nafni. Ég tók mér þetta nafn þegar ég var skírður inn í rétttrúnaðarkirkjuna í Rúmeníu. Ég hef ekki látið skrá það á Íslandi. Í íslensku þjóðskránni heiti ég Arnar,“ segir Serafim.

Námskeiðið hefst næsta fimmtudag á ókeypis kynningu. „Eftir það stendur námskeiðið í tólf vikur og kostar 25 þúsund krónur, en það er tuttugu prósent paraafsláttur.“



**BREYTTI UM NAFN** Serafim hét áður Arnar Hólm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ódýrt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM A KÖFLUM 2

HOBBIT

JÓNSI OG RIDDARAREGLAN

LÍFSLEIKNI GILLZ

FROZEN

SPARBÍÓ

PAU HUNGRAR Í ÆVINTÝRI

SKÝJAD MED KJÖTBOLLUM A KÖFLUM 2

TILBOÐ Í SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

BÍÓ PARADÍS

VENUS IN FUR

YOUNG AND BEAUTIFUL

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS

# RISA SKÓ

## ÚTSALA

### 50-90% afsláttur

Í TOPPSKÓNUM  
Í FULLUM GANGI

H&H



Toppskórinn er á 2 stöðum Smáratorgi og Grafarholti

Mikið úrval af Dömu, herra og barna skóm

**Toppskórinn**  
Outlet Grafarholti

**Toppskórinn**  
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti  
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**  
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi  
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**  
**Sunnudaga: 12-18**

## Dagskrá Íslendinganna

**ÓL 2014** Ísland á fimm keppendur á Vetrarólympíuleikunum í Sotsj. Fjórir þeirra keppa í alpagreinum og einn, Sævar Birgisson, í skíðagöngu.

María Guðmundsdóttir varð fyrir því óláni að meiðast illa á hné í aðdraganda leikanna og varð að draga sig út úr hópnum. Erla Ásgeirsdóttir tók hennar sæti en auk hennar keppa Brynjar Jökull Guðmundsson, Einar Kristinn Kristgeirsson og Helga María Vilhjálmisdóttir í alpagreinum.

- esá

### KEPPNISGREINAR ÍSLENDINGA Á ÓL 2014 Í SOTSJÍ

11. febrúar

Sprettganga karla kl. 10.00

Sævar Birgisson.

14. febrúar

15 km skíðaganga karla kl. 10.00

Sævar Birgisson.

15. febrúar

Risasvíg kvenna kl. 07.00

Helga María Vilhjálmisdóttir.

18. febrúar

Stórsvíg kvenna kl. 07.00/10.30

Helga María og Erla Ásgeirsdóttir.

19. febrúar

Stórsvíg karla kl. 07.00/10.30

Einar Kristinn Kristgeirsson og

Brynjar Jökull Guðmundsson.

21. febrúar

Svíg kvenna kl. 10.45/16.15

Helga María og Erla.

22. febrúar

Svíg karla kl. 10.45/16.15

Einar Kristinn og Brynjar Jökull.

# Draumur frá því ég var lítill

Vesturbæingurinn Brynjar Jökull Guðmundsson er klár í slaginn fyrir Vetrarólympíuleikana í Sotsj. Aldursforsetinn hjá alpagreinafólkinu segir sjálfstraustið gott og reiknar með miklu ævintýri í Rússlandi.

**ÓL2014** „Ég byrjaði hjá KR en flutti mig yfir í Víking þegar ég var ellefu ára. Þá var þetta orðið meira fjölskyldusport en ég vildi meiri keppni,“ segir Ólympíufarinn Brynjar Jökull Guðmundsson. Vesturbæingurinn er mættur til Sotsj í Rússlandi þar sem Vetrarólympíuleikarnir voru settir í gær. Hann viðurkennir að draumur sé að verða að veruleika.

„Dreymir ekki flesta í einstaklingsíþróttum um að komast á svona stað? Þetta hefur verið draumur hjá mér frá því ég var lítill,“ segir Brynjar sem mun keppa í svigi og stórsvigi á leikunum. Skíðakappinn hávaxni hefur verið í landsliði Íslands undanfarin fjögur ár og verið undir Ólympíuviðmiðinu síðan á leikunum í Vancouver 2010.

„Þetta er náttúrulega frábært og þvíflikt ævintýri.“

### Einn mánuður á Íslandi frá ágúst

Brynjar hefur líkt og félagar hans í landsliðinu dvalið erlendis stóran hluta ársins undanfarin misseri. Þá sérstaklega síðastliðin þrjú ár.

„Þá flutti ég til Svíþjóðar og fór í skíðaháskóla þar sem þáverandi landsliðspjálfari í alpagreinum hjálfaði,“ segir Brynjar sem er á 25. aldursári. Háskólinn var í samstarfi við sænska skíðasambandið og æfði Brynjar með bestu skíða-



**ÍSLENSKI HÓPURINN** Tekið var á móti íslenska hópnum með formlægum hætti í Ólympíuþorpinu í Sotsj í vikunni. Brynjar Jökull er þriðji frá vinstri af þeim sem krjúpa.

MYND/ÍFÍ

köppum Svíþjóðar í sínum aldursflokki. Frá því í ágúst hefur hann svo verið á ferð og flugi í Austurríki og Noregi.

„Ætli ég hafi ekki verið samantlagt einn mánuð á Íslandi síðan í ágúst,“ segir Brynjar Jökull sem keppti á nokkrum mótum á Norðurlöndunum í desember. Þá vildi hann bæta árangur sinn í aðdrag-

anda Sotsj til að bæta stöðu sína.

„Það styrkti stöðu mína gífurlega. Ég fékk stig á tveimur mótum sem hjálpaði mikið til,“ segir Brynjar Jökull. Svigið er sérgrein Víkingsins sem ætlar þó líka að fara af fullum krafti í stórsvigið. „Hugurinn er samt í sviginu.“

Brynjar er langelstur af þeim fjórum sem keppa fyrir Íslands hönd í alpagreinum. Hann segir það synd hvernig þróunin hafi verið undanfarin ár. Jafnaldrar hans hafi gefist upp á íþróttinni.

„Það er samt ekkert skrytið því það er svo lítill snjór á Íslandi og erfitt að stunda þetta sport.“

Maður verður að vera í útlöndum ef maður ætlar að gera þetta af einhverju viti.“

Hann horfir bjartsýnum augum fram á veginn og rifjar upp góðan árangur á heimsmeistaramótinu í Schladming fyrir ári. Þá var hann 34. í rásröð í undankeppninni en komst í úrslitin. Þar var hann 73. í rásröðinni en lauk leik í 39. sæti. „Að hafna í topp fjórutíu með öllum þessum bestu þykir nokkuð fínt,“ segir Brynjar Jökull. Hann er fullur tilhlökkunar fyrir leikana í Rússlandi. „Sjálfsstraustið er gott og þetta verður æðislegt.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

# Afreksstyrkir Landsbankans

**Samfélagssjóður Landsbankans** veitir þrjár milljónir króna í afreksstyrki. Markmiðið með veitingu styrkjanna er að styðja við bakið á afreksfólki sem iðkar einstaklings- eða paraíþróttir. Einnig verða veittir styrkir til ungs íþróttafólks sem á framtíðina fyrir sér.

### Afreksstyrkir Landsbankans

400.000 kr. hver styrkur.

### Afreksstyrkir framtíðarinnar

200.000 kr. hver styrkur.

Umsóknarfrestur vegna afreksstyrkja er til og með mánudeginum **10. febrúar 2014**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir en afreksstyrkir eru veittir annað hvert ár.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



**BARÁTTA** Luis Suarez og Bacary Sagna í hanaslag í fyrri leik liðanna í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Arsenal vill sýna gæði liðsins á Anfield

Liverpool tekur á móti Arsenal í stórleik helgarinnar.

**FÓTBOLTI** Fyrsti leikur helgarinnar í enska boltanum er af stærri gerðinni. Þá tekur Liverpool á móti toppliði Arsenal í sannkölluðum stórslag.

Arsenal ferðast á Anfield með tveggja stiga forskot á keppinautana í farteskinu. Liverpool er átta stigum á eftir Arsenal í fjórða sætinu og þarf sárlega á sigri að halda til þess að vera með í baráttunni um titilinn. Það verður þó ekki

auðvelt því Arsenal hefur ekki tapað síðustu átta leikjum sínum. Þó að Arsenal sé á toppnum spá flestir því að annaðhvort Man. City eða Chelsea vinni deildina. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er meðvitadur um það.

„Við viljum sannfæra fólk um að við höfum gæðin til þess að vinna deildina,“ sagði Wenger en Arsenal er á leið í mjög erfiðar vikur. Man. Utd bíður í næstu viku, svo er bikarslagur gegn Liverpool og loks leikur gegn Evrópumeisturum Bayern München í Meistaradeildinni.

„Við höfum barist fyrir því að komast í þessa stöðu og því verðum við að njóta okkar líka og gefa allt sem við eigum. Það væri gott að byrja þennan erfiða mánuð á flottum sigri.“

Sigur Chelsea á Man. City á dögunum sýndi að City-liðið er langt frá því að vera ósigrandi.

„Það er ekkert lið ósigrandi. Það eru mörg gæðalið í ensku úrvalsdeildinni og því verða lið að vera á tánum í hverjum leik til þess að eiga möguleika á titlinum.“ - hbg

### SPORT HD

#### LAUGARDAGUR

12.35 Liverpool-Arsenal Sport 2 &amp; HD

14.50 Chelsea-Newcastle Sport 2 &amp; HD

14.50 Norwich-Man. City Sport 3

14.50 Aston Villa-West Ham Sport 4

14.50 Southampton-Stoke Sport 5

14.50 Sunderland-Hull Sport 6

15.00 Crystal Palace-WBA Stöð 3

17.20 Swansea-Cardiff Sport 2 &amp; HD

18.50 Real Madrid-Villarreal Sport 3

20.55 Almeria-Atletico Madrid Sport 3

#### SUNNUDAGUR

13.20 Tottenham-Everton Sport 2, HD

15.50 Man. Utd-Fulham Sport 2 &amp; HD

17.50 Sevilla-Barcelona Sport &amp; HD

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# MEST SELDI BÍLL Á ÍSLANDI 2013



## Nýr ŠKODA Octavia Combi

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

**ŠKODA Octavia Combi**  
kostar frá 3.970.000,-



Eyðsla frá 3,8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99 g/km



5 stjörnur í árekstrar-  
prófunum EuroNcap



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Áfrýjun skilaði engu

Cristiano Ronaldo farinn í þriggja leikja bann.

**FÓTBOLTI** Cristiano Ronaldo, leikmaður Real Madrid, sleppur ekki við þriggja leikja bann sem hann var úrskurðaður í eftir brottrekstur í leik liðsins gegn Bilbao á sunnudaginn.

Ronaldo áfrýjaði úrskurðinum og var væntanlega nokkuð bjartsýnn eftir að dómari leiksins var sendur í mánaðarlangt bann fyrir í dag.

En aga- og úrskurðarnefnd spænska knattspyrnusambandsins hafnaði áfrýjuninni og verður Ronaldo því í banni í næstu þremur leikjum.

Hann missir af leikjum liðsins gegn Villarreal, Getafe og Elche.

- tom



CRISTIANO RONALDO



JANUÁR / SÍA

ICELANDAIR 1011 Fjöllegt og þægilegt  
Coca-Cola Domino's SPORT 2 enski boltinn

SPORT 2 Laugardag kl. 12:35

## Liverpool Arsenal

Toppbaráttan í Ensku úrvalsdeildinni er mögnuð og feykisterkt lið Arsenal trónir á toppnum um þessar mundir. Liverpool-menn eru þó skammt undan með Suárez í eldlínunni og stefna á sinn fyrsta Englandsméistaralitil í 24 ár. Hverjir taka stigin þrjú á Anfield? Ekki missa af þessum risaslag á Stöð 2 Sport 2!

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# Með næringu í æð daginn fyrir bikarleik

Jón Arnór Stefánsson og félagar í CAI Zaragoza komust í undanúrslit spænska Konungsbikarsins í körfubolta með sigri á heimamönnum í Málaga fyrir framan 15.000 áhorfendur. Jón fékk næringu í æð degi fyrir leik vegna magavíruss.

**KÖRFUBOLTI** „Þessi vika er búin að vera sykursæt fyrir mig,“ segir Jón Arnór Stefánsson, landsliðsmaður í körfubolta, um síðustu daga í Málaga á Spáni þar sem lið hans CAI Zaragoza keppir í spænska Konungsbikarnum.

Zaragoza-liðið gerði sér lítið fyrir og vann flottan sigur á heimamönnum í Málaga fyrir framan um 15.000 áhorfendur og mætir stórlíði Real Madrid í undanúrslitum í dag. Jón Arnór var fávirkur í aðdraganda leiksins en spilaði samt í nýu mínútur og skoraði þrjú stig.

### Algjörlega örmagna

„Ég hef aldrei á ævinni verið svona veikur. Ég fékk svakalega slæman magavírus á þriðjudaginn og lá inni á spítala með næringu í æð allan miðvikudaginn. Ég hélt engu niðri og gat hvorki borðað né drukkið,“ segir Jón Arnór en allt var gert svo þessi öflugli leikmaður gæti beitt sér að einhverju leyti í leiknum.

„Mér var tjaslað saman og ég settur á pillukúr til að stoppa þetta. Þetta er búið að vera rosalega erfitt en það var auðvitað svakalega gaman að vinna leikinn, sérstaklega eftir að vera undir svona lengi og auðvitað fyrir framan þeirra áhorfendur. Stemningin var alveg geðveik.“

Jón Arnór spilaði í nýu mínútur í leiknum og það var meira en nóg. „Ég man voðalega lítið eftir seinni hálfleiknum, ég var svo örmagna. Við vorum mest 13 stigum undir en eftir að ég kom inn á fórum við að sigla fram úr. Við spiluðum alveg hörkuvörn. Við vorum komnir 6-7 stigum yfir þegar ég var tekinn út af og guð, hvað ég var feginn. Ég skræið nánast út af ég var svo örmagna. En strákarnir spiluðu frábærlega og kláruðu þetta,“ segir hann.

### Árshátíð körfuboltans

Spænski Konungsbikarinn fer fram þegar deildakeppnin er hálfnuð en þá mæta átta efstu lið ACB-deildarinnar, þeirrar efstu á Spáni sem er sú sterkasta í Evrópu, á einn stað, að þessu sinni til Málaga, og afgreiða bikarinn á langri helgri. Mikil stemning myndast í kringum keppnina sem er ein sú stærsta og virtasta í Evrópu.

„Það er ekki bara út af körfuboltanum sjálfum heldur líka því að þetta er hálfgerð árshátíð körfuboltans hérna. Hérna hittast allir umbodsmennirnir og aðrir viðskiptamenn og klára mikið af samningum og ræða körfubolta. Það er gaman að sjá öll þessi stóru andlit í hótelanddyrinu en öll liðin eru saman á hóteli. Svo er bara



UNDANÚRSLIT Jón Arnór og félagar í Zaragoza mæta stórlíði Real Madrid í undanúrslitum spænska Konungsbikarsins í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Alltaf sagt að ég vilji halda Öqvist

Svínni Peter Öqvist, sem þjáfað hefur íslenska landsliðið í körfubolta undanfarin tvö ár, liggur nú undir feldi og íhugar tilboð Körfuknattleiksambands Íslands um að halda áfram með liðið.

Undir hans stjórn hefur liðið tekið miklum framförum en það vann glæsilega sigra á Makedóníu og Svartfjallalandi í fyrra auk þess sem það var ekki langt frá því að komast í umspil um sæti á EM 2015 síðasta sumar.

Jón Arnór vonar að Öqvist haldi áfram. „Ég hef alltaf sagt að ég vilji halda í Peter. Við höfum verið að bæta okkur í hans kerfi,“ segir hann en áttar sig þó á að erfitt gæti verið að halda Svíanum þar sem sambandið hefur ekki mikið á milli handanna. En það kristallaðist á dögnum þegar framkvæmdastjórinn Friðrik Ingi Rúnarsson þurfti að láta af störfum.

„Ég hugsa að það verði erfitt að halda honum þannig að ég veit ekki hvað verður. En ég treysti honum klárlega til að halda áfram með liðið og gera okkur enn betri,“ segir Jón Arnór.



brjáluð stemning í bænum, auglýsingaskilti úti um allt og troðfull höll á öllum leikjum,“ segir Jón Arnór.

### Ætlum að njóta leiksins

Við ramman reip verður að draga í undanúrslitaleiknum þar sem Zaragoza-menn mæta stórlíði Real Madrid. Jón Arnór er máturega bjartsýnn fyrir leikinn. „Það

hefði verið skemmtilegra að mæta öðru liði og eiga séns á að komast í úrslitaleikinn. Við ætlum bara að njóta leiksins og njóta þess að spila við þá bestu. Real Madrid er með besta liðið í Evrópu í dag þannig að þetta verður rosalega erfitt. En við ætlum bara að sýna hvað við getum og halda höfðinu eins hátt og við getum,“ segir Jón Arnór Stefánsson. tom@frettabladid.is

## Hefur ekki áhyggjur af Vidic

David Moyes, stjóri Man. Utd, segir að Vidic muni standa sína plikt áfram.

**FÓTBOLTI** David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, telur að tilkynningin um brottfarir Nemanja Vidic frá liðinu í sumar komi sér ekki illa fyrir Englandsméistarana á þessum tímamarki.

Staðfest var á þriðjudagskvöldi að fyrirliðinn yfirgefi Manchester United í sumar þegar samningur hans rennur út. Ítalska liðið Inter er líklegur áfangastaður hjá Serbanum.

Moyes hefur engar áhyggjur af Vidic og staðfesti á blaðamannafundi í dag að hann yrði áfram fyrirliði liðsins.

„Maður hefur ekki áhyggjur

af manni eins og Vidic, vitandi hvornig mann hann hefur að geyma. Hann er mikill leiðtogi innan félagsins og hefur þjónað því gríðarlega vel. Ég býst við að hann haldi því áfram þar til yfir lýkur,“ sagði Moyes.

„Það var engin sérstök ástæða fyrir þessu. Þetta var ákvörðun sem tekin var í sameiningu. Honum fannst þetta réttur tímamunktur til að fara. Við komumst bara yfir það og höldum áfram,“ sagði David Moyes.

Serbin sterkli gekk í raðir Man. Utd árið 2006 frá Spartak Moskvu. Hann hóf feril sinn hjá Rauðu stjórnunni í Belgrad.

- tom



Á FÖRUM Vidic yfirgefur Man. Utd eftir tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# POLLAPÖNK GALLAR Í HAGKAUP

**KOLLA  
PÖNK**

**HENSON**



**GALLI**  
st. 98-116  
**6.999**

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

## SUNNUDAGUR

### Stöð 2 kl. 13.00

#### Mikael Torfason – Mín skoðun



Þjóðmáláttur í umsjá Mikæls Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá. Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og þau rædd frá öllum hliðum. Sanngjarn og heiðarlegur áttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál á Íslandi varða. Meðal sérfræðinga þáttarins eru þau Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir.

## Í KVÖLD



### Ísland Got Talent

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppninnar er sjónvarpsmaðurinn góðkenni Auðunn Blöndal og dómarmar eru Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



### Djúpið

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Mögnuð mynd Baltasars Kormáks með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki sem byggir á sannri sögu og segir frá þeim einstæða atburði þegar einn sjómaður náði að bjarga lífi sínu eftir að bátur hans fórst.



### Saga Eimskipafélags Íslands

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.40** Saga Eimskipafélags Íslands er samofin þjóðarsögu Íslendinga. Stofnun þess var þáttur í sjálfstæðisbaráttunni og starfs saga félagsins endurspeglar þróun atvinnulífs á Íslandi. Seinni hluti.

### Bylgjan kl. 10.00 Sprengisandur

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í Stjórnmalamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.



# habitat

## TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 | Sími 564 4400 | VEFVERSLUN Á WWW.VTEKK.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA - LAUGARDAGA 11-18, SUNNUDAGA 13-18

**20% afsl.** DRIO borðstofuborð 120/245x98cm Verð 116.000 kr. Áður 145.000 kr.

**30% afsl.** BAYAM sófi frá Habitat Verð 157.500 kr. Áður 225.000 kr.

**Útsala! Allt að 60% afsl.**

**50% afsl.** CALIPSO kertastjaki Verð 6.950 kr. Áður 13.900 kr.

**30% afsl.** ALIUM loftljós Verð 2.730 kr. Áður 3.900 kr. Nokkrir litir

**40% afsl.** RIBBON lampi frá Habitat Verð 19.250 kr. Áður 27.500 kr.

**30% afsl.** TAKE 5 veggklukka frá Umbra Verð 7.440 kr. Áður 12.400 kr.

**30% afsl.**

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 09.15 Latibær
- 09.40 Kalli litli kanína og vinir
- 10.00 Grallararnir Kalli kanína og félagar hans
- 10.25 Tom and Jerry
- 10.30 Ben 10
- 10.50 Victorious
- 11.15 Nágrannar
- 13.00 Mikael Torfason - mín skoðun
- 13.50 Spaugstofan
- 14.20 Spurningabomban
- 15.15 Heilsugengið
- 15.45 Um land allt
- 16.15 Á fullu gazi
- 16.35 The Big Bang Theory
- 17.00 Eitthvað annað
- 17.35 60 mínútur (18:52)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Sportpakkinn
- 19.10 Sjálfstætt fólk (21:30)
- 19.45 Ísland Got Talent
- 20.35 Breathless (6:6)
- 21.25 The Following (3:15)
- 22.10 Banshee (5:10)
- 23.00 60 mínútur
- 23.45 Mikael Torfason - mín skoðun
- 00.30 Daily Show. Global Edition
- 00.55 Nashville
- 01.40 Mayday
- 02.40 American Horror Story. Asylum
- 03.25 Mad Men
- 04.10 The Untold History of The United States
- 05.10 Ísland Got Talent
- 05.55 Fréttir

## SPORT

- 06.50 Brun karla Bein útsending
- 09.10 Snjóbreitaprautir kvenna. Úrslit Bein útsending
- 10.30 30 km skíðaganga karla Bein útsending
- 11.30 3000m skautahlaup kvenna Bein útsending
- 14.30 7,5 km skíðaskotfimi kvenna Bein útsending
- 16.10 ÓL 2014 - samantekt
- 16.40 Luge sleðabrun karla. 3. umferð Bein útsending
- 18.25 Skíðastökk karla Bein útsending
- 19.10 Rússland - Þýskaland
- 21.25 Sportsþjallið Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
- 22.00 ÓL 2014 - samantekt
- 22.35 Listhlaup. Liðakeppni

## SPORT 2

- 08.20 Norwich - Man. City 10.00 Chelsea - Newcastle 11.40 Swansea - Cardiff 13.20 Tottenham - Everton Bein útsending
- 15.50 Man. Utd. - Fulham Bein útsending
- 18.00 Liverpool - Arsenal 19.40 Tottenham - Everton 21.20 Man. Utd. - Fulham 23.00 Aston Villa - West Ham 00.40 Southampton - Stoke

## INN

- 14.00 Frumkvöðlar 14.30 Eldhús Meistaranna 15.00 Vafrað um Vesturland 15.30 Stormað um Hafnarfjörð 16.00 Hrafnaþing 17.00 Stjórnarráðið 17.30 Skuggaráðuneytið 18.00 Árni Páll 18.30 Tölur, tækni og kennsla. 19.00 Fasteignafloren 19.30 Á ferð og flugi 20.00 Hrafnaþing 21.00 Auðlindakistan 21.30 Fiskikóngurinn 22.00 Hrafnaþing 23.00 ABC Barnahjálpið 23.30 Eldað með Holta

## STÖÐ 3

- 06.10 Tónlistarmyndbönd
- 16.10 H8R
- 16.50 Þriðjudagskvöld með Frikka Dör
- 17.20 The Amazing Race
- 18.05 Offspring
- 18.50 Mad
- 19.00 Bob's Burgers
- 19.25 American Dad
- 19.50 The Cleveland Show
- 20.10 Unsupervised (4:13)
- 20.35 Brickleberry (4:10)
- 20.55 Dads (13:22)
- 21.20 Mindy Project (22:24)
- 21.40 Do No Harm (10:13)
- 22.25 The Glades (6:13)
- 23.10 The Vampire Diaries
- 23.50 Bob's Burgers
- 00.15 American Dad
- 00.40 The Cleveland Show
- 01.00 Unsupervised
- 01.20 Brickleberry
- 01.45 Dads
- 02.10 Mindy Project
- 02.30 Do No Harm
- 03.15 Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

- 07.00 Ljótí andurunginn og ég 07.23 Elías 07.34 Ævintýraferðin 07.47 UKI 07.52 Tommi og Jenni 08.00 Dóra könnuður 08.24 Mörgæisnar frá Madagaskar 08.46 Dóddi litli og Eyrnastór 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveinsson 09.46 Hvellur keppnisbill 09.56 Rasmus Klumpur og félagar 10.00 Lukku láki 10.22 Ofurhundurinn Krypto 10.43 Skoppa og Skríttla 10.55 Mamma Mu 11.00 Ljótí andurunginn og ég 11.25 Elías 11.36 Ævintýraferðin 11.48 UKI 11.53 Tommi og Jenni 12.00 Dóra könnuður 12.24 Mörgæisnar frá Madagaskar 12.46 Dóddi litli og Eyrnastór 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveinsson 13.46 Hvellur keppnisbill 13.56 Rasmus Klumpur og félagar 14.00 Lukku láki 14.22 Ofurhundurinn Krypto 14.43 Skoppa og Skríttla 14.55 Mamma Mu 15.00 Ljótí andurunginn og ég 15.25 Elías 15.36 Ævintýraferðin 15.48 UKI 15.53 Tommi og Jenni 16.00 Dóra könnuður 16.24 Mörgæisnar frá Madagaskar 16.46 Dóddi litli og Eyrnastór 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveinsson 17.46 Hvellur keppnisbill 17.56 Rasmus Klumpur og félagar 18.00 Lukku láki 18.22 Ofurhundurinn Krypto 18.43 Skoppa og Skríttla 18.55 Mamma Mu 19.00 Litla stóra Pandan 20.25 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.20 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (14:22)
- 20.00 Viltu vinna milljón?
- 20.45 Króniken (14:22)
- 21.45 Örnin (14:24)
- 22.45 Ally McBeal (15:23)
- 23.30 Without a Trace
- 00.15 Viltu vinna milljón?
- 01.00 Króniken
- 02.00 Örnin
- 03.00 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 08.50 The River Why 10.35 Last Night 12.05 The Young Victoria 13.50 Story Of Us 15.25 The River Why 17.10 Last Night 18.40 The Young Victoria 20.25 Story Of Us 22.00 Djúpið 23.30 The Lincoln Lawyer 01.25 Red Dawn 02.55 Djúpið

## RÚV

- 07.00 Morgunstundin okkar
- 09.10 Vetrarólympíuleikar - Snjóbreitti Bein útsending frá keppni í snjóbreitta
- 10.30 Herkúles
- 10.52 Chaplin
- 11.00 Sunnudagsmorgunn Gísli Marteinn Baldursson fær til sín gesti og ræðir við þá um málefni líðandi stundar. Stjórn útsendingar. Jón Egill Bergþórsson.
- 12.15 Vetrarólympíuleikar - Göngu-skíði Sínt frá keppni í 2 x 15 km göngu karla
- 14.20 Vetrarólympíuleikar - Skíðaskotfimi Bein útsending frá keppni í 7,5 km skíðaskotfimi kvenna.
- 16.20 Söngvakeppnin 2014
- 17.40 Tákn málsfréttir
- 17.50 Poppý kúsluð
- 18.00 Stundin okkar
- 18.25 Basi er búskapur
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.40 Landinn
- 20.10 Brautryðjendur (1:8) (Katrín Þorkelsdóttir og Dóra Hlín Ingólfssdóttir) í þáttunum sem eru átta talsins ræðir Þóra Arnórsdóttir við konur sem hafa rutt brautina á hinum ýmsu sviðum mannlífsins.
- 20.40 Saga Eimskipafélags Íslands (2:2) (Seinni hluti) Saga Eimskipafélags Íslands er samofin þjóðarsögu Íslendinga. Stofnun þess var þáttur í sjálfstæðisbaráttunni og starfs saga félagsins endurspeglar þróun atvinnulífs á Íslandi.
- 21.20 Erfingjarnir (6:10) (Arvingerne)
- 22.20 Vetrarólympíuleikar - Listdans á skautum
- 00.25 Sunnudagsmorgunn
- 01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök
- 01.45 Næturvarp
- 06.30 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 12.45 Dr. Phil
- 14.15 Once Upon a Time
- 15.05 7th Heaven
- 15.55 Family Guy
- 16.20 Made in Jersey
- 17.10 Parenthood
- 18.00 Friday Night Lights
- 18.45 Hawaii Five-0
- 19.35 Judging Amy
- 20.20 Top Gear (4:6)
- 21.10 Law & Order (1:22)
- 22.00 The Walking Dead (6:16)
- 22.50 The Biggest Loser - Ísland
- 23.50 Elementary
- 00.40 Scandal
- 01.30 The Walking Dead
- 02.20 The Bridge
- 03.10 Beauty and the Beast
- 04.00 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 13.00 Golfing World 2014 13.50 US Open 2007 16.15 PGA Tour 2014 - Highlights 17.10 Golfing World 2014 18.00 PGA Tour 2014 23.30 Inside The PGA Tour 2014

- ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útv. Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

# LAGERSALA!

Mörkinni 1

**40 - 70%**  
**AFSL. AF FLÍSUM**  
**OG PARKETI**

Gólfflísar frá kr. 1.797,- fm.

Veggflísar frá kr. 1.345 fm.

Harðparket AC5 frá kr. 1.980,- fm

Parket eik litað 3-stafa frá kr. 2.990,- fm

**Opið laugardag 11 - 17**

**sunnudag 13 - 17**

**GALLERY GÓLF**

**PARKET & FLÍSAR**

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 [www.gallerygolf.is](http://www.gallerygolf.is)

## LAUGARDAGUR

### Martin Lawrance

„Ég er mjög stoltur af því að guð veitti mér þá blessun að geta séð, að þó að menn lendi í vandræðum og misstígi sig, eigi þeir möguleika á að ná sér aftur á strik og yfirstíga vandamálin. Vonandi læri ég af mínum mistökum og verð sterkari og betri einstaklingur fyrir vikið.“

Leikarinn Martin Lawrance leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni *Big Mommas. Like Father, Like Son* sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld klukkan 20.10.



### Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

#### AÐALHEIÐUR YR ÓLAFSDÓTTIR, KEPPANDI Í MÓDEL-FITNESS

##### Horfi á raunveruleikabætti

Ég horfi ekki mikið á sjónvarp því ég vinn mikið og æfi einnig mikið. Ég horfi meira á þætti í tölvunni. Ég hef mest gaman af matreiðsluþáttum og raunveruleikabáttum.



**1 Biggest Loser**  
Mér þykir þessi þættir mjög skemmtilegir og sérstaklega þessi íslenska útgáfa.



**2 Keeping Up with the Kardashians**  
Það er gaman að fylgjast með glamúrflífinu í kringum systurnar.



**3 Modern Family**  
Þetta eru vel skrifaðir þættir og mér þykir persónurnar einnig skemmtilegar.

### Bylgjan kl. 16.00 Veistu hver ég var?

Siggi Hlö stjórna einum vinsælasta útvarpsþætti landsins. Aðalsmerki þáttarins er tónlist frá níunda áratug síðustu aldar. Eitfs.



## NÝSTÁRLEG BARNABIBLÍA

### KEMUR SAMTÍMIS ÚT Á NORÐURLÖNDUM!

Bókin geymir 68 endursagnir handa börnum á Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.



Fimmtán rithöfundar og fimmtán myndskreytar frá Norðurlöndum túlka sögur Biblíunnar í orðum og myndum út frá sjónarhóli barnsins og höfðu þeir frjálsar hendur til þess.

Hér er það gleðin og kímnin sem ræður ríkjum í skemmtilegum sögum Biblíunnar. Fyrir börn sex ára til 106 ára!

Á tilboði í verslunum Eymundsson um land allt og í Kirkjuhúsinu, Laugavegi 31.

### Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan

Laugavegi 31 · 101 Reykjavík · Sími 528 4200  
www.skalholtsutgafan.is · skalholtsutgafan@skalholtsutgafan.is

### STÖÐ 2

- 07.00 Barnaefni Stöðvar 2
- 10.35 Scooby-Doo! Mystery Inc.
- 10.55 Young Justice
- 11.20 Big Time Rush
- 11.45 Bold and the Beautiful
- 13.30 Ísland Got Talent
- 14.20 Hello Ladies
- 14.50 Veep
- 15.20 Kolla
- 15.55 Sjálfstætt fólk
- 16.30 ET Weekend
- 17.15 Íslenski listinn
- 17.45 Sjáðu
- 18.13 Leyndarmál vísindanna
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.50 Íþróttir
- 18.55 Modern Family
- 19.15 Lottó
- 19.20 Two and a Half Men (5:22)
- 19.45 Spaugstofan.
- 20.10 Big Mommas. Like Father, Like Son.
- 22.00 Hitchcock Stórmynd sem fjallar um stormasamt samband Alfreds Hitchcock og leikkonunnar Ölmú Reville. Með aðalhlutverk fara Sir Anthonys Hopkins, Helen Mirren og Scarlett Johansson.
- 23.35 44 Inch Chest
- 01.05 The Keeper
- 02.40 Milk
- 04.45 Ísland Got Talent
- 05.30 Fréttir

### SPORT

- 08.40 Snjóbrettaprautir karla. Úrslit Bein útsending
- 09.50 15 km skíðaganga kvenna Bein útsending
- 11.00 Snæfell Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfubolta.
- 11.25 5000m skautahlaup karla Bein útsending
- 14.20 10 km skíðaskotfimi karla Bein útsending
- 16.10 Listhlaup liða. Konur (Skyldu-æfingar) Bein útsending frá listhlaupi á skautum á Ólympíuleikunum í Sotsjí.
- 18.00 Hólasvíg kvenna. Úrslit Bein útsending.
- 19.30 Bandaríkin - Finnland
- 22.00 ÓL 2014 - samantekt
- 22.35 Gummersbach - Kiel
- 23.55 Snæfell Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 00.25 Real Madrid - Villarreal

### SPORT 2

- 09.55 Man. City - Chelsea
- 11.35 Enska úrvalsdeildin - upphitun
- 12.05 Match Pack
- 12.35 Liverpool - Arsenal Beint
- 14.50 Chelsea - Newcastle Beint
- 17.20 Swansea - Cardiff Beint
- 19.30 Norwich - Man. City
- 21.10 Aston Villa - West Ham
- 22.50 Southampton - Stoke
- 00.30 Sunderland - Hull
- 02.10 Crystal Palace - WBA

### INN

- 17.00 ABC Barnahjálpið 17.30 Eldað með Holta
- 18.00 Hrafnáþing 19.00 ABC Barnahjálpið
- 19.30 Eldað með Holta 20.00 Hrafnáþing
- 21.00 Stjórnarráðið 21.30 Skuggaráðuneytið
- 22.00 Árni Páll 22.30 Tölvur, tækni og kennsla.
- 23.00 Fasteignaflokan 23.30 Á ferð og flugi
- 00.00 Hrafnáþing

### ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

### STÖÐ 3

- 13.50 Junior Masterchef Australia
- 14.35 The Cleveland Show
- 14.55 Premier League 2013/14 Bein útsending frá leik Crystal Palace og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.00 American Idol
- 19.10 Jamie and Jimmy's Food Fight Club
- 19.55 Raising Hope (22:22)
- 20.20 Don't Trust the B\*\*\* in Apt 23 (16:19)
- 20.40 Cougar town 4 (6:15) Fjórða þáttaröð þessara frábæru gamanþátta með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs.
- 21.05 Dark Blue (9:10) Spennuþáttaröð með Dylan McDermott í aðalhlutverki. Hann leikur hörkutólið Carter Shaw sem fer fyrir sérsveit lögreglunnar í Los Angeles í baráttunni við verstu glæpamenn borgarinnar.
- 21.50 Afterwards
- 23.25 Six Bullets
- 01.15 Unsupervised
- 01.35 Brickleberry
- 02.00 Dads
- 02.20 Mindy Project
- 02.40 Do No Harm
- 03.25 Jamie and Jimmy's Food Fight Club
- 04.15 Raising Hope
- 04.40 Don't Trust the B\*\*\* in Apt 23
- 05.00 Cougar town 4
- 05.25 Dark Blue

### Krakkastöðin

- 07.46 Hvellur keppnisbíl 07.56 Rasmus Klumpur og félagar 08.00 Lukku láki 08.22 Ofurhundurinn Krypto 08.43 Skoppa og Skríttla 08.55 Mamma Mu 09.00 Ljótí andarunginn og ég 09.23 Elías 09.34 Ævintýraferðin 09.47 UKI 09.52 Tommi og Jenni 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 10.46 Doddi litli og Eyrnastór 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.46 Hvellur keppnisbíl 11.56 Rasmus Klumpur og félagar 12.00 Lukku láki 12.22 Ofurhundurinn Krypto 12.43 Skoppa og Skríttla 12.55 Mamma Mu 13.00 Ljótí andarunginn og ég 13.25 Elías 13.36 Ævintýraferðin 13.48 UKI 13.53 Tommi og Jenni 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 14.46 Doddi litli og Eyrnastór 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.46 Hvellur keppnisbíl 15.56 Rasmus Klumpur og félagar 16.00 Lukku láki 16.22 Ofurhundurinn Krypto 16.43 Skoppa og Skríttla 16.55 Mamma Mu 17.00 Ljótí andarunginn og ég 17.25 Elías 17.36 Ævintýraferðin 17.48 UKI 17.53 Tommi og Jenni 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsinn frá Madagaskar 18.46 Doddi litli og Eyrnastór 19.00 Paranorman 20.30 Sögur fyrir svefninn

### GULL

- 17.55 Strákarnir 18.20 Friends 18.45 Seinfeld 19.10 Modern Family 19.35 Two and a Half Men 20.00 The Practice (3:13) 20.50 Footballer's Wives (6:8) 21.45 Hlemmavídeó (10:12) 22.15 Entourage (10:12) 22.45 Wipeout - Ísland 23.30 Króniken 00.30 Örn 01.30 The Practice 02.15 Footballer's Wives 03.05 Hlemmavídeó 03.30 Entourage 04.00 Wipeout - Ísland 04.45 Tónlistarmyndbönd

### BÍÓ

- 08.00 The American President
- 09.45 Diary Of A Wimpy Kid. Dog Days
- 11.20 Solitary Man
- 12.50 In Her Shoes
- 14.55 The American President
- 16.45 Diary Of A Wimpy Kid. Dog Days
- 18.20 Solitary Man
- 19.50 In Her Shoes
- 22.00 Behind The Candelabra
- 00.00 The Escapist
- 01.40 Coriolanus
- 03.40 Behind The Candelabra

### RÚV

- 05.25 Vetrarólympíuleikar - Brekkuat Bein útsending
- 07.15 Morgunstundin okkar
- 08.40 Vetrarólympíuleikar - Snjóbretti Bein útsending
- 09.55 Vetrarólympíuleikar - Gönguskíði Bein útsending
- 10.55 Gettu betur
- 12.00 Aldamótabörn - Unglingsárin
- 13.00 Duran Duran Upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar Duran Duran í Manchester í desember 2011.
- 14.05 Mótorsystur
- 14.20 Vetrarólympíuleikar - Skíðaskotfimi Bein útsending
- 16.25 Minnisverð máltíð - Ole Boredal
- 16.35 Stundin okkar
- 17.00 Grettir
- 17.15 Ævar vísindamaður (2:8) Ævar vísindamaður er glæný þáttaröð fyrir krakka á öllum aldri, stúfúll af æsispennandi tilraunum og fróðleik.
- 17.40 Gunnar Gunnar „á völlum“ stýrir umræðuþætti sem gæti verið sá besti í íslenskum fjölmiðlum í dag.
- 17.50 Tánmálsfréttir
- 18.00 Vetrarólympíuleikar - Listdans á skautum Bein útsending.
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.45 Söngvakeppnin 2014 (2:3) Seinni undanúrslitabáttur Söngvakeppninnar 2014 í sjónvarpsal.
- 21.00 Sherlock Holmes (2:3) Sherlock Holmes snýr aftur í nýrri vandaðri þáttaröð frá BBC.
- 22.30 Pappírsmáður (Paper Man) Jeff Daniels, Emma Stone, Ryan Reynolds og Lisa Kudrow fara öll með hlutverk í þessari hjartnæmu gamanmynd um vináttu tveggja ólíkra einstaklinga að viðbætti ímyndaðri ofurhetju sem skiptir sér sí og æ af lífi þeirra.
- 00.20 Blóð - Síðasta vampírinn
- 01.45 Næturvarp
- 06.30 Dagskrárlok

### SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 10.45 Dr. Phil
- 13.00 Top Chef
- 13.50 Got to Dance
- 14.40 Svái & Svavar
- 15.20 The Biggest Loser - Ísland
- 16.20 Sean Saves the World
- 16.45 Judging Amy
- 17.30 90210
- 18.20 Franklin & Bash
- 19.10 7th Heaven
- 20.00 Once Upon a Time (5:22).
- 20.50 Made in Jersey (2:8).
- 21.40 Monster in Law Bandarísk kvikmynd frá árinu 2005 með Jennifer Lopez og Jane Fonda í aðalhlutverkum. Charlotte hefur loks fundið draumaprinsinn eftir reifstígu einhleypunnar en þegar allt virðist ætla að ganga upp kemur móðir hennar til skjalanna.
- 23.25 Trophy Wife
- 23.50 Blue Bloods
- 00.40 Hawaii Five-0
- 01.30 Friday Night Lights
- 02.15 CSI. New York
- 03.05 Made in Jersey
- 03.55 The Mob Doctor
- 04.40 Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014 11.00 Golfing World 2014 11.55 Inside The PGA Tour 2014 12.20 2011 Augusta Masters 17.10 Golfing World 2014 18.00 PGA Tour 2014 23.00 Golfing World 2014

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,9 Lindin
- FM 97,7 X-ið
- FM 100,5 Kaninn
- FM 105,5 Útvarp Boðun

## LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR 20-50% AFSLÁTTUR

-30%



ACE tungusófi  
ATH. Breytanlegur í 3ja sæta og skemil  
Stærð: 236x155cm  
Verð: 185.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 129.500,-

-25%



FLAMINGO tungusófi  
Stærð: 275x191cm  
Verð: 253.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 189.750,-

-20%



GRANADA tungusófi  
Stærð: 290x167cm  
Verð: 235.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-

-20%



PINK DREAM tungusófi  
Stærð: 293x162cm  
Verð: 235.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-

-25%



NEW ENGLAND tungusófi  
Stærð: 252x165cm  
Verð: 209.000,-  
ÚTSÖLUVERÐ: 156.750,-

TWIST Stóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 8.950,-

-50%



LEON Stóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-

-25%



MONTANA Stóll  
ÚTSÖLUVERÐ: 13.425,-

-25%



**BILLY ELLIOT Í BORGARLEIKHÚSIÐ**

Magnús Geir, nýráðinn útvarpsstjóri, lét það verða eitt af síðustu verkum sínum í starfi Borgarleikhússtjóra að semja um að setja upp söngleikinn Billy Elliot í húsinu á næsta leikári. Það er ljóst að söngleikjaglaði Magnúsar hefur skilað sér vel til hússins, en spurningin er hvort arftaki Magnúsar sé jafn hrifinn. Metaðsókn var á Mary Poppins í uppsetningu Borgarleikhússins. Sýningin er sú víðamesta sem leikhúsið hefur lagt í, og var tilnefnd til átta Grímuverðlauna.



„Bandaríkin ná árangri þegar konur ná árangri.“

BARACK OBAMA BANDARÍKAFORSETI TALAR UM LAUNAMISMUN KYNJANNA.

**SKEMMTIATRÍÐI Í HÖFÐA**

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar og borgarstjórnar Reykjavíkur í Ráðhúsinu í gær áttu fulltrúar kröftug orðaskipti um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það var stutt í húmorinn og lauk Geir Kristinn Aðalsteinsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, ræðu sinni á að segjast hlakka til skemmtiatriðis Sóleyjar Tómasdóttur í fyrirhuguðum hátíðarkvöldverði í Höfða.

- ebg

**ÖNNUR KYNSLÓÐ Í EUROVISION**

Leik- og söngkonan Sigga Eyrún tekur þátt í undankeppni Eurovision með lagið Lífið kviknar á ný. Með henni á sviðinu er dansarinn Þórey Birgisdóttir og söngkonan Elísabet Skagfjörð. Þórey er dóttir Hlífur Þorgeirsdóttur sem dansaði með Páli Óskari á Írlandi árið 1997. Elísabet er dóttir söngkonunnar Guðrúnar Gunnarsdóttur sem hefur margoft tekið þátt í keppninni.

- lkg



SANNLEIKURINN Í MÁLI HARRYS QUEBERT EFTIR JOËL DICKER

**SAMFELLD SNILLD Á 700 SÍÐUM!**

HEFUR SELST Í YFIR TVEIMUR MILLJÖNUM EINTAKA

JOËL DICKER

**SANNLEIKURINN UM MÁL HARRYS QUEBERT**„Hrikalega ávanabindandi“  
LA VANGUARDIA

bjartur

Margverðlaunuð ástar- og glæpasaga

„Þú getur ekki hætt“  
ELLE

Fríðrik Rafnsson íslenskaði.



**SMÍÐAR SJÁLFUR** Jón Geir Jóhannsson, trommuleikari og trommusmiður, hefur smíðað trommur í tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Trommari sem smíðar sín eigin trommusett**

Jón Geir Jóhannsson, trommuleikari Skálmaldar og fleiri hljómsveita, smíðar sín eigin trommusett. Hann hefur á síðustu tíu árum smíðað fjögur heil trommusett.

„Ég er búinn að smíða fjögur heil trommusett en þetta byrjaði sem fikt fyrir svona fimmtán árum,“ segir Jón Geir Jóhannsson, trommuleikari og trommusmiður, sem spilar eingöngu á trommusett sem hann hefur smíðað sjálfur. Hann er líklega best þekktur sem trommuleikari Skálmaldar, Ampop, Hrauns og fleiri sveita.

Það var fyrst og fremst mikill áhuga á hljóðfærinu sem varð til þess að Jón Geir byrjaði að fíkta við trommusmiðina. „Ég er mikið trommunörd og þetta byrjaði með því að ég byrjaði að taka í sundur dótið mitt og fíkta.“ Hann byrjaði þó að smíða fyrir alvöru fyrir tíu árum og hefur á þeim tíma smíðað fjögur heil trommusett og 20 til 30 sneriltrommur. „Ég hef einu sinni keypt mér nýtt trommusett og það var árið 1992 en ég hef bara spilað á sett sem ég smíða síðustu tíu árin.

Ég er þó mest í því að smíða sneriltrommur,“ útskýrir Jón Geir.

Hann segist hafa sett sér það markmið að smíða nýtt trommusett fyrir hverja útgáfutónleika en það hefur þó ekki alveg gengið eftir. „Ég hef hins vegar alltaf bætt einhverju við trommusettið fyrir hverja útgáfutónleika.“

Fyrsta skrefið í trommusmiðuferli Jóns Geirs er að fara á ruslauga og finna felgur, rör eða aðra sívala hluti sem henta upp á stærð og hafa fallegan tón. „Að fara í Vöku og gramsa í körum fullum af felgum er eins og að vera í nammilandi,“ bætir Jón Geir við. Eftir að hafa fundið hentuga felgu er fyrsta skrefið að láta renna af henni brúnina sem heldur dekkjunum á. „Svo ákveð ég hvornig ég ætla að lakka hana og hvort ég ætli að spónleggja hana.“ Hann hefur einnig notað affallsrör úr sanddælskipi

„Að fara í Vöku og gramsa í körum fullum af felgum er eins og að vera í nammilandi.“

og á tvær þannig trommur. Þess má til gamans geta að önnur affallsrörtromman er til sýnis í Hljóðfærahusinu-Tónabúðinni.

Hvað tekur langan tíma að fullklára sneriltrommu þegar þú hefur fundið réttu felguna? „Það tekur allavega svona mánuð. Það þarf að biða eftir að lakkið þorni og svona. Ég hef reyndar hent óhemjumagni af trommum þar sem ég hef verið að prófa mig áfram og ekki verið sáttur við útkomuna.“

Hann hefur einnig smíðað trommur úr PVC-vatnslagnarörum, sem fást til dæmis í Vatnsvirkjanum. Þá hefur hann einnig smíðað nokkra viðarsnerla. [gunnarleo@frettabladi.is](mailto:gunnarleo@frettabladi.is)

**Leoncie er flutt aftur til Íslands**

Indverska prinsessan Leoncie er komin heim eftir að hafa búið á Englandi undanfarin ár. Hún kemur fram á tónleikum á Gauknum í kvöld og ætlar sér stóra hluti.

„Ég er flutt aftur til Íslands og er nú á fullu að koma mér fyrir hér í Keflavík,“ segir tónlistarkonan Leoncie sem kemur fram á tónleikum á Gauknum í kvöld. Hún segist jafnframt kunna vel við sig í Keflavík og að þar sé fólkið gott. Leoncie hefur undanfarin ár búið á Englandi í bæ skammt frá London. „Ég kann ekki vel við London, það er allt svo skítugt þar og vond lykt.“

Hún ætlar að stimpla sig inn í íslenskt þjóðlíf á ný með því að koma fram á tónleikum í kvöld. „Þetta eru fyrstu tónleikarnir mínir á Íslandi í tvö ár og ég hlakka mikið til,“ bætir Leoncie við. Hún kom talsvert fram á meðan hún bjó ytra en kom þá


helst fram á fyrirtækjafagnaði og minna á opinberum klúbbum. Þá hefur hún verið að semja kvikmyndatónlist fyrir Bollywood-myndir.

Leoncie er þó ekki eingöngu í tónlistarbransanum. „Ég vann meðal annars við að selja fasteignir á Englandi,“ segir Leoncie.

Hún segist jafnframt vera góður kokkur og að hún sé farin að hugsa til þess að opna alvöru indverskan veitingastað á Íslandi.

Tónleikar Leoncie fara fram á Gauknum í kvöld og verður húsíð opnað klukkan 21.00 og kostar þúsund krónur inn. Þá mun hún einnig árita hljómplötur sínar á staðnum.

- glp



**FLUTT TIL ÍSLANDS** Tónlistarkonan Leoncie er flutt til landsins og kemur fram á tónleikum í kvöld. MYND/EINKASAFN

# LAGERSALA!

## Mörkinni 1

# 40 - 70% AFSLÁTTUR

### Fyrstir koma, fyrstir fá!

Opið laugardag 11 - 17  
sunnudag 13 - 17

## HEIMA HÚSIÐ

### NÆRMYND



## Erla Ásgeirsdóttir

### Skíðakona og nemi

#### ALDUR 20 ár.

Erla Ásgeirsdóttir skíðakona fékk að vita með stuttum fyrirvara að hún fengi að keppa á Vetrarólympíuleikumum í Sotsjí.

„Erla hefur alltaf verið ákveðin í því sem hún tekur sér fyrir hendur, hvort sem það eru íþróttir, nám eða annað. Hún var með skýr markmið strax á unga aldri varðandi hvað hún vildi á skíðunum, en hún var líka alveg með það á hreinu hvað hún vildi ekki. Hún er með fullkunnunaráráttu, en er ljúf, góð og hvers manns hugljúfi, auk þess sem hún má ekkert aamt sjá.“



Ásgeir Magnússon, faðir

„Mér finnst eins og það hafi gerst í gær að pabbi minn sagði mér að ég hefði eignast litla systur! Ég var svo glöð. Enda ástæða til, ég eignaðist þessa líka frábæru systur og vin! Ákveðin, dugleg, góð og mikið keppnisskap eru fjögur góð orð til að lýsa Erlu með! Draumur hennar, og þar með allrar fjölskyldunnar, hefur ræst, hún er á leiðinni á Ólympíuleikana! Ég get ekki sagt en að ég sé stolt stóra systir!“



Þóra Björg Ásgeirsdóttir, systir

„Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um Erlu er hversu mikill klettur hún er. Erla er traust og góð vinkona og kemur alltaf til dyranna eins og hún er klædd. Ég er mjög þakklát fyrir að eiga hana sem vinkonu og veit ég að við munum alltaf vera vinkonur hvert sem leiðir okkar munu liggja.“



Hugrún Elvardsdóttir, vinkona og skíðafélagi.

MYND/SNORRI BJÖRNSSON

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið

**LEDARE** ljósaperur. LED  
200 lm. E14 **1.290,-**

**SPÖKA** náttljós. LED. H10cm  
Hvít/blátt **2.990,-**

**PATRULL** næturljós  
m/skynjara. LED. Ýmsir litir

**IKEA PS** vegg ljós. LED  
H30cm. Ýmsir litir **8.990,-**

# Upplýst framtíð

Fyrir hverja selda LEDARE ljósaperu á tímabilinu 3. febrúar til 29. mars gefur IKEA Foundation eina evru til Flóttamannahjálpar Sp. Samtökin munu hjálpa til við að bæta aðgang flóttamanna að lýsingu, endurnýjanlegri orku og grunnskólanámi.

LED er umhverfisvænasti ljósgjafinn á markaðnum, enda nota LED perur um 85% minna af orku en hefðbundnar ljósaperur. Hver pera endist í allt að 20.000 klst.

**DIODER** ljósalengjur  
m/fjarstýringu. LED. L25cm  
Marglitt **5.990,-/3 í pk.**

**JANSJÖ** ljóskastarar m/klemmu  
LED. H40cm. Ýmsir litir

**1.990,-/stk.**

**LJUSA** handdrifið  
vasaljós. LED. L17cm. Rautt **895,-**

**LEDARE** ljósapera  
LED. 200 lm  
GU 5,3 **1.290,-**

**ON SJÖ** ljóskróna  
LED. Hönnuður: Sigga Heimis. Ø70cm  
Krómað **11.990,-**

**995,-/stk.**

**LEDARE** ljósaperur. LED. 400 lm. E14 eða E27

**LEDBERG** ljósalengjur. LED  
L75cm. Hvítt **1.990,-/3 í pk.**

**SPÖKA** náttljós. LED  
H7cm. Hvítt/rautt **2.990,-**

**JANSJÖ** borðlampi. LED  
H60cm. Hvítt **2.490,-**  
Einnig til svart

**LEDARE** ljósaperur. LED  
Má nota m/ljósdeyfi. 600 lm. E27

**TISDAG** ljóskastari m/klemmu  
LED. Ø10cm. Hvítt **6.990,-**

**TISDAG** borðlampi. LED  
H58cm. Hvítt **11.990,-**

**VEITINGASTAÐURINN**

**445,-**

Febrúartilboð  
Plokkfiskur með rúgbrauði  
til að njóta á staðnum Verð áður ~~895,-~~

**Ilmandi fjör um helgina!**

Laugardag og sunnudag kl. 13-17  
kynnum við heima-  
pizzur, brauð- og kanil-  
stangir. Komdu, smakkaðu  
og lærðu handbrögðin.

**Verlun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)**